

Umsögn dómnefndar

skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla um umsækjendur um eitt embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólaráðs, eitt embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana og embætti sex dómara með fast sæti við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst voru laus til umsóknar í Lögbirtingablaði 1. september 2017.

Reykjavík, 21. desember 2017

Efnisyfirlit

1. Umsækjendur um hin auglýstu dómaraembætti.....	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	5
3. Um málsmeðferð dómnefndar	9
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	11
5. Mat á umsækjendum.....	40
5.1. Menntun og framhaldsmenntun	40
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	45
5.2. Reynsla af dómstörfum.....	46
5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður.....	50
5.3. Reynsla af lögmannsstörfum	51
5.3.1. Reynsla af lögmannsstörfum – samanburður	59
5.4. Reynsla af stjórnsýslustörfum.....	59
5.4.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður.....	68
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.....	68
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf	68
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	74
5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.....	74
5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður	78
5.6. Reynsla af stjórnun	78
5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður	83
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.....	84
5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	88
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi.....	88

5.9. Sérstök starfshæfni	91
6. Niðurstaða dómnefndar	92

1. Umsækjendur um hin auglýstu dómaraembætti

Með bréfi dagsettu 12. október 2017 fór settur dómsmálaráðherra þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla með síðari breytingum að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um átta embætti héraðsdómara sem auglýst voru laus til umsóknar 1. september 2017 í Lögbirtingablaði. Um er að ræða eitt embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólaráðs og jafnframt gegna stöðu dómstjóra við Héraðsdóm Vestfjarða, eitt embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana og embætti sex dómara með fast sæti við Héraðsdóm Reykjavíkur. Skipað verður í embætti dómara með starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða hið fyrsta eftir að dómnefndin hefur lokið starfi sínu en önnur embætti frá og með 1. janúar 2018.

Um embætti dómara með fast sæti við Héraðsdóm Reykjavíkur sóttu Anna Kristín Úlfarsdóttir, yfirlögfræðingur hjá landbúnaðarsýslu norska ríkisins, Anna Mjöll Karlsdóttir, yfirlögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, Arnaldur Hjartarson, aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn, Arnar Þór Jónsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Auður Björg Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður, Ásbjörn Jónasson, aðstoðarmaður héraðsdómara, Ásgeir Jónsson, hæstaréttarlögmaður, Ásgerður Ragnarsdóttir, hæstaréttarlögmaður, Ástráður Haraldsson, hæstaréttarlögmaður, Bergþóra Ingólfssdóttir, hæstaréttarlögmaður, Bjarnveig Eiríksdóttir, héraðsdómslögmaður, Brynjólfur Hjartarson, lögfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Daði Kristjánsson, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara, Guðfinnur Stefánsson, aðstoðarmaður héraðsdómara, Guðmundína Ragnarsdóttir, héraðsdómslögmaður, Guðmundur Örn Guðmundsson, héraðsdómslögmaður, Gyða Ragnheiður Bergsdóttir, aðstoðarmaður héraðsdómara, Hákon Þorsteinsson, aðstoðarmaður héraðsdómara, Helgi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, Hrannar Már Hafberg, ráðgjafi Fiskistofu, Indriði Þorkelsson, hæstaréttarlögmaður, Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, Jón Þór Ólason, héraðsdómslögmaður og lektor við Háskóla Íslands, Jónas Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður, Magnús Guðlaugsson, hæstaréttarlögmaður, Nanna

Magnadóttir, forstöðumaður úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál, Ólafur Freyr Frímannsson, héraðsdómslögmaður, Ólafur Karl Eyjólfsson, héraðsdómslögmaður, Pétur Dam Leifsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, héraðsdómslögmaður og lektor við Háskólann á Akureyri, Sigurður Jónsson, hæstaréttarlögmaður, Sonja María Hreiðarsdóttir, héraðsdómslögmaður hjá embætti borgarlögmanns, Sólveig Ingadóttir, aðstoðarmaður héraðsdómara, Stefán Erlendsson, héraðsdómslögmaður, Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara, Tómas Hrafn Sveinsson, hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Örn Elvarsson, héraðsdómslögmaður, Valborg Steingrímsdóttir, aðstoðarmaður héraðsdómara, Þór Hauksson Reykdal, forstöðumaður hjá Vinnumálastofnun, Þórhildur Líndal, aðstoðarmaður héraðsdómara og Þórir Örn Árnason, héraðsdómslögmaður.

Um embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana sóttu Arnaldur Hjartarson, Auður Björg Jónsdóttir, Ásbjörn Jónasson, Ásgeir Jónsson, Ásgerður Ragnarsdóttir, Bergþóra Ingólfsdóttir, Bjarnveig Eiríksdóttir, Brynjólfur Hjartarson, Daði Kristjánsson, Guðfinnur Stefánsson, Guðmundína Ragnarsdóttir, Guðmundur Örn Guðmundsson, Gyða Ragnheiður Bergsdóttir, Hákon Þorsteinsson, Helgi Sigurðsson, Hrannar Már Hafberg, Indriði Þorkelsson, Ingiríður Lúðvíksdóttir, Jón Þór Ólason, Jónas Jóhannsson, Magnús Guðlaugsson, Nanna Magnadóttir, Ólafur Freyr Frímannsson, Ólafur Karl Eyjólfsson, Pétur Dam Leifsson, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, Sigurður Jónsson, Sonja María Hreiðarsdóttir, Sólveig Ingadóttir, Stefán Erlendsson, Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir, Tómas Hrafn Sveinsson, Unnsteinn Örn Elvarsson, Valborg Steingrímsdóttir, Þór Hauksson Reykdal, Þórhildur Líndal og Þórir Örn Árnason.

Um embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólaráðs sóttu Arnaldur Hjartarson, Bergþóra Ingólfsdóttir, Brynjólfur Hjartarson, Guðfinnur Stefánsson, Guðmundur Örn Guðmundsson, Hákon Þorsteinsson, Hrannar Már Hafberg, Indriði Þorkelsson, Ólafur Freyr Frímannsson, Ólafur Karl Eyjólfsson, Sigurður Jónsson,

Sólveig Ingadóttir, Unnsteinn Örn Elvarsson, Valborg Steingrímisdóttir, Þór Hauksson Reykdal, Þórhildur Líndal, og Þórir Örn Árnason.

Þórir Örn Árnason dró umsókn sína um embætti dómara við Héraðsdóm Vestfjarða til baka 22. nóvember 2017.

Settur dómsmálaráðherra óskaði þess við dómnefndina að hún legði mat á almennt hæfi umsækjendanna Önnu Kristínar Úlfarsdóttur og Ólafs Karls Eyjólfssonar. Ráðuneytið staðreynir að umsækjendur uppfylli almenn hæfisskilyrði samkvæmt 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. 3. gr. reglna nr. 620/2010 um störf nefndarinnar. Að fengnu álitni nefndarinnar komst settur dómsmálaráðherra að þeirri niðurstöðu að umsækjandinn Anna Kristín Úlfarsdóttir uppfyllti ekki skilyrði 7. töluliðar 2. mgr. 12. gr. síðastnefndra laga. Af þeim sökum kemur hún ekki til frekara mats. Að fengnu álitni nefndarinnar komst settur dómsmálaráðherra að þeirri niðurstöðu að umsækjandinn Ólafur Karl Eyjólfsson uppfyllti ekki skilyrði 5. töluliðar 2. mgr. 12. gr. síðastnefndra laga. Af þeim sökum kemur hann ekki til frekara mats.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjendur séu hæfastir til að hljóta embættin en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við þá málsgrein er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 sbr. lög nr. 45/2010, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt

verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýttast dómarafni. Loks er heimilt að líta til viðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði

þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölulið 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlæt看legt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítill nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið kann almennt að reyna að áliti nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998 með síðari breytingum (skipun dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Tveir af þeim sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Gunnlaugur Claessen formaður og Óskar Sigurðsson, hafa lýst sig vanhæfa á grundvelli 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um framangreind dómaraembætti. Það sama á við um varamann Gunnlaugs, Gretu Baldursdóttur. Samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands tekur Jakob R. Möller sæti í nefndinni að hoc við meðferð málsins og gegnir Jakob jafnframt starfi formanns. Þá tekur varamaður Óskars, Guðrún Björk Bjarnadóttir, sæti í nefndinni í hans stað. Nefndarmönnum er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Hinn 13. október 2017 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra nefndarmanna sem fara með mál þetta.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 27. og 30. október, 13., 16. og 17. nóvember 2017.

Í athugasemdum við þá málsgrein er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. lög nr. 45/2010, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna.

Eins og áður segir fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 12. október 2017 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjanda. Barst formanni bréfið þann sama dag. Í ljósi þess að nefndin taldist ekki fullskipuð fyrr en 13. október 2017 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnarsýslulaga frá þeim degi til 24. nóvember 2017. Í sömu grein

er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar. Töf á meðferð málsins hjá nefndinni skýrist af fjölda umsækjenda en þeir hafa aldrei verið fleiri.

Þess skal getið að umsækjendurnir Arnaldur Hjartarson, Arnar Þór Jónsson, Ásgerður Ragnarsdóttir, Ástráður Haraldsson, Guðfinnur Stefánsson, Helgi Sigurðsson, Hákon Þorsteinsson, Hrannar Már Hafberg, Jónas Jóhannsson, Nanna Magnadóttir, Pétur Dam Leifsson, Sigurður Jónsson, Stefán Erlendsson, Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir og Valborg Steingrimsdóttir hafa áður verið metin af dómnefnd sem nú starfar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. umsagnir dagsettar 3. október 2011, 20. febrúar 2012, 21. janúar 2013, 22. mars 2013, 27. ágúst 2013, 27. febrúar 2014, 23. febrúar 2015, 20. apríl 2015, 1. september 2015 og 19. maí 2017.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 13. desember 2017, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 20. sama mánaðar, kl. 17.00, sbr. 7. gr. reglna nr. 620/2010. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst ef unnt væri. Athugasemdir bárust frá Önnu Mjöll Karlsdóttur, Arnaldi Hjartarsyni, Arnari Þór Jónssyni, Auði Björgu Jónsdóttur, Bergþóru Ingólfsdóttur, Bjarnveigu Eiríksdóttur, Daða Kristjánssyni, Guðmundínu Ragnarsdóttur, Guðmundi Erni Guðmundssyni, Hákonu Þorsteinssyni, Helga Sigurðssyni, Indriða Þorkelssyni, Jóni Þór Ólasyni, Jónasi Jóhannssyni, Nönnu Magnadóttur, Pétri Dam Leifssyni, Ragnheiði Elfu Þorsteinsdóttur, Sonju Maríu Hreiðarsdóttur, Sólveigu Ingadóttur, Stefáni Erlendssyni, Stefaníu Guðrúnu Sæmundsdóttur, Tómasi Hrafni Sveinssyni, Valborgu Steingrimsdóttur og Þór Haukssyni Reykdal.

Farið var yfir athugasemdir á fundi nefndarinnar 21. desember 2017. Athugasemdirnar gáfu sumar hverjar tilefni til breytinga hvað varðar mat nokkurra umsækjenda innan einstakra matsþátta. Á hinn bóginn breytti endurskoðað mat ekki þeim ályktarorðum sem komu fram í drögum nefndarinnar og umsækjendum höfðu verið send.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því sem þeir hafa talið þar upp heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa fengist við auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Þess skal getið, að ekki hefur verið gerð tilraun til að samræma heiti lokaprófa í lögfræði í umfjöllun um einstaka umsækjendur. Samkvæmt 6. tölulið 12. gr. laga nr. 15/1998 má þann einn skipa dómara, sem hefur „lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt“ og samkvæmt 6. tölulið 29. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016 skulu þeir sem skipaðir verði dómara hafa lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum. Lokaprófin ganga undir ýmsum heitum, t.d. embættispróf, meistarapróf, ML, Mag.jur. og e.t.v. fleiri. Settur dómismálaráðherra hefur staðfest að allir umsækjendur uppfylli skilyrði 6. töluliðar 12. gr. laga nr. 15/1998 sbr. og 6. töluliðar 29. gr. laga 50/2016.

Anna Mjöll Karlsdóttir er fædd 8. janúar 1956 og er því 61 árs. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1984, þriggja anna rekstrar- og viðskiptanámi við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 1999 og meistaraprófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands árið 2008. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður á árinu 1988. Að loknu laganámi starfaði hún sem fulltrúi í fógetarétti hjá yfirborgarfógetanum í Reykjavík og sem aðalfulltrúi við sama embætti frá 1989. Á árunum 1992-1998 var hún deildarstjóri í aðfarardeild hjá sýslumanninum í Reykjavík og skrifstofustjóri á sama stað 1999-2005. Hún var jafnframt staðgengill sýslumanns frá 1993-2005. Hún starfaði sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í fjóra mánuði á árinu 2005. Þá var hún framkvæmdastjóri dómstólaráðs í tvö ár á árunum 2005-2007. Frá 1. október 2007 til 1. mars 2008 var hún settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness og aftur við Héraðsdóm Reykjavíkur á tímabilinu 1. september 2008 til 15. apríl 2010. Frá 15. maí til 1. ágúst 2010 var hún framkvæmdastjóri dómstólaráðs. Frá 1. september 2010 hefur hún

starfað hjá Fjármálaeftirlitinu, fyrst sem aðstoðarframkvæmdastjóri á lánasviði og sem aðstoðarframkvæmdastjóri á eftirlitssviði frá janúar 2012. Frá 5. nóvember 2012 hefur hún verið yfirlögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu. Umsækjandinn hefur tvisvar haldið fyrirlestur í námskeiðinu Opinbert markaðseftirlit við lagadeild Háskóla Íslands og jafn oft í námskeiðinu Góðir stjórnarhættir - viðurkenndir stjórnarmenn í Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. Hún hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar og tvisvar verið ad hoc kjörstjóri þjóðkirkjunnar. Þá sat hún í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlitsins, m.a. þegar metnir voru 22 starfsmenn tryggingarfélaganna á árinu 2011. Nokkur hluti starfs hennar hjá Fjármálaeftirlitinu tengist setningu laga, reglugerða og reglna. Af öðrum störfum má nefna að á árinu 2015 tók hún sæti í dómnefnd sem metur umsækjendur um dómarastöður, árin 2014-2015 var hún í nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem samdi frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki.

Arnaldur Hjartarson er fæddur 30. júní 1983 og er því 34 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og meistaraþrófi frá sama skóla árið 2008. Þá lauk hann LL.M.-gráðu frá Yale Law School í maí 2013 með tveimur viðbótarnámskeiðum. Auk þess hefur hann sótt eitt námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2008. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á LEX lögmannsstofu fram í janúar 2009. Þá starfaði hann í rúmt ár hjá rannsóknarnefnd Alþingis vegna falls íslensku bankanna en hóf störf á lánasviði Fjármálaeftirlitsins í febrúar 2010. Í rúmt ár (apríl 2011-maí 2012) starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands en hóf þá störf sem starfsnemi við EFTA-dómstól. Frá júlí 2013 tók hann við starfi yfirlögfræðings Bankasýslu ríkisins þar sem hann starfaði í tvö ár. Frá 16. september 2013 til 1. janúar 2014 var hann settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og var starfshlutfall hans hjá Bankasýslunni minna á meðan. Umsækjandinn hefur annast stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá nóvember 2009 og varð aðjúnkt við deildina frá 1. júlí 2013. Í upphafi árs 2014 tók hann við starfi sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands og gegndi því fram á vor 2016 en í 50% starfshlutfalli frá 1. september 2015. Frá vori 2016 hefur hann gegnt

starfi aðjúnkts II við lagadeild Háskóla Íslands í 25% starfi. Hann hefur aðallega kennt fjármálarétt, fjármunarétt og Evrópurétt. Þá hefur hann leiðbeint nemendum við skrif BA- og meistaranámsritgerða. Auk þess sinnti hann stundakennslu við Háskólann á Bifröst haustið 2011, var gestakennari við Ohio Northern University í janúar 2015 og hefur kennt námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Frá september 2015 hefur aðalstarf hans þó verið við EFTA-dómstólinn þar sem hann starfar sem aðstoðarmaður dómara. Hann hefur jafnframt gegnt stöðu fræðilegs ritstjóra Fons Juris frá apríl 2017. Í mars 2017 gaf umsækjandinn út fræðiritið „Evrópskur bankaréttur – og áhrif hans á íslenskan rétt“ en bókin var ritrýnd. Hann hefur skrifað átta fræðigreinar ýmist einn eða með öðrum, þar af eru sjö ritrýndar. Þá var hann meðhöfundur að kafla í ritrýndri bók um Evrópurétt og hefur stundað rannsóknarstörf. Hann hefur haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni við ýmis tilefni. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann samdi drög að stöðluðum skilmálum fyrir íslenska skuldabréfamarkaðinn fyrir Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands og hefur veitt ýmsum aðilum sérfræðiráðgjöf. Umsækjandinn hefur setið í viðurlaganefnd Kauphallar NASDAQ OMX Iceland hf. frá maí 2015, upphaflega sem varamaður en sem aðalmaður frá mars 2017. Í desember 2016 stóð hann, ásamt öðrum, að stofnun Réttarhagfræðifélags Íslands og situr hann í stjórn félagsins. Þá hefur hann verið skipaður í tvær nefndir sem falið var að semja lagafrumvörp og sat hann í þriggja manna sérfræðingahópi stjórnarskrárnefndar 2015.

Arnar Þór Jónsson er fæddur 2. maí 1971 og er því 46 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1997 og LL.M.-prófi frá Cambridge háskóla 2004. Auk þess hefur hann sótt fjögur námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og eina námsstefnu á vegum dómstólaráðs og Dómarafélags Íslands. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 1999 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2011. Að loknu laganámi árið 1997 og fram til 1. júlí 1998 starfaði umsækjandinn sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness og frá 1. júlí 1998 fram til september 1999 sem aðstoðarmaður dómara við sama dómstól. Á tímabilinu 1999-2000 starfaði umsækjandinn tvívegis í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fyrst frá febrúar 1999 til júní sama ár, þá í leyfi frá störfum við Héraðsdóm Reykjaness, og

aftur frá september 1999 til júní 2000. Þá hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands og sinnti því til haustmánaða árið 2004, þar af sem settur skrifstofustjóri frá 1. febrúar 2004 til 1. apríl sama ár en var í námsleyfi í eitt ár í háskólanum í Cambridge. Frá vormánuðum og fram á haust 2005 starfaði umsækjandinn sem lögmaður og staðgengill regluvarðar hjá Íslandsbanka. Frá ársbyrjun 2006 og fram til ársins 2007 starfaði umsækjandinn hjá Logos lögmannsþjónustu en þá gerðist hann meðeigandi að lögmannsstofu Ragnars Aðalsteinssonar og Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og starfaði þar allt til ársins 2012. Hann hefur nýverið leyst málflutningsréttindi sín út aftur og hefur starfsaðstöðu á Rétti. Tímabilið 1. nóvember 2004 til 28. febrúar 2005 var umsækjandinn settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og aftur frá 1. febrúar til 30. júní 2014 og í þriðja sinn frá 12. janúar 2015 til 30. júní sama ár. Þann 15. október 2011 var umsækjandinn ráðinn sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík og hefur frá árinu 2014 starfað sem lektor í lögfræði við sama skóla. Árin 2005-2009 sinnti umsækjandinn að auki stundakennslu við Háskólann í Reykjavík og frá 2003-2011 við Háskóla Íslands. Þá hefur hann í minna mæli kennt við Háskólann á Akureyri, Endurmenntun Háskóla Íslands og Lögregluskóla ríkisins. Á meðal námsgreina sem hann hefur kennt eru stjórnskipunarréttur, lagakenningar, almenn lögfræði og refsiréttur. Umsækjandinn hefur birt 12 ritrýndar fræðigreinar, einkum á sviði réttarheimspeki og ein á sviði réttarfars, og bókina „Lög og samfélag“. Hann hefur jafnframt gefið út fleiri óritrýndar greinar og verið ritstjóri Tímarits Lögréttu frá árinu 2014. Þá hefur umsækjandinn sinnt ýmsum stjórnsýslustörfum, m.a. setið í úrskurðarnefnd um atvinnuleysistryggingar árin 2005-2007 og sem varamaður í kærunefnd jafnréttismála frá árinu 2011 þar sem hann hefur þrisvar tekið sæti. Þá hefur hann verið formaður starfsmenntunarsjóðs dómara frá miðju ári 2016 og gegnt stjórnsýslustörfum innan Háskólans í Reykjavík.

Auður Björg Jónsdóttir er fædd 25. febrúar 1980 og er því 37 ára. Hún lauk kandiðatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2005. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 2006 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2014. Þá öðlaðist hún réttindi sem löggiltur fasteignasali árið 2015. Að loknu laganámi starfaði hún hjá Jóni Egilssyni hrl. en hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá hausti 2015. Hún hefur

verið formaður kærunefndar húsamála frá árinu 2013 og frá árinu 2016 ritað drög að öllum úrskurðum og álitum nefndarinnar. Hún hefur kennt leigurétt við lagadeild Háskóla Íslands frá haustinu 2005 og kennir fjöleignarhúsarétt á haustönn 2017 við sömu deild. Hún hefur ritað tvær fræðigreinar um lögfræði á sviði skaðabótaréttar og er önnur þeirra ritrýnd. Á árunum 2010 til 2014 sat hún í stjórn ALM verðbréfa hf. og frá 2010 til 2013 í stjórn Félags kvenna í lögmennsku, þar af sem formaður frá 2012. Þá er hún ritari fræðslunefndar Félags kvenna í atvinnulífínu.

Ásbjörn Jónasson er fæddur 4. ágúst 1983 og er því 34 ára. Hann lauk BA-gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og Mag.jur.-gráðu í lögfræði frá sama skóla árið 2008. Hann öðlaðist réttindi til málflytnings í héraðsdómi árið 2012. Að loknu laganámi hóf hann störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands. Frá því í mars 2010 hefur hann starfað sem aðstoðarmaður við Héraðsdóm Reykjavíkur, fyrir utan tímabilið 10. september 2013 til 13. apríl 2014 en þá var hann settur héraðsdómari við sama dómstól. Hann kenndi á námskeiði á vegum Vísdoms fyrir starfsmenn héraðsdómstólanna í mars 2014 en fyrirlestur hans fjallaði um gjaldþrotaskipti og aðfararbeiðnir. Hann sat í nefnd á vegum dómstólaráðs á árinu 2013 sem samdi siðareglur fyrir starfsmenn héraðsdómstólanna.

Ásgeir Jónsson er fæddur 21. janúar 1959 og er því 58 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1986. Hann hlaut réttindi sem fasteigna- og skipasali árið 1995 og fékk leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar árið 1996. Hann öðlaðist réttindi til málflytnings í héraði árið 1990, leyfi til að flytja mál í Hæstarétti Íslands, skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 61/1942, árið 1998 og hæstaréttarlögmannsréttindi árið 2008. Að loknu laganámi starfaði hann sem fulltrúi hjá Lögmonnum Höfðabakka 9. Þar starfaði hann þar til hann tók við starfi gjaldheimtustjóra hjá Gjaldheimtu Suðurnesja í desember 1987. Í maí 1990 hóf hann rekstur eigin lögmannsstofu, Lögbook ehf., og rak samhliða fasteignasölu í um tíu ára skeið frá 1995. Í upphafi árs 2005 hóf hann störf sem lögmaður hjá Pacta/Lögheimtunni ehf. og starfar þar enn. Umsækjandinn var varamaður í félagsmálaráði Reykjanesbæjar árin 1994 til 1998 og var formaður í umsjónarnefnd fólksbifreiða á Suðurnesjum frá 10. ágúst 1999 til 15. mars 2002. Hann var jafnframt í

stjórn Háskólabíós árin 1985 til 1987. Þá hefur hann tvisvar kennt námskeið í lögfræði við Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Ásgerður Ragnarsdóttir er fædd 7. október 1979 og er því 38 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2004 og LL.M.-námi við Cambridge-háskóla í júní 2008. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hún árið 2005 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2016. Að auki hefur hún sótt ýmis námskeið og ráðstefnur um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá júní 2004 til desember 2005. Frá þeim tíma til ágúst 2007 og aftur frá júlí 2008 til september sama ár starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands. Frá september 2008 hefur umsækjandinn starfað sem lögmaður á LEX lögmannsstofu, þar af sem meðeigandi frá janúar 2012. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2009 og setið í kærunefnd útboðsmála frá maí 2013. Hún hefur setið í siðareglunefnd Lögmannafélags Íslands frá maí 2016. Auk þessa var hún ritari nefndar forsætisráðherra um viðurlög við afbrotum árin 2004-2006, ritari kærunefndar útboðsmála árin 2005-2007, ritari refsiréttarnefndar árin 2006-2007 og sat í endurupptökunefnd í tæpt ár 2016-2017. Umsækjandinn hefur verið aðjúnt við lagadeild Háskóla Íslands frá febrúar 2017 en þar á undan hafði hún sinnt stundakennslu við deildina frá árinu 2009. Kennslugreinar eru m.a. eignaréttur, mannréttindi, réttarfar og stjórnskipunarréttur. Hún hafði umsjón með ritun BA-ritgerða við sama skóla frá 2006-2012, hefur verið prófdómari við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og kennt á námskeiði um lög og reglur vegna verklegra framkvæmda hins opinbera á vegum Lögmannafélags Íslands. Umsækjandinn hefur skrifað tvær ritrýndar fræðigreinar ásamt meðhöfundum og einn kafla í alþjóðlegu tímariti í eigna- og umhverfisrétti. Hún hefur flutt nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni á opinberum vettvangi. Umsækjandinn hefur setið í ritstjórn tímaritsins Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu frá árinu 2013, ritnefnd Afmælisrits Hæstaréttar frá lokum árs 2016 og ritrýninefnd vefrits Úlflióts frá maí 2017.

Ástráður Haraldsson er fæddur 27. ágúst 1961 og er því 56 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í mars 1990. Hann öðlaðist réttindi sem

héraðsdómslögmaður í mars 1991 og réttindi til málflytninga fyrir Hæstarétti Íslands í maí 1995. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu Arnmundar Backman hrl., þar sem hann varð meðeigandi í janúar 1992. Frá þeim tíma hefur umsækjandinn verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann var í hlutastarfi sem lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands 1995 til 2000. Þá var hann í hlutastarfi dósentis við Háskólann á Bifröst frá árinu 2002 til september 2017. Við skólann hefur hann fyrst og fremst kennt vinnurétt í grunnnámi, en einnig átt hlut að kennslu í stjórnáhrifurétti og starfsmannarétti. Síðari ár hefur hann aðallega fengist við kennslu í fullnusturéttaritari á meistarastigi en einnig á sérstöku námskeiði um málflytning fyrir dómi. Þá kenndi umsækjandinn á námskeiði Lögmannafélags Íslands fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt frá 2002 til 2006 og var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000 til 2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla 2000 til 2004. Hann hefur einnig kennt á námskeiði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Eftir umsækjandann liggja þrjár tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni auk þess sem hann getur um 12 slík erindi og framsögur á fundum ýmissa félaga og stofnana. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandinn hefur tekið sæti í fimm málum í Félagsdómi, hann sat í umferðarnefnd Reykjavíkur 1990-1994, gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslýsa 1991-1992 og var í samráðsnefnd Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar frá 1995-2000. Hann átti sæti í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003, sat í stjórn Aflvaka Reykjavíkur 1996-2000, var kjörinn í útvarpsréttarnefnd 1998-2004 og sat í kærunefnd húsnæðismála 1999-2003. Þá var hann í stjórn Háskólans á Bifröst 2006-2012. Hann var formaður yfirkjörstjórnar Reykjavíkur 2006. Hann hefur átt sæti í landskjörstjórn frá 2003 og var formaður hennar 2009-2011. Auk þessa hefur hann átt sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja í tengslum við störf sín í lögmenntu. Umsækjandinn ásamt öðrum manni stýrði vinnu við gerð frumvarps til laga um breytingu á vatnalögum og tók þátt í störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur ASÍ og sem ráðgjafi fjármálaráðherra 2009-2013.

Bergþóra Ingólfssdóttir er fædd 4. mars 1962 og er því 55 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2003. Hún öðlaðist réttindi til

málflutnings í héraði í júní 2004 og fyrir Hæstarétti Íslands í febrúar 2011. Hún hefur jafnframt sótt ýmis námskeið á vegum Lögmannafélagsins, Lagastofnunar Háskóla Íslands og Persónuverndar. Að loknu laganámi starfaði hún sem löglerður fulltrúi á lögmannsstofu en hefur starfað sem lögmaður frá því í júní 2004, lengst af sjálfstætt starfandi. Árið 2014 sat umsækjandinn í ad hoc úrskurðarnefnd VR vegna ágreinings um rétt félagsmanns til greiðslna úr sjúkrasjóði. Hún á sæti í áfrýjunarnefnd starfsmatskerfis sem starfar á grundvelli kjarasamninga stéttarfélaganna sem samið hafa um starfsmatskerfið „Starfsmat“ við Reykjavíkurborg og/eða Samband íslenskra sveitarfélaga. Hún hefur verið dómari í Félagsdómi frá árinu 2009 í málum er varða aðildarfélag BSRB og hefur setið í 15 málum. Hún hefur verið stundakennari og haft umsjón með námskeiði í vinnurétti og vinnumarkaðsrétti við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2012. Hún hefur jafnframt kennt sömu grein við Háskólann á Bifröst, kennt nemum í mannauðsstjórnunarnámi alþjóðlegan vinnurétt og verið prófdómari í munnlegum prófum við lagadeild Háskóla Íslands og Háskólann á Bifröst. Þá hefur hún verið leiðbeinandi við ritun BA- og masters-ritgerða við Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og átti aðild að rannsóknarverkefni um sjúkrasjóði við Háskólann í Reykjavík. Hún hefur jafnframt skipulagt og kennt á margvíslegum námskeiðum fyrir starfsmenn, stjórnar- og trúnaðarmenn stéttarfélaganna og flutt fjóra fræðilega fyrirlestra. Umsækjandinn hefur ritað eina ritrýnda fræðigrein og aðra óritrýnda. Hún hefur reynslu af setu í stjórnnum félaga. Má þar nefna að hún situr í stjórn „Ástusjóðs“ og hefur setið í stjórn Félags kvenna í lögmenntu. Árin 2006-2008 var umsækjandinn varamaður í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema og tók sæti í einu máli, frá nóvember 2012 til ársloka 2015 var hún formaður úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála og hefur setið í úrskurðarnefnd um ólögmetan sjávarafla frá nóvember 2010, þar af sem varaformaður frá maí 2014. Þá hefur hún í tvígang verið kjörin til setu í hverfiskjörstjórn og nýverið var hún kjörin aðalmaður í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar vegna kosninga til Alþingis. Árið 1980 gaf hún út ljóðabókina „Hrífur“ og var meðhöfundur að bókinni „Kveðið í bjargi, Þorgerður Ingólfsdóttir, Hamrahlíðarkórarnir og tónskáldin“ árið 2015.

Bjarnveig Eiríksdóttir er fædd 23. ágúst 1958 og er því 59 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1984 og LL.M.-gráðu í alþjóðaviðskipta- og Evrópurétti frá Háskólanum í Edinborg árið 1994. Þá hefur hún setið mörg námskeið í lögfræði hérlendis sem og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til málflytninga í héraði árið 1987. Að loknu laganámi starfaði hún í þrjá mánuði sem fulltrúi í þinglýsingardeild hjá borgarfégetanum í Reykjavík. Þá hóf hún störf í tolladeild fjármálaráðuneytisins, fyrst sem fulltrúi og síðar deildarstjóri, og starfaði þar til ársins 1988. Frá 1988-1989 var hún í starfsnámi á lagaskrifstofu EFTA í Genf í Sviss og frá 1989-1990 var hún fyrsti sendiráðsritari fastanefndar Íslands í Genf. Frá 1990-1992 starfaði hún sem deildarstjóri á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og frá 1994-1995 var hún sérfræðingur á sömu skrifstofu. Frá 1996-2003 starfaði hún sem lögmaður og staðgengill skrifstofustjóra á lagaskrifstofu ESA í Brussel. Árin 2003-2004 var hún héraðsdómslögmaður á skrifstofu borgarlögmanns og frá 2004-2005 héraðsdómslögmaður hjá TAXIS lögmannsstofu. Frá 2005-2007 starfaði hún hjá umboðsmanni Alþingis. Umsækjandinn hefur verið sjálfstætt starfandi héraðsdómslögmaður hjá eigin fyrirtæki, Evrópulögum/Vík lögmannsstofu, frá árinu 2007. Hún var ritari tollskrárnefndar árin 1985-1987. Hún hefur verið formaður málskotsnefndar LÍN frá árinu 2010, nefndarmaður í yfirséttanefnd frá upphafi árs 2015 og verið meðlimur í FreSsco frá árinu 2013 en FreSsco er hópur sérfræðinga sem vinna fyrir ESB á sviði frjálsrar farar launþega og almannatrygginga í EES. Umsækjandinn hefur verið aðjúnkt, og áður stundakennari, í Evrópurétti við lagadeild Háskóla Íslands frá 2005, verið prófdómari við deildina frá 2003 og leiðbeint nemendum við ritun BA- ritgerða og einnar meistararitgerðar. Hún hefur jafnframt kennt við Háskólann á Akureyri og verið prófdómari við Háskólann í Reykjavík. Hún var þjálfari málflytninga í málflytningaþætti ESA árið 2016 og hélt fyrirlestur fyrir keppendur um frjálsa för launþega og tilskipun 2004/38/ESB. Hún hefur jafnframt kennt málflytning fyrir EFTA-dómstólnum á lögmannanámskeiði og um réttarheimildir Evrópuréttar á námskeiði á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Hún hefur skrifað eina fræðigrein, ásamt öðrum, og ýmsar skýrslur. Hún hefur jafnframt haldið fjölmarga fyrirlestra og kynningar um lögfræðileg málefni, einkum á sviði Evrópuréttar og um málefni endurskoðenda.

Hún var formaður endurskoðendaráðs 2009-2013 og varamaður í stjórn ESA 2007-2013 þar sem hún tók sæti í einu máli. Þá var hún nefndarmaður í ríkistollanefnd frá apríl til desember 2014 og sat í stjórn Félags kvenna í lögmennsku 2008-2009.

Brynjólfur Hjartarson er fæddur 17. ágúst 1968 og er því 49 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2004. Þá hefur hann hlotið löggildingu sem fasteignasali. Frá 1999-2002 starfaði hann sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum í Keflavík. Árin 2002-2004 starfaði hann sem löglærður fulltrúi á LEGALIS lögmannsstofu og frá 2004-2005 sem löggiltur fasteignasali og héraðsdómslögmaður. Frá 2005-2009 var hann aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur eða þar til hann tók við starfi lögfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu á árinu 2010. Árin 2011-2017 starfaði hann sem lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu en hann hefur starfað hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu síðan innanríkisráðuneytinu var skipt upp í tvö ráðuneyti fyrr á árinu. Umsækjandinn var skipaður eftirlitsmaður innanríkisráðuneytisins með talnagetraunum íslenskrar getspar frá apríl 2011 til febrúar 2017. Þá hefur hann í tvígang verið skipaður prófdómari með BA-ritgerðum við lagadeild Háskólans á Akureyri og einu sinni við lagadeild Háskóla Íslands.

Daði Kristjánsson er fæddur 4. október 1973 og er því 44 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í október 1999 og síðan námi við Lögregluskóla ríkisins og hlaut starfsréttindi sem lögreglumaður í desember 2000. Þá hefur hann lokið mörgum endurmenntunarnámskeiðum, m.a. á vegum Lögmannafélags Íslands og Endurmenntunar Háskóla Íslands. Að loknu laganámi starfaði hann sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum á Ísafirði í tæp tvö ár eða þar til hann tók við starfi fulltrúa á ákæru- og rannsóknarsviði lögreglustjórans í Reykjavík í desember 2002. Frá upphafi árs 2007 til loka apríl 2008 var hann aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu en á því tímabili var hann settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara í þrjá og hálfan mánuð. Frá 1. maí 2008 til 15. maí 2010 var hann settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara. Hann var skipaður saksóknari við sama embætti frá 16. maí 2010 en starfaði í eitt ár hjá umboðsmanni Alþingis. Hann var stundakennari við Háskóla Íslands frá hausti

2012 til og með hausti 2016 og kenndi þar refsirétt, réttarfar og hlutverk dómara og lögmannna við meðferð einka- og sakamála. Frá hausti 2006 til ársloka 2011 kenndi hann sakamálaréttarfar við Lögregluskóla ríkisins. Umsækjandinn hefur ritað eina ritrýnda fræðigrein ásamt meðhöfundi. Hann hefur verið í sóknarnefnd Langholtssóknar í Reykjavík frá apríl 2015, þar af sem ritari nefndarinnar og í framkvæmdanefnd frá maí 2016. Jafnframt hefur hann verið í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma sem fulltrúi Langholtssóknar frá október 2015. Hann hefur verið formaður Ákærendafélags Íslands frá desember 2015 til nóvember 2017 en hann var varaformaður félagsins frá 2010-2015 og meðstjórnandi frá 2007-2009. Þá sat hann í stjórn Félags löglærðra fulltrúa ákæruvalds frá október 2004-2007. Hann tók þátt í námsferð ríkissaksóknara og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til ríkissaksóknara Danmerkur og fleiri stofnana í febrúar 2011. Þá hefur hann setið í ýmsum starfshópum og nefndum en sem dæmi má nefna samráðshóp um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins, nefnd um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu og í starfshópi sem skipaður var til að gera frumvarp að lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Guðfinnur Stefánsson er fæddur 1. október 1971 og er því 46 ára. Hann lauk BS-prófi í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst í febrúar 2007 og ML-prófi í lögfræði við sama skóla í september 2008. Hann lauk diplómanámi í afbrotafræði við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2014 og sótt eitt námskeið hjá Lagastofnun Háskóla Íslands. Á árunum 2000-2003 starfaði umsækjandinn sem yfirmaður hraðsendingardeildar UPS á Íslandi hjá TVG Zimsen. Að loknu laganámi starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá september 2008 til loka þess árs. Frá janúar 2009 hefur umsækjandinn starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vesturlands að frátöldu tímabilinu 1. febrúar 2014 til 30. júní 2014 er hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn var prófdómari við Háskólann á Bifröst í málflutningi fyrir dómi árin 2009-2014 og sinnti stundakennslu í sakamálaréttarfari við sama skóla á haustönn 2014 og 2015.

Guðmundína Ragnarsdóttir er fædd 28. október 1958 og er því 59 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1995. Þá hefur hún lokið námi í opinberri stjórnslu og stjórnun frá Endurmenntun Háskóla Íslands og sótt mörg

námskeið í lögfræði. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1998 og hefur fengið staðfestingu um að hún uppfylli skilyrði til að þreyta prófraun um málflutning fyrir Hæstarétti. Að loknu laganámi starfaði hún hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga fram til ársins 2000. Þá hóf hún störf hjá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi. Árin 2001-2002 starfaði hún sem löggiltur fasteignasali hjá Garðatorgi, eignamiðlun ehf. Frá 2002-2005 starfaði hún sem lögmaður hjá Lögheimtunni ehf. Frá 2005-2010 starfaði hún sem lögmaður og framkvæmdastjóri Kollektu ehf. en hún var einnig einn af eigendum lögfræðistofunnar. Frá upphafi árs 2011 hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður og rekið lögfræðistofuna Lögvík ehf. Hún gegndi starfi varaformanns í stjórn Golfklúbbsins Odds á Urriðavelli í rúm átta ár, er varaformaður aganefndar klúbbsins og var formaður kvennanefndar klúbbsins í nær átta ár. Hún er jafnframt formaður aganefndar Golfsambands Íslands, var í undirbúningsnefnd fyrir Evrópumeistaramót kvennalandsliða árið 2016 og hefur verið í stefnumótunarnefnd GSÍ.

Guðmundur Örn Guðmundsson er fæddur 20. maí 1961 og er því 56 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1995. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 1996 og sem löggiltur fasteignasali á árinu 2015. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands. Auk þess hefur hann sveinspróf og meistarabréf í húsasmíði. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn sjálfstæðan rekstur lögfræðiskrifstofu og hefur rekið eigin lögfræðiskrifstofu og síðar fasteignafélag. Hann hefur verið skipaður skiptastjóri í yfir 130 þrotabúum. Frá árinu 2005 hefur hann sinnt framkvæmdastjórastarfi fyrir fasteignafélagið Opinn hug ehf.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir er fædd 23. ágúst 1979 og er því 38 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands haustið 2008. Þá hefur hún setið ýmis námskeið í lögfræði hjá dómstólaráði og Lögmannafélagi Íslands. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn hjá DP lögmonnum í eitt ár en frá því í mars 2010 hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún var varaformaður Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara árin 2013-2014 og formaður félagsins árin 2015-2016. Þá sat hún í stjórn starfsmannafélags Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2013-2015.

Hákon Þorsteinsson er fæddur 29. desember 1979 og er því 37 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og Mag.jur-prófi frá sama skóla árið 2008. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2009 og löggildingu til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali í september 2015. Jafnframt hefur hann sótt ýmis námskeið, meðal annars á vegum dómstólaráðs og fagráðs um endurmenntun dómara. Að loknu laganámi vorið 2008 starfaði umsækjandinn við lögfræðiráðgjöf hjá Kaupþingi banka hf. en því starfi gegndi hann til ársloka 2008. Þá hóf hann störf sem héraðsdómslögmaður hjá lögmannsstofunni Lögskiptum. Þar starfaði hann fram á vor 2010 er hann hóf störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness. Því starfi hefur hann gegnt síðan þá, að frátöldu þriggja mánaða tímabili á árinu 2014 þegar hann var settur héraðsdómari við sama dómstól. Þá starfar hann einnig sem eftirlitsmaður með störfum knattspyrnudómara og framkvæmd knattspyrnuleikja fyrir KSÍ. Umsækjandinn hefur starfað sem stundakennari í fjármunarétti og réttarfari við lagadeild Háskólans á Bifröst frá árinu 2015 og var prófdómari við sömu lagadeild og lagadeild Háskólans í Reykjavík síðasta vetur. Hann hefur í tvígang setið í starfshópum á vegum dómstólaráðs um stefnumótun héraðsdómstólanna, átt hlut að undirbúningsvinnu fyrir Dómarafélag Íslands vegna setningar siðareglna dómara og er formaður Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara.

Helgi Sigurðsson er fæddur 26. mars 1961 og er því 56 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1987. Umsækjandinn lauk meistaranámi frá Cambridge-háskóla árið 2002 og hefur auk þess sótt mörg námskeið hérlendis og erlendis á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og fleiri aðila. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1989, takmarkaða heimild til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands árið 1998 og réttindi til málflutnings fyrir réttinum árið 2000. Hann lauk prófi í verðbréfamiðlun árið 1999. Að loknu laganámi árið 1987 hóf hann störf sem fulltrúi hjá yfirborgarfógetanum í Reykjavík. Hluta af því ári og því næsta starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á Lögmannsstofu Arnmundar Backman hrl. Árin 1988-1995 starfaði hann hjá Kaupþingi hf., nánar tilgreint árið 1988 sem framkvæmdastjóri fasteignasölu Kaupþings hf., 1989-1991 var hann framkvæmdastjóri innheimtu- og lögfræðisviðs, 1991-1992 framkvæmdastjóri

verðbréfasjóðs Hávöxtunarfélagsins hf. og Hlutabréfasjóðsins Auðlindar hf. og 1992-1995 var hann framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings hf. Árin 1995-1998 rak hann lögmannsstofu með tveimur öðrum. Hann starfaði sem sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings hf. árin 1998-2002 en frá þeim tíma og til ársins 2008 var hann framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings banka hf. og ritari stjórnar. Hann gegndi sömu störfum í Arion banka hf. árin 2008-2009. Það ár hóf hann störf á eigin lögmannsskrifstofu í samstarfi við Lagastoð hf. og frá árinu 2011 sem einn af eigendum þeirrar stofu. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 1994-2011 í félagarétti, kauphallarrétti og verðbréfamarkaðsrétti. Meðal annars hafði hann umsjón með tilteknum hluta námskeiðanna. Hann hefur verið leiðbeinandi við ritun þriggja meistararitgerða við Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Eftir hann liggur ein ritrýnd fræðigrein og tvær óritrýndar greinar. Þá hefur hann flutt erindi um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandinn sat í stjórnnum níu fyrirtækja sem aðalmaður og í tveimur sem varamaður á árunum 2000-2009. Hann hefur tvívegis verið meðdómsmaður í Héraðsdómi Reykjavíkur og tvívegis matsmaður í dómsmálum. Hann sat í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki árin 2002-2008 og hefur setið í áfrýjunardómstóli ÍSÍ frá 2015. Hann hefur setið í eða starfað með fjórum nefndum sem unnu við samningu lagafrumvarpa um málefni á sviði fjármálastarfsemi og var falið af Samtökum fjármálafyrirtækja að gera athugasemdir við fjölmörg lagafrumvörp og sitja fundi þingnefnda fyrir hönd verðbréfa- og fjármálafyrirtækja. Hann kenndi á réttindanámskeiði fyrir þá sem vilja öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar á árinu 1994 og á námskeiðum Endurmenntunar Háskóla Íslands árin 2003 og 2004 og fleiri námskeiðum.

Hrannar Már Hafberg er fæddur 15. desember 1974 og er því 42 ára. Hann lauk BA-gráðu í heimspeki við Háskóla Íslands árið 1998 en á námstímanum gerði hann árshlé til að stunda nám í hugfræðum í Svíþjóð. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2006 og Mag.jur.-prófi frá sömu deild árið 2008. Hann hefur jafnframt stundað meistaranám í réttarheimspeki við Háskóla Íslands og Háskólann í Genúa, með hléum, frá árinu 1998. Að auki hefur hann lokið prófi í margmiðlun frá Margmiðlunarskóla Prenttæknistofnunar. Síðastliðið ár hefur hann

stundað framhaldsnám við Tarello-réttarheimspekistofnunina við Háskólann í Genúa. Þá hefur hann sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið um lögfræðileg efni, innanlands sem utan. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2010. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn í nokkra mánuði sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, einkum við rannsókn og saksókn í ofbeldismálum. Árin 2008-2009 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og við Héraðsdóm Reykjavíkur árin 2009-2011. Hann fékk leyfi frá störfum sínum sem aðstoðarmaður héraðsdómara frá 10. júní 2011 til að gegna störfum hjá rannsóknarnefnd Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna en frá 2012-2014 var hann formaður nefndarinnar. Á þeim tíma var hann settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 5. september 2011 til 29. febrúar 2012 og aftur um tveggja vikna skeið í mars 2012. Frá 2014-2015 var hann aðstoðarmaður við Héraðsdóm Reykjavíkur. Frá 2015-2017 gegndi hann stöðu yfirlögfræðings hjá Fiskistofu en hann starfar nú þar sem ráðgjafi í hlutastarfi. Umsækjandinn hefur sinnt kennslu við lagadeild Háskólans á Akureyri frá árinu 2009 en árin 2009-2011 var hann aðjúnkt við deildina. Þá var hann stundakennari í réttarheimspeki við lagadeild Háskóla Íslands árin 2009-2010. Hann hefur jafnframt verið leiðbeinandi nemenda við ritun lokaritgerða í BA- og meistaranámi við lagadeildir Háskólans á Akureyri og Háskólans í Reykjavík. Hann hefur skrifað eina fræðigrein, setið í ritrýninefnd Lögfræðings frá árinu 2009 og flutt á fyrirlestra tengda lögfræðilegum álitamálum. Umsækjandinn var varaformaður Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara árin 2008-2011 en formaður þess árin 2011-2013. Þá átti hann sæti í stjórn Félags áhugamanna um heimspeki 2006-2009, í stjórn Heimspekistofnunar Háskóla Íslands 1997-1999 og í samstarfsnefnd um mótun náms í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum 2000-2001.

Indriði Þorkelsson er fæddur 2. febrúar 1957 og er því 60 ára. Hann lauk um embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1983. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 1985 og í júní 1998 fékk hann leyfi Hæstaréttar Íslands til að flytja þau mál fyrir réttinum sem hann hafði flutt í héraði. Í mars 2009 öðlaðist hann leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Hann hefur jafnframt sótt nokkur námskeið um lögfræðileg málefni á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og

Lögmannafélags Íslands. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn eitt sumar hjá Borgarfógetaembættinu í Reykjavík, einkum við þinglýsingar. Frá 1. október 1983 til aprílloka 1985 starfaði hann sem löglerður fulltrúi hjá Ragnari Aðalsteinssyni hrl. Frá 1. maí 1985 hefur hann starfað sem lögmaður, sjálfstætt starfandi til ársins 1999 en fulltrúi frá þeim tíma. Frá 1999 til 1. febrúar 2008 starfaði hann sem fulltrúi hjá Almennu lögfræðistofunni sf. en frá þeim tíma hefur hann starfað sem fulltrúi hjá Juris slf. Á árunum 1994-1999 annaðist umsækjandinn og hafði umsjón með kennslu og prófum í kauparétti á námskeiðum sem haldin voru til undirbúnings löggildingu fyrir bifreiðasala. Hann hefur í fjölda tilvika verið tilnefndur sem dómari í kærunefndum og áfrýjunarnefndum á vegum akstursíþróttafélaga og heildarsamtaka þeirra. Þá hefur hann nokkrum sinnum tekið að sér fundarstjórn á aðalfundum hlutafélaga og annarra félaga.

Ingiríður Lúðvíksdóttir er fædd 23. ágúst 1963 og er því 54 ára. Hún lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands í júní 1999 og meistaraprófi í lögum frá Harvard-háskóla vorið 2003. Þá hefur hún sótt sumarnámskeið í kennilegri lögfræði í Brussel árið 2004, í Evrópurétti í London árið 2005 og í haf- og siglingarétti á Ródos árið 2007. Þá hefur umsækjandinn stáðið fyrir og sótt námskeið í sáttamiðlun vorin 2007 og 2008 en hún hefur einnig skipulagt norræna ráðstefnu á því sviði. Hún var í námsvist hjá dómstólum á öllum dómstigum í Baden-Württemberg í Þýskalandi frá september til desember 2012. Þá hefur hún jafnframt sótt skemmri námskeið, einkum á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og fagráðs um endurmenntun dómara. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness frá september 1999 til ágúst 2002 og sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur í tæplega eitt ár á tímabilinu frá september 2003 til ágúst 2004. Þá var hún settur dómari í tvo mánuði við Héraðsdóm Reykjavíkur vorið 2004 og svo settur dómari við Héraðsdóm Reykjaness frá október 2004 til loka mars 2005. Hún starfaði sem aðstoðarmaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í fjóra mánuði árið 2005 og sem skrifstofustjóri sama dómstóls frá ágúst 2005 til loka mars 2006. Þá starfaði hún sem lögfræðingur á skrifstofu þjóðréttarfræðings í utanríkisráðuneytinu frá apríl 2006 til október 2007. Frá þeim tíma til loka júlí 2008 var hún settur dómari við Héraðsdóm Reykjaness. Frá september 2008 til maí 2010 var hún aðstoðarmaður

dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún var aftur settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá maí 2010 til ágúst 2012 og enn á ný settur dómari við sama dómstól frá febrúar 2013 til þessa dags. Umsækjandinn hefur fengist við kennslu hjá Vísdomi, starfsleið fyrir ólöglærða starfsmenn dómstólanna, og kynnt sáttamiðlun á námskeiði fyrir þá sem vilja afla sér lögmannsréttinda. Hún var varaformaður áfrýjunarnefndar neytendamála í níu ár, frá 2005 til 2014. Þar tók hún sæti í a.m.k. níu málum og gerði drög að úrskurði í a.m.k. sex málum. Þá er hún í norrænu tengslaneti um sáttamiðlun fyrir dómstólum.

Jón Þór Ólason er fæddur 8. febrúar 1974 og er því 43 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2000, öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2009 og hefur flutt tvö prófmál til þess að öðlast rétt til málflutnings fyrir Hæstarétti. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vestfjarða frá júní 2000 til september sama árs. Þá tók hann við starfi deildarsérfræðings í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þar sem hann starfaði þar til í janúar 2006. Frá þeim tíma til nóvember 2008 var hann aðstoðarmaður setts ríkissaksóknara samkvæmt umboðsskrá í svonefndu Baugsmáli. Frá desember 2008 til desember 2009 var hann fulltrúi hjá Lögmönnum Laugardál en hann hefur verið lögmaður, fulltrúi, hjá Jónatansson & Co lögfræðistofu frá janúar 2010. Umsækjandinn hefur jafnframt sinnt kennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá haustinu 2001, fyrst sem stundakennari frá september 2001 til september 2005, síðar aðjúnkt til desember 2007 og loks sem lektor frá janúar 2008. Umsækjandinn hefur birt sex óritrýndar fræðigreinar. Hann hefur flutt fjölda lögfræðilegra fyrirlestra á ráðstefnum og málþingum, bæði á Íslandi og erlendis. Á þeim tíma sem umsækjandinn starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu átti hann sæti í mörgum nefndum og hópum, skrifaði, einn eða í samvinnu við aðra, nokkrar skýrslur, átti hlut að samningu lagafrumvarpa, reglugerða og fleira. Frá þeim tíma og síðar hefur hann einnig átt sæti í ýmsum nefndum og starfshópum, var til að mynda fulltrúi Íslands í nefndum um framsal sakamanna og gagnkvæma aðstoð í saka- og refsifullnustumálum o.fl. árin 2001-2007, var í happdrættisráði SÍBS árin 2005-2009 og nú er hann skipaður varamaður í stjórn fiskræktarsjóðs.

Jónas Jóhannsson er fæddur 7. nóvember 1962 og er því 55 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1988. Á árunum 2004-2005 stundaði hann meistaranám í Evrópurétti við lagadeild Háskólans í Lundi. Þar lauk hann prófum en skilaði ekki ritgerð til meistaraprófs. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2000 og sem hæstaréttarlögmaður í janúar 2012. Að embættisprófi loknu í júní 1988 var umsækjandinn settur fulltrúi við Sakadóm Reykjavíkur og fimm mánuðum seinna var hann skipaður í sama starf. Í ágúst 1991 var hann settur héraðsdómari við fimm sýslumanns- og bæjarfógetaembætti á Vestfjörðum og gegndi hann þeirri stöðu út júní 1992 þegar hann var settur héraðsdómari og dómstjóri við nýstofnað embætti Héraðsdóms Vestfjarða. Í desember sama ár hlaut hann skipun í það embætti og í ágúst 1998 fluttist hann til Héraðsdóms Reykjaness. Í upphafi árs 2002 var honum auk annarra starfa falin meðferð allra forsjár- og umgengnismála við dómstólinn og tók hann þátt í að þróa nýjar og framsæknar aðferðir við sáttaumleitanir og úrlausn slíkra mála sem kenndar voru við „Hafnarfjarðarleiddina“. Í febrúar 2006 fluttist hann til Héraðsdóms Reykjavíkur og hafði með höndum meðferð sakamála út ágúst 2008. Frá 1. september sama ár til ársloka 2011 var hann í leyfi frá störfum vegna búsetu erlendis en fékk þá lausn frá embætti að veigin ósk. Frá janúar 2012 hefur hann starfað sem hæstaréttarlögmaður hjá Lagastoð. Umsækjandinn sat tvívegis í gerðardómi á árunum 2003 og 2004. Á árunum 2003-2004 sat hann í nefnd um könnun á veitingu reynslulausnar skv. 40.-42. gr. almennra hegningarlaga og haustið 2009 vann hann að verkefnum á sviði útlendingamála fyrir dómsmálaráðuneytið. Umsækjandinn var stundakennari við Háskólann í Reykjavík 2005-2006 og kenndi þar alþjóðlegan einkamálarétt á meistarastigi. Hann var jafnframt prófdómari í sömu grein vorið 2008. Vorið 2016 sinnti hann gestakennslu við sálfræðideild Háskóla Íslands og hefur flutt fyrirlestra á sviði barnaréttar og alþjóðlegs fjölskylduréttar við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Hann flutti fyrirlestra á norræna lögfræðingapínginu í Kaupmannahöfn árið 2008 og á sameiginlegum fundi Evrópusambandsins og Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt í Brussel árið 2009. Umsækjandinn hefur skrifað tvær fræðigreinar um lögfræði og er önnur þeirra ritrýnd. Umsækjandinn var fulltrúi Dómarafélags Íslands 2002-2012 gagnvart Haag-

ráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt vegna framkvæmdar Haag-samningsins 25. október 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa og stofnmeðlimur í The International Hague Network of Judges. Þá var hann fulltrúi Dómarafélagsins 2003-2008 í samnorrænni nefnd dómara á sviði fjölskylduréttar og sótti ráðstefnur á vegum SEND 2002 og 2006. Auk þess var hann forseti Íslendingafélagsins í Belgíu á árinum 2010-2015. Þá hefur hann verið formaður gjafsóknarnefndar frá 5. september 2017.

Magnús Guðlaugsson er fæddur 3. ágúst 1958 og er því 59 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1984, öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1987 og sem hæstaréttarlögmaður árið 1994. Þá hefur hann sótt mörg námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands og Endurmenntunar Háskóla Íslands. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn á Fasteignamarkaðnum ehf. Árið 1986 hóf hann störf sem fulltrúi á Málflutningsstofu Ágústar Fjeldsteds, Benedikts Blöndals og Hákonar Árnasonar. Þar starfaði hann í tvö ár eða þar til hann fór með Hákonni Árnasyni hrl. til starfa á Málflutningsstofu Guðmundar Péturssonar, Péturs Guðmundarsonar og Hákonar Árnasonar. Árin 1990-2016 rak hann eigin lögmannsstofu í samstarfi við aðra, fyrst undir nafninu Lögrún s/f. en frá 2001 undir nafninu Lögmál ehf. Frá árinu 2016 hefur hann rekið stofu undir nafninu Codex ehf. Umsækjandinn hefur átt sæti nokkrum sinnum í gerðardómum og flutt fyrirlestra hjá félagasamtökum, s.s. Nýrri dögum og Sorg um einstök svið lögfræðinnar. Þá hefur hann tekið þátt í vinnu við undirbúning lagasetningar.

Nanna Magnadóttir er fædd 10. mars 1973 og er því 44 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998 og lauk meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi árið 2004. Hún hefur sótt mörg námskeið um lögfræðileg efni bæði hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2001. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sumarlangt í þinglýsingardeild hjá sýslumanninum í Reykjavík. Í september 1998 hóf hún störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún starfaði sem aðstoðarmaður dómara fram í janúar 2001, að undanskildum fjórum mánuðum sem hún starfaði fyrir

dómstólaráð. Í janúar 2001 var hún settur skrifstofustjóri dómstólsins. Því starfi gegndi hún fram í september sama ár er hún hóf störf sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis sem hún gegndi fram í september 2002. Í september 2003 hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður í fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu og starfaði þar til í maí 2004 er hún hóf störf sem lögfræðingur í deild Evrópuráðsins um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Frá janúar 2005 sinnti hún margvíslegum störfum á vegum Evrópuráðsins í Kósóvó og víðar. Frá október 2009 og fram í september 2013 starfaði hún sem aðalráðgjafi hjá Eystrasaltsráðinu í Stokkhólmi. Frá þeim tíma var hún sjálfstætt starfandi og tók meðal annars að sér ýmis verkefni fyrir umboðsmann Alþingis og Eystrasaltsráðið eða allt þangað til hún var skipuð þann 1. janúar 2014 forstöðumaður og formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Hún hefur ritað eina óritrýnda grein sem birtist í lögfræðitímariti. Í Lundi starfaði hún samhliða námi sem aðstoðarmaður prófessors. Þá var hún meðritstjóri *Balticness*, tímarits Eystrasaltsráðsins, 2009-2010. Umsækjandinn var sjálfbóðaliði hjá Kvennaráðgjöfinni 1997-1999 og formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð 2001. Þá var hún varamaður í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga 2000-2001 og tók þátt í kjarasamningaviðræðum við ríkið. Frá 2014 hefur hún verið í stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Þá hefur hún átt hlut að undirbúningi lagasetningar og gerð ýmiss konar regluverks í störfum sínum, m.a. skrifað álit UNIFEM á drögum að jafnréttislögum Albaníu, haldið ýmis námskeið fyrir starfsmenn úr stjórnarsýslu Kósóvós og starfsmenn ÖSE, haft framsögu á ýmsum ráðstefnum og beitt sér fyrir endurskoðun verklagsreglna Eystrasaltsráðsins um þátttöku þess í verkefnum. Hún hefur verið meðlimur og á tíðum formaður fjölda vinnuhópa sem starfsmaður Evrópuráðsins, UNIFEM og Eystrasaltsráðsins, var sérfræðingur á fundi bandaríks félagsvísindaráðs og Sameinuðu þjóðanna um konur og friðaruppbyggingu á Balkanskaga 2012.

Ólafur Freyr Frímannsson er fæddur 14. nóvember 1983 og er því 34 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í maí 2006 og Mag.jur.-prófi í

lögfræði frá sama skóla í maí 2008. Hann öðlaðist réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali í júlí 2015 og hefur lokið fimm áföngum í grunnnámi viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík. Frá hausti 2016 hefur hann stundað meistaranám í fjármálum fyrirtækja við Háskólann í Reykjavík. Hann öðlaðist málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum í nóvember 2008. Þá hefur hann setið mörg námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands, Lagastofnunar Háskóla Íslands og Endurmenntunar Háskóla Íslands. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf á Mörkinni lögmennastofu og starfaði þar til hausts 2015. Frá október 2015 hefur hann gegnt störfum hjá Lagahvoli slf. Á árunum 2008-2014 var umsækjandinn stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands og sinnti kennslu á námskeiði á meistarastigi um hlutverk dómara og lögmanna við meðferð einka- og sakamála. Hann hefur jafnframt sinnt kennslu í einkamálaréttarfari við sömu deild. Þá sat hann í stjórn Bókaútgáfunnar Codex á árunum 2007-2014.

Pétur Dam Leifsson er fæddur 27. apríl 1968 og er því 49 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og LL.M.-námi frá Erasmus-háskólanum í Rotterdam 2002 í þjóðarétti. Árið 2005 lauk hann aftur LL.M.-námi frá sama skóla í alþjóðaviðskiptarétti. Fyrir laganám lauk hann BA-prófi í sagnfræði og BA-prófi í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands árið 1996. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 2002. Að loknu laganámi starfaði hann sumarið 2001 sem lögfræðingur í afleysingum hjá lögfræði- og ákærusviði lögreglustjórans í Reykjavík en sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá september 2001 til nóvember 2004. Sumarið 2004 leysti hann af skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Frá apríl 2005 til ágúst 2005 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra í hlutastarfi. Umsækjandinn starfaði sem lektor í fullu starfi við Háskólann á Akureyri frá janúar 2005 til janúar 2007 en í hlutastarfi frá þeim tíma og fram í desember 2008. Í janúar 2009 var hann ráðinn sem dósent við Háskólann á Akureyri og sinnti því starfi til september 2013. Hann starfaði sem lektor við Háskóla Íslands frá því í janúar 2007 til desember 2008 en hefur verið dósent við sama skóla frá janúar 2009. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2001 til 2006 og Háskólann á Bifröst 2006 til 2012. Í Háskóla Íslands hefur hann m.a. annast umsjón og kennslu í fjölda sérhæfðra

námskeiða er varða þjóðarétt og Evrópurétt sem og kennslu og umsjón með námskeiðum í BA- og meistaranámi. Við Háskólann á Akureyri hefur hann sinnt kennslu, rannsóknnum og stjórnun, auk þess að eiga þátt í uppbyggingu á meistaranámi. Jafnframt kennslustarfi sínu við Háskólann á Akureyri gegndi hann aukastarfi sem lögfræðingur háskólans. Þá hefur hann einnig tengst umsjón og kennslu námskeiða og haldið fjölda fyrirlestra við aðrar hérlendar og erlendar háskólastofnanir. Hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í tíu mánuði á árinu 2014 og aftur í rúma fjóra mánuði á árinu 2017. Hann hefur verið dómari í alþjóðlegri málflutningskeppni og að auki haldið utan um þátttöku liðs lagadeildar Háskóla Íslands í Jessup-málflutningskeppninni í Washington. Umsækjandinn hefur sinnt fræðistörfum og ritstörfum um lögfræðileg efni í verulegum mæli en eftir hann liggja um 25 ritrýndar greinar um alþjóðalög og þjóðarétt sem hafa birst í ýmsum tímaritum og bókarköflum. Hann gaf einnig út ritið „Þjóðaréttur“ árið 2011 ásamt meðhöfundum. Umsækjandinn hefur auk þess sinnt allviðamiklum stjórnsýslustörfum innan Háskóla Íslands. Hann hefur setið í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands frá 2012, verið varamaður í nefnd um dómaraströf frá 2013 og var formaður síðanefndar HA 2006-2009. Hann var skipaður varamaður í kæruneftnd útlendingamála frá 26. janúar 2015 en tók virkan þátt í starfi nefndarinnar. Hann var skipaður aðalmaður í byrjun árs 2016 og var varaformaður nefndarinnar frá þeim tíma til júlí 2017. Hann leysti jafnframt formann nefndarinnar af í nokkrar vikur árið 2016. Hann hefur verið í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi árin 2006-2007.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir er fædd 3. maí árið 1968 og er því 49 ára gömul. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992. Umsækjandinn lauk LL.M.-prófi frá Edinborgarháskóla í þjóðarétti og mannréttindum 1995. Þá hefur hún stundað nám í verðbréfavíðskiptum en á einu prófi ólokið. Hún lauk 8. stigi í fiðluleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1993. Þá öðlaðist hún héraðsdómslögmannsréttindi 2013. Umsækjandinn starfaði sem yfirlögfræðingur í umhverfissráðuneytinu 1995-1998. Hún starfaði í utanríkisráðuneytinu á skrifstofu þjóðréttarfræðings og viðskiptaskrifstofu 1998-2013, þar af í sendiráði Íslands í Brussel 2004-2009, í samninganefnd Íslands vegna aðildarviðræðna við ESB 2009-2013 og var þar formaður samningahóps um

byggðamál og stýrði umhverfis- og auðlindamálum í utanríkisráðuneytinu 2009-2013. Árin 2013-2014 annaðist hún stundakennslu við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands, m.a. í evrópskum umhverfisrétti. Frá árinu 2014 hefur hún gegnt stöðu lektors við Háskólann á Akureyri, þar sem hún kennir meðal annars Evrópurétt, þjóðarétt, alþjóðlegan einkamálarétt og lögskýringar. Frá árinu 2013 hefur hún starfað sem lögmaður í litlum mæli meðfram starfi sínu sem lektor. Hún hefur ritað fimm lögfræðigreinar en þar af eru tvær ritrýndar. Þá hefur hún ritað greinargerð um lögfræðileg málefni vegna sæstrengs til Evrópu, haft umsjón með útgáfu og þýðingu Genfarsamninganna á íslensku ásamt tveimur öðrum og handbók Stjórnarráðsins um EES. Einnig hefur hún flutt fjögur erindi um lögfræðileg álitafni. Hún hefur setið í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar frá 2015 og verið í úrskurðarnefnd um ólögsmætan sjávarafla frá sama ári. Frá árinu 2013 hefur hún verið í stjórn Alþjóðlegrar tónlistarakademíunnar í Hörpu og formaður stjórnar bókaútgáfunnar Bjarts og Veraldar.

Sigurður Jónsson er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 61 árs. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1983. Hann hefur sótt fjölda námskeiða í ýmsum greinum lögfræðinnar, aðallega á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi í september 1989 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í september 1997. Þá öðlaðist hann fasteignasöluréttindi árið 1991. Að loknu laganámi hóf hann störf sem dómarafulltrúi hjá sýslumanninum á Akureyri og starfaði þar fram til ársins 1986 er hann hóf störf sem fulltrúi sýslumannsins í Árnassýslu. Á árinu 1987 var hann settur sýslumaður í Strandassýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og árin 1988-1989 var hann starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Frá 1989-1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmennsstofu, Lögmenn Suðurlandi á Selfossi, auk fasteignasölu fram til ársins 2002. Frá 2002-2007 annaðist hann rekstur eigin lögmennsstofu og fasteignasölu í Vestmannaeyjum, Lögmenn Vestmannaeyjum. Frá 2007-2012 annaðist hann rekstur eigin lögmennsstofu á Selfossi, Lögmenn Árborg, en stofnaði síðan lögmennsstofuna Land lögmenn í Kópavogi. Umsækjandinn var formaður yfirúttektarnefndar Árnassýslu árin 1986-

1993 og sat í mörgum nefndum á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum 1989-1991. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala árin 2003-2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. árin 2001-2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi árin 2005-2010 og hefur verið stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá árinu 2009. Umsækjandinn hefur starfað sem dómkvaddur matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og til þess að gera arðskrár vegna veiði. Þá hefur hann stundað kennslu við grunn- og framhaldsskóla.

Sonja María Hreiðarsdóttir er fædd 1. maí 1963 og er því 54 ára. Hún lauk um embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1990 og námi í mannauðsstjórnun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 1998, námskeiði um sáttamiðlun hjá Sátt árið 2007, auk þessa hefur hún lokið mörgum námskeiðum, m.a. á vegum Lögmannafélags Íslands, Endurmenntunar Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Hún öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 1995, hefur verið á lista Sáttar yfir starfandi sáttamenn frá 2007 og árið 2015 öðlaðist hún leyfi sem löggiltur fasteignasali. Þá uppfyllti hún skilyrði til að þreyta prófraun fyrir Hæstarétti Íslands til öflunar réttinda til málflyttings fyrir Hæstarétti í ársbyrjun 2014 og hefur flutt tvö prófmál. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur á fasteignasölu 1990-1992, var fulltrúi hjá sýslumanninum í Keflavík 1992-1993 og fulltrúi við Héraðsdóm Vestfjarða 1993-1996, þar af settur héraðsdómari í júlí og ágúst árin 1993-1996. Hún var lögfræðingur í lögfræðideild Íslandsbanka hf. 1996-2000 og sérfræðingur á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins 2000-2006. Umsækjandinn var fulltrúi hjá Lögmannsstofunni Pacta, Lögheimtunni Intrum 2006-2007 og rak Lögmannsstofu Sonju Maríu ehf. 2007-2016. Þá annaðist hún rekstur Megin lögmannsstofu 2011-2016. Frá 1. nóvember 2016 hefur hún verið lögmaður hjá embætti borgarlögmanns. Umsækjandinn hefur kennt á mörgum námskeiðum hjá m.a. Íslandsbanka, IMG, Háskólanum í Reykjavík, á námskeiði fyrir þá sem vilja afla sér lögmannsréttinda, stéttarfélögum og ýmsum félagasamtökum. Hún sat í samráðsnefnd um vinnutíma og í samninganefnd ríkisins 2000-2006, í stjórn fræðslu- og símenntunarsjóðs Eflingar og ríkisins 2001-2006, í stjórn Ríkismenntar 2005-2006, var stjórnarmaður í Bankasýslu ríkisins 2009-2011 og ritari áfrýjunarnefndar samkeppnismála 2009-2017. Þá var hún skipuð umboðsmaður í suðvesturkjördæmi

af landskjörstjórn í tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum 2011-2012, hefur verið nefndarmaður í málskotsnefnd LÍN frá 2010 og varadómari í Félagsdómi frá árinu 2011 þar sem hún hefur tekið sæti í sjö málum.

Sólveig Ingadóttir er fædd 16. október 1984 og er því 33 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2008 og Mag.jur. frá sama skóla árið 2010. Hún öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2011 og réttindi til að starfa sem löggiltur fasteignasali árið 2015. Þá hefur hún setið ýmis námskeið á vegum fagráðs dómstólaráðs um endurmenntun. Frá árinu 2010 hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands. Árið 2014 kenndi hún á námskeiði Vísdoms um meðferð sakamála. Hún sat í stjórn félags löglærðra aðstoðarmanna dómara 2011-2015, fyrst sem varaformaður og síðar sem formaður. Nú er hún varaformaður félagsins.

Stefán Erlendsson er fæddur 29. júlí 1965 og er því 52 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hann 1996. Árið 2008 stundaði hann meistaranám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og lauk LL.M.-námi í alþjóðlegum umhverfis- og auðlindarétti við Háskóla Íslands árið 2016. Einnig hefur hann sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis, m.a. á vegum Lögmannafélags Íslands, Endurmenntunar Háskóla Íslands og European Academy of Law (ERA). Frá 1992 starfaði hann sem lögfræðingur hjá Vegagerðinni en sem lögmaður frá 1996. Á árunum 1997-2004 gegndi hann starfi forstöðumanns lögfræði- og starfsmannadeildar Vegagerðarinnar og á árunum 2004-2016 var hann forstöðumaður lögfræðideildar. Frá því í júlí 2016 hefur hann gegnt stöðu framkvæmdastjóra stoðsviðs Vegagerðarinnar. Umsækjandinn hefur jafnframt sinnt ýmsum nefndastörfum, sem fulltrúi í nefnd um endurskoðun reglugerða á samgöngusviði, ritari nefndar sem samdi frumvarp til nýrra vegalaga, fulltrúi í nefnd um samningu frumvarps til girðingalaga og sem fulltrúi í nefnd um búfé á vegsvæðum. Þá hefur hann sótt ráðstefnur erlendis og verið fulltrúi Vegagerðarinnar í samstarfi lögfræðinga á sviði vegamála á Norðurlöndum frá árinu 1997.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir er fædd 13. mars 1967 og er því 50 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1992. Réttindi til málflutnings

í héraði öðlaðist hún árið 1997. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið, m.a. á vegum Lögregluskóla ríkisins og Endurmenntunar Háskóla Íslands. Að loknu laganámi hóf hún störf sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík og starfaði þar til ársins 2000. Í þrjá mánuði á árunum 1996-1997 vann hún í afleysingum á einkamálaskrifstofu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Í tæp tvö ár 2000-2002 starfaði umsækjandinn sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu Daggar Pálsdóttur hrl. Frá 2002-2004 var hún í 15 mánuði lögfræðingur á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík og fór þar meðal annars með stjórn lögreglurannsókna og saksókn fyrir héraðsdómi. Hún gegndi sama starfi aftur í átta mánuði á árinu 2006. Þá var hún lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins, fæðingarorlofsdeild, frá 2004-2006 í rúmlega tvö ár. Frá janúar 2007 til og með október 2010 starfaði hún sem lögfræðingur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga þar sem hún annaðist undirbúning og samningu úrskurða nefndarinnar vegna kærðra ákvarðana. Í rúmlega eitt ár 2010-2012 starfaði umsækjandinn sem héraðsdómslögmaður á Lögmannsstofu Steinunnar Guðbjartsdóttur hrl./Borgarlögmönnum sf. og sinnti þar almennum lögmannsstörfum auk starfs fyrir úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, einkum við undirbúning og samningu úrskurða nefndarinnar. Frá 1. febrúar 2012 til ársloka 2015 starfaði umsækjandinn sem settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara en var skipuð í embættið frá 1. janúar 2016. Á árunum 1994-1998 sat hún þrisvar sinnum í hverfiskjörstjórn, tvisvar við sveitarstjórnakosningar og einu sinni við alþingiskosningar. Árin 1999-2008 sat hún í úrskurðarnefnd um tæknifrjóvgun og frá árinu 2001 hefur hún verið skipuð lögráðamaður nokkurra lögræðissviptra einstaklinga.

Tómas Hrafn Sveinsson er fæddur 3. september 1980 og er því 37 ára. Hann útskrifaðist með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2006. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður í maí 2007 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í nóvember 2013. Þá hlaut hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2016 og sem viðurkenndur stjórnarmaður sama ár. Auk þess hefur hann sótt nokkur námskeið í Háskólanum í Reykjavík og hjá Lögmannafélagi Íslands. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf á Landslögum lögfræðistofu ehf. og starfaði þar til 1. febrúar 2013. Umsækjandinn var meðeigandi

hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur ehf. frá 1. febrúar til 1. nóvember 2013. Hann starfaði hjá Bonafide lögmönnum slf. í eitt ár 2013-2014 og hjá LMB lögmönnum slf. frá nóvember 2014 til síðla árs 2017. Síðan þá hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Frá nóvember 2015 hefur umsækjandinn verið formaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Hann var oddviti yfirkjörstjórnar í borgarstjórnarkosningum 2014 og sat í yfirkjörstjórn vegna forseta- og alþingsiskosninga 2016. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2009-2013 og hefur verið aðjúntkt við sömu deild frá 2013. Hann kenndi skaðabótarétt frá 2009-2015 og kennir nú námskeiðin bótarétt I og II. Hann hefur jafnframt annast kennslu í Inngangi í lögfræði, námskeið í Vátryggingarrétti á meistarastigi auk þess að hafa verið leiðbeinandi með mörgum BA-ritgerðum á sviði skaðabótaréttar frá 2012 og Mag.jur.-ritgerð haustið 2013. Þar að auki kenndi hann á löggingarnámskeiði fyrir fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands 2014-2015. Þá var hann prófdómari með BA-ritgerð og MA-ritgerð við Háskólann á Bifröst vorið 2015. Eftir umsækjandann liggja tvær tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni og er önnur þeirra ritrýnd. Hann hefur jafnframt flutt fyrirlestur um lögfræðileg málefni og unnið að frumvarpi um tollamál fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Unnsteinn Örn Elvarsson er fæddur 17. janúar 1983 og er því 34 ára. Hann lauk BA-gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2006 og ML-gráðu í lögfræði frá sama skóla árið 2009. Hann lauk jafnframt LL.M.-gráðu í upplýsingatæknirétti frá Stokkhólmsháskóla árið 2013. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi á árinu 2009 og hefur flutt eitt prófmál fyrir Hæstarétti Íslands. Réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali öðlaðist hann árið 2015. Þá hefur hann lokið skriflegum prófum frá Flugskóla Íslands til þess að gerast einkaflugmaður og í verklegum hluta námsins lauk hann prófi til þess að mega fljúga einsamall. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá Lög máli ehf. og síðar sem héraðsdómsslögmaður til september 2012. Frá september 2013 hefur hann rekið eigin lögmannsstofu undir nafninu De Facto ehf. Hann rak jafnframt Fasteignasöluna Akur ehf. í um eitt ár frá 2016-2017 ásamt tveimur öðrum.

Valborg Steingrimsdóttir er fædd 6. júní 1982 og er því 35 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2006, Mag.jur.-prófi frá sama skóla árið 2008 og LL.M.-námi við Berkeley Law-University of California 2011. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2016. Hún lauk framhaldsprófi í tónlist frá Tónlistarskóla F.Í.H. 2008 og burtfararprófi í klassískum söng frá skóla Sigurðar Demetz 2010. Að loknu laganámi starfaði hún hjá Orkustofnun til ársins 2010, en í því starfi kom hún m.a. að leyfisveitingum á grundvelli raforkulaga og laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Hún starfaði sem lögfræðingur fyrir Stjórnlagaráð um tveggja mánaða skeið árið 2011 og frá árinu 2011 hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Árið 2010 var hún stundakennari við Háskóla Íslands í námskeiðinu Natural Resources Law og árið 2011 var hún stundakennari við sama skóla í námskeiðunum EC Enviromental Law og International Enviromental Law. Þá hélt umsækjandinn fræðilegt erindi við Háskólasetur Vestfjarða um nýtingu auðlinda hafsbotnsins. Hún er höfundur að einni grein ásamt tveimur öðrum. Hún var ritari í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga 2013-2017 og ritari í stjórn kammerkórsins Hljómeyki 2016-2017.

Þór Hauksson Reykdal er fæddur 6. maí 1971 og er því 46 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskólanum á Akureyri 2006, ML-prófi í lögfræði frá sama skóla 2012, MBA-námi árið 2016 við Háskólann í Reykjavík og APME í verkefnastjórnun 2016 frá Háskólanum í Reykjavík. Þá hefur hann lokið stórum hluta MA-náms í skattarétti við Háskólann á Bifröst. Auk þess lauk hann námi í kvikmyndagerð frá Kvikmyndaskóla Íslands 1999; námskeiði í þrívíddargrafík og margmiðlun við Rafiðnaðarskólann 1998, auk námskeiða í verkefnastjórnun og International Human Resource Management. Að loknu meistaraþrófi 2012 starfaði hann á einstaklingsviði ríkisskattstjóra til 2016. Frá 2016 hefur hann starfað sem forstöðumaður hjá Vinnumálastofnun. Umsækjandinn kenndi skattarétt í meistaranámi við Háskólann á Akureyri 2010-2015. Hann hefur verið skoðunarmaður reikninga hjá Eyjafjarðarsveit frá 2011, aðalmaður í skólanefnd Eyjafjarðarsveitar fyrir H-lista frá 2014 og fyrsti varamaður fyrir H-lista í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar frá 2014.

Þórhildur Líndal er fædd 10. mars 1980 og er því 37 ára. Hún lauk BA-prófi í heimspeki frá Háskóla Íslands í febrúar 2004 og útskrifaðist með embættispróf frá

lagadeild sama skóla í október 2009. Þá stundaði hún ítölskunám við Università per Stranieri di Siena vorið 2000 og þýskunám samhliða skiptinámi í heimspeki við Technische Universität í Berlín 2002-2003. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður vorið 2012. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness en frá september 2010 hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn sat sem varamaður í kærunefnd greiðsluaðlögunarmála frá 2013 til 2016 og tók þátt í afgreiðslu marga mála hjá nefndinni. Hún hefur verið nefndarmaður í úrskurðarnefnd velferðarmála frá mars 2016 þar sem hún hefur m.a. úrskurðað í málum á grundvelli laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra alvarlega eða langveikra barna og laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þá hefur hún tvívegis setið í hverfiskjörstjórn, annars vegar við forsetakosningar 2016 og hins vegar alþingiskosningar 2016 og 2017. Umsækjandinn sinnti kennslu vorið 2014 í gjaldþrotaskiptarétti hjá Vísdomi. Umsækjandinn sat í stjórn félags löglærðra aðstoðarmanna héraðsdómstólanna frá 2013-2017 og sat jafnframt í nefnd um skipulagningu Lagadagsins 2014.

Þórir Örn Árnason er fæddur 13. janúar 1969 og er því 48 ára. Hann útskrifaðist með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1995. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1999. Að loknu laganámi hóf hann störf sem deildarstjóri í virðisaukadeild hjá skattstjóranum á Vesturlandi þar sem hann starfaði til 1996. Umsækjandinn starfaði sem deildarstjóri í eftirlitsdeild hjá skattstjóranum á Reykjanesi 1996-1997, hann var fulltrúi á lögmannsstofu Jóns Ingvars Pálssonar hdl. 1997-1998 og var sjálfstætt starfandi lögmaður 1999-2005. Hann var forstöðumaður lögfræðinnheimtu- og fullnustueignadeildar Íslandsbanka 2005-2015 og 2015-2016 þar sem hann sjálfstætt starfandi lögmaður og ráðgjafi. Hann hefur frá árinu 2016 rekið Myntu ehf., lögmannsstofu og innheimtufyrirtæki, og starfar þar einnig sem lögmaður. Þá starfar hann jafnframt fyrir ALVA ehf. sem yfirlögfræðingur en þetta fyrirtækið rekur m.a. Inkasso innheimtufyrirtæki, Netgíró ehf., og Aktiva lausnir ehf., lánatorg. Umsækjandinn kenndi nokkra tíma á námskeiði í samningarétti í Háskólanum í Reykjavík, í samninga og skjalagerð 2002-2003. Hann samdi ritið „Samningar og skjöl“ sem kom út árið 1995 og var endurútgefið í breyttri mynd árið 2011.

2001. Hann kom lítillega að umsögnum um lagafrumvörp í starfi sínu hjá Íslandsbanka. Hann var varaformaður knattspyrnudeildar Fylkis 2004-2007 og varaformaður aðalstjórnar Fylkis 2010-2013.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Anna Mjöll Karlsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1984. Hún hefur auk þess lokið þriggja anna rekstrar- og viðskiptanámi við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 1999 og meistaraprófi í opinberri stjórnsýslu, MPA, frá Háskóla Íslands árið 2008.

Arnaldur Hjartarson lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Þá lauk hann LL.M.-gráðu frá Yale Law School í maí 2013 með tveimur viðbótar námskeiðum. Auk þess hefur hann sótt eitt námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Arnar Þór Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og LL.M.-prófi frá Cambridge-háskóla árið 2004. Auk þess hefur hann sótt fjögur námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og eina námsstefnu á vegum dómstólaráðs og Dómarafélags Íslands.

Auður Björg Jónsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2005. Auk þess hlaut hún réttindi sem löggiltur fasteignasali á árinu 2015.

Ásbjörn Jónasson lauk meistaragráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008.

Ásgeir Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1986. Hann hlaut réttindi sem fasteigna- og skipasali árið 1995 og fékk leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar árið 1996. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið.

Ásgerður Ragnarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2004 og LL.M.-námi við Cambridge-háskóla í júní 2008. Auk þess hefur hún sótt ýmis námskeið og ráðstefnur um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis.

Ástráður Haraldsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í mars 1990. Hann hefur auk þess sótt ýmis námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands.

Bergþóra Ingólfsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2003. Hún hefur auk þess sótt ýmis námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands, Lagastofnunar Háskóla Íslands og Persónuverndar.

Bjarnveig Eiríksdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1984 og LL.M.-gráðu í alþjóðaviðskipta- og Evrópurétti frá Háskólanum í Edinborg árið 1994. Auk þess hefur hún setið ýmis lögfræðinámskeið á vegum Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands.

Brynjólfur Hjartarson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1998. Auk þess hefur hann hlotið löggildingu sem fasteignasali.

Daði Kristjánsson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í október 1999. Auk þess lauk hann námi við Lögregluskóla ríkisins og hlaut starfsréttindi sem lögreglumaður í desember 2000. Þá hefur hann lokið mörgum endurmenntunarnámskeiðum á vegum Lögmannafélags Íslands, Háskóla Íslands, Endurmenntunar Háskóla Íslands og Lögregluskóla ríkisins.

Guðfinnur Stefánsson lauk ML-prófi í lögfræði við Háskólann á Bifröst í september 2008. Hann lauk diplómanámi í afbrotufræði við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2014 og sótti eitt námskeið hjá Lagastofnun Háskóla Íslands.

Guðmundína Ragnarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1995. Auk þess lauk hún námi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntun Háskóla Íslands og sótt mörg lögfræðinámskeið á vegum Lögmannafélags Íslands og Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Guðmundur Örn Guðmundsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1995. Auk þess hlaut hann réttindi sem löggiltur fasteignasali á árinu 2015. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands haustið 2008. Auk þess hefur hún setið ýmis lögfræðinámskeið á vegum dómstólaráðs og Lögmannafélags Íslands.

Hákon Þorsteinsson lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Þá stundaði hann nám í stjórnmálafræði í eina önn haustið 1999 við sama skóla. Auk þess hlaut hann réttindi til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali í september 2015. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið og fyrirlestra, m.a. á vegum

Endurmenntunar Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, dómstólaráðs og fagráðs um endurmenntun dómara.

Helgi Sigurðsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1987. Hann lauk LL.M.-gráðu frá háskólanum í Cambridge árið 2002 og hefur auk þess sótt mörg námskeið hérlandis og erlendis á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands, Lögmannafélags Íslands, Euromoney Legal Forums og fleiri aðila. Þá lauk hann prófi í verðbréfamíðlun árið 1999.

Hrannar Már Hafberg lauk BA-gráðu í heimspeki við Háskóla Íslands árið 1998. Hann lauk meistaraprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2008. Hann hefur jafnframt stundað meistaranám í réttarheimspeki við Háskóla Íslands og Háskólann í Genúa, með hléum, frá árinu 1998. Síðastliðið ár hefur hann stundað framhaldsnám við Tarello-réttarheimspekistofnunina við Háskólann í Genúa. Einnig hefur hann sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið um lögfræðileg efni, innanlands sem og utan.

Indriði Þorkelsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1983. Hann hefur auk þess sótt ýmis námskeið um lögfræðileg málefni á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands.

Ingiríður Lúðvíksdóttir lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands í júní 1999. Hún lauk auk þess LL.M.-gráðu frá Harvard-háskóla vorið 2003. Þá hefur hún sótt sumarnámskeið í kennilegri lögfræði í Brussel árið 2004, í Evrópurétti í London árið 2005 og í haf- og siglingarétti á Ródos árið 2007. Hún sótti jafnframt námskeið í sáttamiðlun vorin 2007 og 2008. Hún var í námsvist hjá dómstólum á öllum dómstigum í Baden-Württemberg í Þýskalandi frá september til desember 2012. Hún hefur enn fremur sótt mörg skemmrí námskeið, einkum á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og fagráðs um endurmenntun dómara.

Jón Þór Ólason lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2000. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis.

Jónas Jóhannsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1988. Auk þess stundaði hann meistaranám á árunum 2004-2005 í Evrópurétti við lagadeild Háskólans í Lundi. Þar lauk hann prófum en skilaði ekki ritgerð til meistaraprófs.

Magnús Guðlaugsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1984. Auk þess hefur hann sótt mörg námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands og Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Nanna Magnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998. Auk þess lauk hún meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi árið 2004. Þá hefur hún sótt lögfræðinámskeið hérlendis og erlendis, þ.á m. á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands, Evrópuráðsins, Lagastofnunar Háskóla Íslands og Opna Háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Ólafur Freyr Frímansson lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í maí 2008. Auk þess hlaut hann réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali í júlí 2015 og hefur lokið fimm áföngum í grunnnámi viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík. Frá haustinu 2016 hefur hann stundað meistaranám í fjármálum fyrirtækja við Háskólann í Reykjavík. Þá hefur hann sótt mörg námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands, Lagastofnunar Háskóla Íslands og Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Pétur Dam Leifsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000. Auk þess lauk hann LL.M.-prófi frá Erasmus-háskólanum í Rotterdam 2002 í þjóðarétti og LL.M.prófi frá sama skóla í alþjóðaviðskiptarétti árið 2005. Fyrir laganám lauk hann BA-prófi í sagnfræði og BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 1996.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992. Auk þess lauk hún LL.M.-prófi frá Edinborgarháskóla í þjóðarétti og mannréttindum 1995. Þá hefur hún stundað nám í verðbréfaviðskiptum en á einu prófi ólokið.

Sigurður Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1983. Hann hefur auk þess sótt mörg námskeið í ýmsum greinum lögfræðinnar, aðallega á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands.

Sonja María Hreiðarsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1990. Þá hlaut hún réttindi sem löggiltur fasteigna- og skipasali á árinu 2015. Auk þess lauk hún námi í mannauðsstjórnun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands

árið 1998 og námskeiði um sáttamiðlun hjá Sátt árið 2007. Þá hefur hún lokið mörgum námskeiðum í sáttamiðlun og lögfræði, m.a. á vegum Lögmannafélags Íslands, Endurmenntunar Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Sólveig Ingadóttir lauk meistaraprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2010. Auk þess hlaut hún réttindi til að starfa sem löggiltur fasteignasali árið 2015. Þá hefur hún setið námskeið á vegum fagráðs dómara.

Stefán Erlendsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Auk þess lauk hann misserisnámi við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla árið 2008 og LL.M.-prófi í alþjóðlegum umhverfis- og auðlindarétti við Háskóla Íslands árið 2016. Þá hefur hann sótt mörg námskeið hérlendis og erlendis, m.a. á vegum Lögmannafélags Íslands, Endurmenntunar Háskóla Íslands og European Academy of Law (ERA).

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1992. Auk þess hefur hún setið námskeið, m.a. á vegum Lögregluskóla ríkisins og Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Tómas Hrafn Sveinsson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2006. Auk þess hlaut hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2016 og sem viðurkenndur stjórnarmaður sama ár. Þá sótti hann námskeið í lagaensku við Háskólann í Reykjavík árið 2007 og námskeið hjá Lögmannafélagi Íslands árin 2008 og 2011.

Unnsteinn Örn Elvarsson lauk meistaragráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2009. Auk þess lauk hann LL.M.-gráðu í upplýsingatæknirétti frá Stokkhólmsháskóla í júní 2013. Hann hlaut réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali árið 2015.

Valborg Steingrímsdóttir lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Auk þess lauk hún LL.M.-prófi við lagaskóla Berkeley-háskólans í Kaliforníu 2011.

Þór Hauksson Reykdal lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2012. Auk þess lauk hann MBA-námi árið 2016 við Háskólann í Reykjavík og APME-verkefnastjórnun 2016 frá sama skóla.

Þórhildur Líndal lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2009. Auk þess lauk hún BA-prófi í heimspeki frá sama skóla árið 2004.

Þórir Örn Árnason lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1995.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Samkvæmt framangreindu hafa allir umsækjendur lokið hefðbundnu fimm ára háskólanámi í lögfræði. Mat í þessum kafla lýtur því að viðbótarnámi sem nýttist umsækjendum.

Að þessu virtu stendur *Pétur Dam* öðrum umsækjendum frammar með tvær meistaragráður í framhaldsnámi auk háskólaprófa á grunnstigi. Næst honum koma *Helgi* sem hefur lokið meistaragráðu í lögfræði og námi í verðbréfamiðlun, auk ýmissa námskeiða, og *Ingiríður* sem hefur lokið meistaragráðu í lögfræði og þriggja mánaða námsvist við erlenda dómstóla auk m.a. sumarnámskeiða. Verður ekki gert upp á milli þeirra í þessum þætti matsins. Næstir koma *Arnaldur* sem hefur lokið meistaragráðu í lögfræði með auka einingum og *Stefán* sem einnig hefur lokið meistaragráðu í lögfræði og lagt stund á frekara nám. Þá hafa *Arnar Þór*, *Ásgerður*, *Bjarnveig*, *Nanna*, *Ragnheiður Elfa*, *Unnsteinn Örn* og *Valborg* öll lokið meistaragráðu í lögfræði og eru þau jafnsett. Næst þeim koma *Anna Mjöll* og *Þór* sem lokið hafa meistaragráðu á öðru sviði og eru þau jafnsett. Þá koma jöfn *Þórhildur* og *Hrannar* sem lokið hafa BA-gráðu til viðbótar laganámi sínu og þá næst *Daði* sem hefur lokið lögreglunámi. Á eftir honum kemur *Jónas* sem lokið hefur prófum sem hluta af meistaragráðu í lögfræði en ekki lokið henni. Næstur kemur *Ólafur Freyr* sem hefur lokið prófum sem hluta af meistaragráðu á öðru sviði. Þá koma *Guðfinnur*, *Guðmundína*, *Sonja María* og *Tómas Hrafn* sem öll hafa lokið lengri námsleiðum í endurmenntun og verður ekki gert upp á milli þeirra. Þá kemur *Hákon* sem hefur lokið prófum sem hluta af BA-gráðu. Næst koma *Ásgeir*, *Ástráður*, *Bergþóra*, *Guðmundur Örn*, *Gyða Ragnheiður*, *Indriði*, *Jón Þór*, *Magnús*, *Sigurður*, *Sólveig* og *Stefanía* sem öll hafa sótt styttri námskeið. Aðrir umsækjendur, fimm talsins, standa framantöldum að baki í þessum þætti hæfnismats en þau eru *Auður Björg*, *Ásbjörn*, *Brynjólfur* og *Þórir Örn*.

5.2. *Reynsla af dómstörfum*

Anna Mjöll Karlsdóttir starfaði sem fulltrúi í fúgetarétti hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík á árabílinu 1984-1992, þar af aðalfulltrúi frá 1989. Hún var settur héraðsdómari frá 1. október 2007 til 1. mars 2008 við Héraðsdóm Reykjaness og síðan við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. september 2008 til 15. apríl 2010. Samkvæmt því hefur hún verið fulltrúi dómara í um átta ár, þar af sem aðalfulltrúi í um þrjú ár. Hún hefur starfað sem settur héraðsdómari í um tvö ár.

Arnaldur Hjartarson starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands frá því í apríl 2011 fram í maí 2012. Arnaldur var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 16. september 2013 fram til 1. janúar 2014 en þar fékkst hann við sakamál og lögræðismál. Frá því í september 2015 hefur hann starfað sem aðstoðarmaður dómara (Legal Secretary - Head of Cabinet) við EFTA-dómstólinn. Samkvæmt umsókn hans hefur hann á þessu tímabili skrifað drög að um þriðjungi þeirra dóma sem dómstóllinn hefur kveðið upp. Um 80% starfa hans við dómstólinn varða dómstörf. Hann hefur þannig verið aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands í rúmt ár og aðstoðarmaður við EFTA-dómstólinn í rúm tvö ár. Hann hefur verið settur héraðsdómari í þrjú og hálfan mánuð.

Arnar Þór Jónsson starfaði að loknu laganámi árið 1997 og fram til 1. júlí 1998 sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness og frá þeim tíma fram til september 1999 sem aðstoðarmaður dómara við sama dómstól, að frátöldum fjórum mánuðum sem hann starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Í júní 2000 hóf hann störf sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands og starfaði þar fram á haustmánuði 2004; að frátöldu námsleyfi í eitt ár. Tímabilið 1. nóvember 2004 til 28. febrúar 2005 var umsækjandinn settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og aftur frá 1. febrúar til 30. júní 2014 og í þriðja sinn frá 12. janúar 2015 til 30. júní 2015. Hann hefur því verið fulltrúi og aðstoðarmaður dómara við héraðsdóm í um eitt og hálf ár og aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt í um þrjú ár. Þá hefur hann verið settur héraðsdómari í um 15 mánuði.

Auður Björg Jónsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Ásbjörn Jónasson hefur starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara frá lokum laganáms 2008 til og með 2017, að frátöldu sjö mánaða tímabili 2013-2014 er hann var

settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Sem settur dómari annaðist hann meðferð mála í hinni svokölluð almennu deild dómstólsins. Einnig hefur hann starfað í sömu deild sem aðstoðarmaður dómara og þá hefur hann aðstoðað dómara við meðferð einkamála. Hann hefur því verið aðstoðarmaður héraðsdómara í um átta og hálf ár og settur dómari í sjö mánuði.

Ásgeir Jónsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Ásgerður Ragnarsdóttir starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands frá því í desember 2005 og fram til ágúst 2007, auk tveggja mánaða skeiðs árið 2008. Hún hefur því starfað sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands í tæp tvö ár.

Ástráður Haraldsson hefur tekið sæti sem dómari í Félagsdómi í fimm málum.

Bergþóra Ingólfssdóttir hefur verið dómari í Félagsdómi frá árinu 2009 og setið í 15 málum.

Bjarnveig Eiríksdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Brynjólfur Hjartarson starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 2005-2009 eða í um fjögur ár.

Daði Kristjánsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Guðfinnur Stefánsson starfaði um fjögurra mánaða skeið sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur á árinu 2008. Frá upphafi árs 2009 hefur umsækjandinn starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vesturlands að frátöldu tímabilinu 1. febrúar til 30. júní 2014 er hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þegar umsækjandinn var settur héraðsdómari sinni hann bæði saka- og einkamálum. Hann hefur því verið aðstoðarmaður dómara í um átta og hálf ár og settur héraðsdómari í fimm mánuði.

Guðmundína Ragnarsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Guðmundur Örn Guðmundsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir hefur frá því í mars 2010 starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, eða í rúm sjö og hálf ár.

Hákon Þorsteinsson hóf störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness vorið 2010. Því starfi hefur hann gegnt síðan þá, að frátöldu þriggja mánaða tímabili á árinu 2014 þegar hann var settur héraðsdómari við sama dómstól.

Sem settur héraðsdómari hafði hann til meðferðar saka- og einkamál og kröfur um beinar aðfarargerðir. Hann hefur því verið aðstoðarmaður héraðsdómara í rúm sjö ár og settur héraðsdómari í þrjá mánuði.

Helgi Sigurðsson hefur tvívegis verið skipaður meðdómsmaður í Héraðsdómi Reykjavíkur og tvívegis matsmaður í dómsmálum.

Hrannar Már Hafberg starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra árin 2008-2009 og við Héraðsdóm Reykjavíkur árin 2009-2011 og aftur 2014-2015. Hann fékk leyfi frá störfum sínum sem aðstoðarmaður héraðsdómara 10. júní 2011. Hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 5. september 2011 til 29. febrúar 2012 og aftur um tveggja vikna skeið í mars 2012. Sem settur héraðsdómari fékkst hann mest við einkamál. Hann hefur því verið aðstoðarmaður dómara í um fjögur ár og settur héraðsdómari í um sex og hálfan mánuð.

Indriði Þorkelsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Ingiríður Lúðvíksdóttir starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness frá september 1999 til ágúst 2002 og sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá september 2003 til ágúst 2004. Í maí til júní 2004 var hún tímabundið sett dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og frá október 2004 til mars 2005 var hún tímabundið sett dómari við Héraðsdóm Reykjaness. Frá október 2007 til júlí 2008 var hún tímabundið sett dómari við Héraðsdóm Reykjaness og frá september sama ár starfaði hún sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur til maí 2010. Þá var hún sett dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í maí 2010 til ágúst 2012. Frá febrúar 2013 hefur hún verið sett dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Samfelldur starfsaldur hennar sem aðstoðarmaður dómara er því tæplega sex ár og sem dómari í um átta ár.

Jón Þór Ólason starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vestfjarða frá júní 2000 til september sama ár.

Jónas Jóhannsson var settur fulltrúi við Sakadóm Reykjavíkur í júní 1988 og fimm mánuðum seinna var hann skipaður í sama starf. Í ágúst 1991 var hann settur héraðsdómari við fimm sýslumanns- og bæjarfógetaembætti á Vestfjörðum og gegndi hann þeirri stöðu út júní 1992 þegar hann var settur dómari við nýstofnað

embætti Héraðsdóms Vestfjarða. Í desember sama ár hlaut hann skipun í það embætti og í ágúst 1998 fluttist hann til Héraðsdóms Reykjaness en var í námsleyfi frá störfum í níu mánuði á árunum 2004-2005. Frá febrúar 2006 til loka ágúst 2008 var hann dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Frá 1. september á því ári til loka árs 2011 var hann í leyfi frá störfum en fékk þá lausn frá embætti að eigin ósk. Hann á að baki þriggja ára feril sem dómarafulltrúi og um 16 ára sem dómari.

Magnús Guðlaugsson hefur setið í gerðardómum en hefur ekki aðra reynslu af dómstörfum.

Nanna Magnadóttir var aðstoðarmaður héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá september 1998 til ársloka 2000, að frádregnum fjórum mánuðum sem hún starfaði fyrir dómstólaráð. Hún hefur því starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara í tæplega tvö ár.

Ólafur Freyr Frimannsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Pétur Dam Leifsson starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá því í september 2001 og fram til nóvember 2004. Frá apríl til ágúst 2005 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra í hlutastarfi. Hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í tíu mánuði á árinu 2014 og aftur í rúma fjóra mánuði á árinu 2017. Hann hefur því reynslu sem aðstoðarmaður dómara við héraðsdóm í um þrjú og hálf ár, þar af í fjóra mánuði í hlutastarfi. Hann hefur verið settur dómari í 14 mánuði.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Sigurður Jónsson starfaði sem fulltrúi hjá sýslumanninum á Akureyri á árunum 1983 til 1986 og hefur starfað sem dómkvaddur matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og til þess að gera arðskrár vegna veiði.

Sonja María Hreiðarsdóttir var fulltrúi við Héraðsdóm Vestfjarða 1993-1996, þar af settur héraðsdómari í júlí og ágúst árin 1993-1996. Hún hefur verið varadómari í Félagsdómi frá árinu 2011 og tekið sæti í sjö málum. Hún hefur því verið fulltrúi héraðsdómara í um þrjú ár, þar af settur héraðsdómari um nokkurra mánaða skeið.

Sólveig Ingadóttir hefur starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands frá árinu 2010 eða í sjö ár.

Stefán Erlendsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Tómas Hrafn Sveinsson hefur ekki reynslu af dómstörfum

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Valborg Steingrímsdóttir hefur starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá september 2011 eða í rúm sex ár.

Þór Hauksson Reykdal hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Þórhildur Líndal hóf störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness, að loknu laganámi í október 2009, en frá september 2010 hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur eða samtals í tæp átta ár.

Þórir Örn Árnason hefur ekki reynslu af dómstörfum.

5.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Margir umsækjenda hafa nokkra, töluverða, allmikla eða mikla dómareynslu eða reynslu af dómstörfum. Þó nokkrir umsækjenda hafa enga reynslu af dómstörfum. Við mat á dómstörfum verður fyrst litið til tímalengdar dómstarfa en einnig eðlis og fjölbreytni starfanna. Þá varð ekki hjá því komist að taka tillit til þess ef umsækjendur létu af dómstörfum fyrir allmörgum árum og hafa ekki sinnt þeim síðan. Við mat í þessum þætti hefur jafnframt verið gætt að innsendum gögnum umsækjenda og opinberum gögnum, þar á meðal dómum sem sætt hafa áfrýjun. Einnig er litið til starfa umsækjenda sem fulltrúa eða aðstoðarmanna dómara og hvort umsækjendur hafa verið aðstoðarmenn dómara við héraðsdóm, í Hæstarétti eða við EFTA-dómstólinn. Þá er litið til þess hvort umsækjendur hafi fengið setningu sem héraðsdómarar. Þegar mat er lagt á reynslu þeirra sem störfuðu sem fulltrúar og dómarar fyrir réttarfarsbreytingarnar 1. júlí 1992 verður að taka tillit til þess að langt er um liðið og reglur á öllum sviðum réttarfars gjörbreyttar.

Af umsækjendum stendur *Ingiríður* efst í þessum matsþætti. Næstir koma í þessari röð *Jónas, Arnar Þór* og *Pétur Dam*. Þá *Anna Mjöll, Ásbjörn* og *Guðfinnur* jafnsett. Síðan koma jöfn *Arnaldur, Gyða Ragnheiður, Hákon, Hrannar, Sólveig, Valborg* og *Þórhildur*. Næst kemur *Ásgerður*. Þá koma *Brynjólfur* og *Sonja María* og eru þau jafnsett. Á eftir þeim koma jöfn *Nanna* og *Sigurður*. Næst koma í þessari röð *Bergþóra,*

Ástráður og loks Jón Þór og Helgi jafnsettir. Aðrir umsækjendur hafa enga reynslu af dómstörfum en það eru Auður Björg, Ásgeir, Bjarnveig, Daði, Guðmundína, Guðmundur Örn, Indriði, Magnús, Ólafur Freyr, Ragnheiður Elfa, Stefán, Stefanía, Tómas Hrafn, Unnsteinn Örn, Þór og Þórir Örn.

5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Anna Mjöll Karlsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1988 en hefur ekki sinnt lögmannsstörfum.

Arnaldur Hjartarson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2008. Frá vori 2008 fram í janúar 2009 starfaði hann sem löglærður fulltrúi á LEX lögmannsstofu.

Arnar Þór Jónsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1999 og fyrir Hæstarétti Íslands 2011. Frá ársbyrjun 2006 og fram til ársins 2007 starfaði umsækjandinn hjá Logos en þá gerðist hann meðeigandi að lögmannsstofu Ragnars Aðalsteinssonar og Sigríðar Rutar Júlíusdóttur sem síðar fékk heitið Réttur. Hann starfaði þar allt til ársins 2012. Á starfsferli hans sem lögmaður hefur hann fengist við margs konar mál. Hann hefur því sinnt lögmennsku sem aðalstarfi í fast að sex ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í um það bil eitt og hálf ár.

Auður Björg Jónsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2006 og fyrir Hæstarétti Íslands 2014. Að loknu laganámi starfaði hún hjá Jóni Egilssyni hrl. sem fulltrúi en hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá hausti 2015. Hún hefur bæði reynslu af sakamálum og einkamálum og hefur starfað sem lögmaður í um það bil 11 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í þrjú ár.

Ásbjörn Jónasson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2012 en hefur ekki starfað sem lögmaður.

Ásgeir Jónsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1990, fékk leyfi til að flytja mál í Hæstarétti Íslands, skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 61/1942, 1998 og hæstaréttarlögmennsréttindi 2008. Umsækjandinn hefur því starfað sem lögmaður í 27 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í níu ár. Hann starfar nú sem starfsmaður lögmannsstofu. Á lögmannstíma sínum hefur hann aðallega fengist við einkamál en hefur jafnframt verið verjandi í sakamálum og réttargæslumaður brotaþola.

Ásgerður Ragnarsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2005 og fyrir Hæstarétti Íslands 2016. Frá september 2008 hefur hún starfað sem lögmaður á LEX lögmannsstofu, sem fulltrúi til loka árs 2011 en frá þeim tíma sem meðeigandi. Sem lögmaður hefur hún unnið við mál þar sem reynir á fjölbreytt svið lögfræðinnar en hefur lagt mesta áherslu á stjórnskipunarrétt, eignarrétt, auðlindarétt og stjórnsýslurétt. Hún hefur haft lögmennsku sem aðalstarf í um það bil níu ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í tæp tvö ár.

Ástráður Haraldsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1991 og fyrir Hæstarétti Íslands 1995. Að loknu laganámi hóf hann störf á lögmannsstofu Arnmundar Backman hrl. og starfaði sem fulltrúi hans þar til hann varð meðeigandi að lögmannsstofunni í janúar 1992. Hann hefur síðan verið sjálfstætt starfandi lögmaður, þar af sem hæstaréttarlögmaður frá maí 1995. Frá því ári var hann í fimm ár einnig í hlutastarfi sem lögmaður. Lögmannsferill umsækjandans sem fulltrúi, héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður spannar því rúm 20 ár þegar litið hefur verið til hlutastarfa hans sem dósents á árunum 2002-2017 en að meðaltali jafngilti það starf 25-30% starfshlutfalli. Verkefni umsækjandans hafa snert flest svið lögfræðinnar, þó að drýgstum hluta snúið að stjórnsýslu- og vinnurétti. Á síðari árum hefur hann annast umfangsmikil verkefni er varða skiptingu þrotabúa, eignaumsýslu og sölu eigna.

Bergþóra Ingólfsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2004 og fyrir Hæstarétti Íslands 2011. Að loknu laganámi starfaði hún sem löglerður fulltrúi á Mandat lögmannsstofu og sem lögmaður frá því í júní 2004, lengst af sjálfstætt starfandi. Hún hefur flutt mál á mörgum sviðum lögfræðinnar og unnið við flest þau verkefni sem lögmennt sinna. Auk þess hefur hún rekið mál fyrir stjórnsýslunefndum. Umsækjandinn hefur því sinnt lögmenntu í um það bil 13 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í tæp sjö ár.

Bjarnveig Eiríksdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1987. Sem starfsmaður Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1996 til 2003 sinnti hún málflutningi fyrir EFTA-dómstólnum og flutti eitt mál fyrir Evrópudómstólnum. Frá 2003-2004 var hún lögmaður á skrifstofu borgarlögmanns og frá 2004-2005 lögmaður hjá TAXIS lögmannsstofu þar sem hún sinnti m.a. verjendastörfum vegna skattrannsóknna og

kæru til yfirskattanefndar. Þá hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá árinu 2007. Á þeim tíma hefur hún veitt ráðgjöf til stjórnvalda, fyrirtækja og einstaklinga, m.a. vegna EES-samningsins og viðskiptalöggjafar, og sinnt öllum almennum lögmannsstörfum auk þess að hafa flutt mál fyrir EFTA-dómstólnum. Umsækjandinn hefur sinnt lögmannsstörfum í um 12 ár auk þess að hafa sinnt málflutningi sem starfsmaður Eftirlitsstofnunar EFTA.

Brynjólfur Hjartarson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2004. Árin 2002-2004 starfaði hann sem löglerður fulltrúi á LEGALIS lögmannsstofu. Frá 2004-2005 var hann löggiltur fasteignasali og héraðsdómslögmaður á fasteignasölu.

Daði Kristjánsson hefur ekki starfað sem lögmaður. Hann starfaði sem löglerður fulltrúi hjá sýslumanninum á Ísafirði í tæp tvö ár eða þar til hann tók við starfi fulltrúa á ákæru- og rannsóknarsviði lögreglustjórans í Reykjavík í desember 2002. Frá upphafi árs 2007 til loka apríl 2008 var hann aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu en á því tímabili var hann settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara í þrjá og hálfan mánuð. Frá 1. maí 2008 til 15. maí 2010 var hann settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara. Hann var skipaður saksóknari við sama embætti frá 16. maí 2010 en var í leyfi í eitt ár 2012-2013. Frá maí 2008 til dagsins í dag, að undanskildu leyfi, telur hann að um helmingi starfstímans hafi verið varið í ákærumál og málflutning. Hann hefur flutt fjölmörg mál á þessum tíma, þar á meðal mjög mörg í Hæstarétti. Meðferð ákæruvalds og málflutningsreynsla í sakamálum tekur því til allt að 14 árum en hluta þess verða gerð skil í kafla 5.4. um reynslu af stjórnsýslustörfum.

Guðfinnur Stefánsson hefur ekki reynslu af lögmannsstörfum.

Guðmundína Ragnarsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1998 og hefur fengið staðfestingu um að hún uppfylli skilyrði til að þreyta prófaunum um málflutning fyrir Hæstarétti. Hún hefur starfað sem lögmaður frá árinu 2002, þar á milli af sem sjálfstætt starfandi lögmaður frá upphafi árs 2011. Fram til ársins 2011 starfaði hún aðallega við innheimtu, fjármuna- og samningarétt en frá þeim tíma hefur hún unnið mikið á sviði fasteignaréttar. Lögmannsferill hennar spannar því 15 ár.

Guðmundur Örn Guðmundsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1996 og hefur síðan þá starfað sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Á þeim

tíma hefur hann meðal annars verið skipaður skiptastjóri þrotabúa en þar fyrir utan hafa störf hans að mestu leyti snúið að rekstri fasteignafélags og hefur hann því lítið fengist við lögmannsstörf síðastliðin ár.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu í eitt ár 2009-2010.

Hákon Þorsteinsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2009. Á árunum 2009-2010 starfaði hann sem fulltrúi á lögmannsstofu.

Helgi Sigurðsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1989, takmörkuð réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands 1998 og réttindi sem hæstaréttarlögmaður 2000. Frá 1987-1988 starfaði hann sem fulltrúi Arnmundar Backman hrl. og sem sjálfstætt starfandi lögmaður 1995-1998. Hann hefur frá 2009 starfað á eigin lögmannsstofu en sem meðeigandi Lagastoðar frá 2011. Hann starfaði sem sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings hf. 1988-1995 og aftur 1998-2002. Ráða má að viðfangsefni þar hafi að verulegu leyti verið stjórnun en einnig lögmannsstörf. Frá þeim tíma til 2008 var hann framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings banka hf. og ritari stjórnar og gegndi sömu störfum hjá Arion banka hf. 2008-2009. Lögmannsferill hans spannar hátt í þrjá áratugi, þar af um 17 ár sem hæstaréttarlögmaður. Á ferlinum starfaði hann í 18 ár hjá þremur fjármálafyrirtækjum. Á starfstíma sínum var hann í námsleyfi í rúmt eitt ár. Störf hans hafa lengst af einkennst af verkefnum tengdum fjármálamarkaði.

Hrannar Már Hafberg öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2009 en hefur ekki starfað sem lögmaður.

Indriði Þorkelsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1985, takmörkuð réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands 1998 og réttindi sem hæstaréttarlögmaður 2009. Frá október 1983 til aprílloka 1985 starfaði hann sem fulltrúi hjá Ragnari Aðalsteinssyni hrl. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 1. maí 1985, sjálfstætt starfandi til ársins 1999 en fulltrúi frá þeim tíma. Frá 1999 til 1. febrúar 2008 starfaði hann sem fulltrúi hjá Almennu lögfræðistofunni sf. en frá þeim tíma til dagsins í dag sem fulltrúi hjá Juris slf. Frá árinu 2009 hefur starf hans einkum verið við þjóðlendumál en jafnframt hefur hann stundað önnur almenn lögmannsstörf.

Lögmannsferill hans spannar rúmlega þrjú áratugi en þar af hefur hann verið hæstaréttarlögmaður í rúm átta ár, lengst af sem fulltrúi.

Ingiríður Lúðvíksdóttir hefur ekki reynslu af lögmannsstörfum.

Jón Þór Ólason öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2009. Áður hafði hann starfað í tæplega þrjú ár sem aðstoðarmaður setts ríkissaksóknara samkvæmt umboðsskrá í svonefndu Baugsmáli. Hann starfaði sem fulltrúi hjá Lög mönnum Laugardal í tvö ár frá 2008-2010. Hann hefur starfað sem lögmaður á Jónatansson & Co lögfræðistofu frá janúar 2010 eða í tæp átta ár. Hann hefur á þeim tíma tengst málum er snerta flest svið lögfræðinnar en drýgstur hluti þeirra tengst skaðabótarétti, félagarétti, löggjöf á sviði fjármálaþjónustu, gjaldþrotaskiptum og verjendastörfum í sakamálum. Þá hefur hann flutt tvö prófmál til að öðlast rétt til málflutnings fyrir Hæstarétti. Samtímis hefur hann sinnt tímafrekum kennslustörfum í háskóla.

Jónas Jóhannsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2004 og sem hæstaréttarlögmaður í janúar 2012. Á lögmannsferli umsækjandans sem er frá 2012 hefur hann unnið sérstaklega á sviði mannréttinda, stjórnisýsluréttar, vinnuréttar og barna- og fjölskylduréttar. Hann er skráður fulltrúi á lögmannsstofu. Hann var búsettur í Brussel frá 2008 til og með 2011 en aðspurður kveðst hann hafa búið í Reykjavík ríflega 120 daga á ári frá 2012 til maí 2016 en endranær í Brussel. Í lögmennsku sinni leggur hann áherslu á að sætta mál fremur en að útkljá þau fyrir dómstólum. Að teknu tilliti til búsetu hans, fjarvinnu frá Brussel og eðlis lögmannsstarfa sýnist eðlilegt að líta svo á að hann hafi frá 2012 sinnt lögmennsku í þrjú og hálf ár.

Magnús Guðlaugsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1987 og sem hæstaréttarlögmaður í janúar 1994. Árið 1986 hóf hann störf sem fulltrúi á Málflutningsstofu Ágústar Fjeldsteds, Benedikts Blöndals og Hákonar Árnasonar og starfaði þar í tvö ár. Þá hóf hann störf á Málflutningsstofu Guðmundar Péturssonar, Péturs Guðmundarsonar og Hákonar Árnasonar. Hann hefur rekið eigin lögmannsstofu frá árinu 1990. Umsækjandinn starfar helst í fasteignamálum, slysa- og skaðabótamálum, vörumerkjámálum og verjendastörfum í skattamálum.

Lögmennsku hefur hann sinnt sem aðalstarfi í 30 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í 23 ár.

Nanna Magnadóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður á árinu 2001 en hefur ekki reynslu af störfum á lögmennsstofu að loknu laganámi.

Ólafur Freyr Frímansson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2008. Að loknu laganámi vorið 2008 hóf hann störf á Mörkinni lögmennsstofu þar sem hann gegndi störfum til hausts 2015. Frá því í október 2015 hefur hann starfað hjá Lagahvoli slf. Hann hefur sinnt verkefnum á flestum sviðum lögmennsku en á sviðum einkamála hafa verkefni hans einkum tengst félagarétti, fjármunarétti, gjaldþrotaskiptarétti, samkeppnisrétti, stjórnvæðingurétti og verðbréfamarkaðsrétti. Hann hefur jafnframt gegnt hlutverki verjanda og réttargæslumanns í sakamálum og hlutverki skiptastjóra. Lögmennsferill hans spannar nú níu ár sem fulltrúi.

Pétur Dam Leifsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður á árinu 2002 en hefur ekki reynslu af lögmennsstörfum.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir hefur réttindi sem héraðsdómslögmaður og hefur starfað sem lögmaður frá árinu 2013, meðfram starfi sínu sem lektor við Háskólann á Akureyri frá 2014.

Sigurður Jónsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1989 og sem hæstaréttarlögmaður í janúar 1997. Hann hefur rekið eigin lögmennsstofu frá árinu 1991, lengst af á Selfossi og í Vestmannaeyjum en síðan í Kópavogi. Samhliða hefur hann rekið fasteignasölu. Á lögmennsferli hans hefur hann m.a. rekið mörg mál fyrir stjórnvaldsnefndum, ekki síst Óbyggðanefnd. Hann hefur því sinnt lögmennsku sem aðalstarfi í 26 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í 20 ár.

Sonja María Hreiðarsdóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1995. Þá hefur hún flutt tvö prófmál til öflunar málflytninguréttinda fyrir Hæstarétti Íslands. Frá 1996-2000 starfaði hún sem lögfræðingur í lögfræðideild Íslandsbanka hf. Í júní 2006 hóf hún störf sem fulltrúi á lögmennsstofunni Pacta en þar starfaði hún við almenn lögmennsstörf í rúmt ár eða þar til hún hóf eigin rekstur lögmennsstofu, Lögmennsstofu Sonju Maríu ehf., fyrst í samstarfi við Borgarlögmenn. Í maí 2011 hóf hún samstarf við Megin lögmennsstofu. Helstu málaflokkar sem hún hefur sinnt sem lögmaður eru vinnuréttur, vinnumarkaðsréttur, stjórnvæðinguréttur, skiptastjórn og

fjölskylduréttur. Frá nóvember 2016 hefur hún starfað hjá borgarlögmanni. Lögmannsferill hennar spannar því 11 ár, þar af sem fulltrúi í eitt ár.

Sólveig Ingadóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2011 en hefur ekki reynslu af lögmannsstörfum.

Stefán Erlendsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1996. Hann hefur starfað hjá Vegagerðinni frá árinu 1992, þar af sem héraðsdómslögmaður frá árinu 1996. Meðal verkefna hans þar eru að annast samningsgerð, meðferð skaðabótakrafna og eignarnám. Hann hefur annast munnlegan og skriflegan flutning dómsmála hjá úrskurðarnefndum og matsnefnd eignarnámsbóta. Umsækjandinn hefur starfað sem innanhússlögmaður Vegagerðarinnar í 21 ár en hluta þess verða gerð skil í kafla 5.4. um reynslu af stjórnarsýslustörfum.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1996. Hún starfaði sem héraðsdómslögmaður í tæp tvö ár, 2000-2002, á lögmannsstofu Daggar Pálsdóttur hrl. Í framhaldi af því starfaði hún á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík í 15 mánuði þar sem hún fór meðal annars með saksókn fyrir héraðsdómi. Sama starfi gegndi hún í átta mánuði á árinu 2006. Að sögn hennar var málflutningsþáttur starfans á fyrra tímabilinu fyrirferðarminni en stjórnarsýslustörf en skipting starfa að þessu leyti nokkuð jöfn á því síðara. Hið sama gegni um núverandi starf hennar. Hún starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu í rúmlega eitt ár á tímabilinu 2010-2012. Hún hefur starfað sem saksóknari við embætti ríkissaksóknara frá 1. febrúar 2012, fyrst sem settur saksóknari en var skipuð í embætti frá 1. janúar 2016. Í því starfi hefur hún meðal annars annast sókn sakamála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Hún hefur því tæplega 11 ára reynslu af málflutningsstörfum sem fulltrúi á lögmannsstofu, lögfræðingur á ákærusviði lögreglustjóra eða saksóknari en hluti starfa hennar á sama tíma telst til stjórnarsýslustarfa.

Tómas Hrafn Sveinsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2007 og sem hæstaréttarlögmaður í janúar 2013. Að loknu laganámi í júní 2006 starfaði hann á Landslögum lögfræðistofu ehf. þar til í febrúar 2013 er hann varð meðeigandi hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur ehf. til nóvember sama ár. Hann starfaði hjá Bonafide lögmonnum slf. í eitt ár 2013-2014 og hjá LMB lögmonnum slf. frá nóvember 2014 til

síðla árs 2017, þar af sem eigandi frá september 2015. Síðan þá hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Helstu málaflokkar sem hann hefur fengist við varða skaðabóta- og váttryggingarétt, gjaldþrotarétt, innheimtumál, málefni lífeyrissjóða, refsirétt, fasteignakauparétt og barnaverndarrétt. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2007, þar af lengst af sem fulltrúi. Nú er hann í hálfu starfi sem lögmaður en sinnir stjórnáslustörfum og kennslu samhliða. Lögmannsferill hans spannar því tíu ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í fjögur ár.

Umnsteinn Örn Elvarsson öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2009. Að loknu laganámi í janúar 2009 starfaði hann sem lögfræðingur hjá Lög máli ehf. en sem héraðsdómslögmaður frá nóvember 2009 til september 2012. Haustið 2013 stofnaði hann eigin lögmannsstofu, De facto ehf., og hefur hann starfað þar síðan við fjölbreytt lögfræðistörf, m.a. upplýsingatæknirétt og persónuvernd. Umsækjandinn hefur því sinnt lögmennsku sem aðalstarfi í átta ár, að frátöldu árs hléi vegna framhaldsnáms, þar af þrjú ár sem fulltrúi.

Valborg Steingrímsdóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2016 en hefur ekki reynslu af lögmannsstörfum.

Dór Hauksson Reykdal hefur ekki reynslu af lögmannsstörfum.

Þórhildur Líndal öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2012 en hefur ekki reynslu af störfum á lögmannsstofu að loknu laganámi.

Þórir Örn Arnason öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1999. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu Jóns Ingvars Pálssonar hdl. frá 1997-1998. Árin 1999-2005 var hann sjálfstætt starfandi lögmaður. Frá árinu 2005 gegndi hann stöðu forstöðumanns lögfræðisinnheimtu og fullnustueigna Íslandsbanka en hann gegndi því starfi í tíu ár. Í því starfi fólst m.a. yfirumsjón og meðferð allra innheimtumála bankans, málflutningur og almenn lögmannsstörf. Árin 2015-2016 var hann sjálfstætt starfandi lögmaður og ráðgjafi og sinnti ýmsum ráðgjafaverkefnum vegna fasteignaviðskipta og aðstoð við skuldaskil. Frá árinu 2016 hefur hann rekið lögmannsstofuna og innheimtufyrirtækið Myntu ehf. Að eigin sögn hefur hann ekki starfað við málflutning síðan árið 2010. Umsækjandinn hefur sinnt lögmennsku og stjórnunarstörfum í lögmennsku í samtals 18 ár.

5.3.1. *Reynsla af lögmannsstörfum – samanburður*

Eins og að framan greinir hafa ýmsir umsækjenda allt frá svólitilli lögmannsreynslu og upp í mjög mikla reynslu á þessu sviði. Rúmur fjórðungur umsækjenda hefur þó enga reynslu af lögmannsstörfum.

Dómnefndin hefur við matið tekið tillit til fjölbreytni í lögmannsstörfum, mismunandi eðlis starfa umsækjenda, fjölda og mikilvægis dómsmála sem viðkomandi hefur fengist við. Hefur í því sambandi verið gætt að innsendum gögnum umsækjenda og opinberum upplýsingum. Í samhengi við fjölbreytni hefur verið jafnframt gætt að því hvort umsækjendur séu með réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Við samanburð verður eins og varðandi dómstörf litið til starfsaldurs. Varðandi starfsaldur verður litið til fulltrúastarfa á lögmannsstofum í kjölfar lokaprófs. Þá hafa sækjendastörf verið metin á sama hátt í þessum þætti. Einnig hefur verið tekið tillit til þess að sumir umsækjenda sinntu samhliða lögmannsstörfum viðfangsefnum er snúa meðal annars að stjórnslu og er sá hluti starfanna metinn í viðeigandi þáttum hæfnismatsins.

Að öllu gættu standa jafnir *Ástráður* og *Helgi* vegna viðamikilla lögmannsstarfa öðrum umsækjendum framar í þessum þætti hæfnismats. Næst þeim koma *Ásgeir*, *Daði* og *Magnús* jafnsettir. Á eftir þeim koma *Bergþóra* og *Sigurður* og er ekki gert upp á milli þeirra. Á eftir þeim kemur *Ásgerður* og þá *Auður Björg* og *Indriði* jöfn. Næst þeim koma *Arnar Þór* og *Guðmundína* jöfn. Eftir þeim koma *Bjarnveig*, *Jón Þór*, *Ólafur Freyr*, *Sonja María*, *Stefán*, *Stefanía*, *Tómas Hrafn* og *Unnsteinn Örn* og verður ekki gert upp á milli hæfni þeirra. Á eftir þeim koma *Guðmundur Örn*, *Jónas* og *Þórir Örn* jafnsettir. Þá koma *Brynjólfur*, *Hákon*, og *Ragnheiður Elfa* jafnsettir. *Arnaldur* og *Gyða Ragnheiður* hafa smávægilega lögmannsreynslu og verður ekki gert upp á milli þeirra. Aðrir umsækjendur hafa ekki reynslu í þessum þætti hæfnismats en þau eru *Anna Mjöll*, *Ásbjörn*, *Guðfinnur*, *Hrannar*, *Ingiríður*, *Nanna*, *Pétur Dam*, *Sólveig*, *Valborg*, *Þór* og *Þórhildur*.

5.4. *Reynsla af stjórnslustörfum*

Anna Mjöll Karlsdóttir starfaði sem deildarstjóri í aðfarardeild sýslumannsins í Reykjavík frá 1992 til 1998, þar af sem staðgengill sýslumanns frá 1993. Frá 1999 til

2005 starfaði hún sem skrifstofustjóri og staðgengill sýslumanns við sama embætti. Hún starfaði sem lögfræðingur á einkamálskrifstofu hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um fjögurra mánaða skeið árið 2005 en starfið fólst í samningu stjórnvaldsákvarðana, einkum á sviði sifjaréttar. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri dómstólaráðs frá 1. september 2005 til 1. september 2007 og aftur frá 15. maí til 1. ágúst 2010. Hún gegndi starfi aðstoðarframkvæmdastjóra lánasviðs Fjármálaeftirlitsins og síðar eftirlitssviðs á árunum 2010-2012 eða þar til hún tók við starfi yfirlögfræðings stofnunarinnar í nóvember 2012. Sem yfirlögfræðingur ber hún lögfræðilega ábyrgð á þeim málum sem fara fyrir stjórn stofnunarinnar auk setningar reglna og leiðbeinandi tilmæla. Umsækjandinn hefur starfað við stjórnslustörf að aðalstarfi frá júlí 1992 til og með september 2007 og aftur frá maí 2010 til þessa dags. Samtals hefur hún haft stjórnslustarf að aðalstarfi í um 22 ár.

Arnaldur Hjartarson var starfsmaður Rannsóknarnefndar Alþingis vegna falls íslensku bankanna frá byrjun árs 2009 í um eitt ár. Hjá Fjármálaeftirlitinu starfaði hann við stjórnslustörf á lánasviði í um eitt ár frá 2010-2011. Frá því í júlí 2013 og fram í september 2015 starfaði hann sem yfirlögfræðingur Bankasýslu ríkisins. Frá miðjum september 2013 var hann í takmörkuðu starfshlutfalli vegna annarra starfa. Frá því í maí 2015 hefur hann setið í viðurlaganefnd Kauphallar NASDAC OMX Iceland hf., upphaflega sem varamaður en frá því í mars 2017 sem aðalmaður. Sem varamaður tók hann þátt í öllum málum sem tekin voru til meðferðar fyrir nefndinni. Hann hefur starfað við stjórnslustörf að aðalstarfi í tvö ár auk þess að hafa setið í einni úrskurðarnefnd og verið í hlutastarfi hjá stjórnslustofnun.

Arnar Þór Jónsson starfaði á tímabilinu 1999-2000 tvívegis í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fyrst frá febrúar til júní 1999 og aftur frá september 1999 til júní 2000. Þar vann hann við úrskurði, skýrslugerð og stjórnslufyrirmæli, auk þess að starfa með stjórnslunefndum í tengslum við starf sitt. Þá var hann settur skrifstofustjóri Hæstaréttar Íslands um tveggja mánaða skeið árið 2004. Á starfsferli sínum hefur hann setið í fjölda stjórnslu- og úrskurðanefnda, svo sem úrskurðarnefnd um atvinnuleysistryggingar árin 2005-2007 og sem varamaður í kærunefnd jafnréttismála frá árinu 2011 þar sem hann hefur þrisvar sinnum tekið sæti. Í júlí 2016 var hann skipaður formaður starfsmenntunarsjóðs dómara. Hann

hefur þannig gegnt stjórnáslustarfi að aðalstarfi í um 19 mánuði og setið í ýmsum stjórnáslunefndum.

Auður Björg Jónsdóttir hefur verið formaður kæruneftndar húsamála frá árinu 2013. Neftndin úrskurðar eða gefur álit í allt að 90 málum á ári. Frá desember 2016 hefur hún alfarið séð um að rita úrskurði og álit neftndarinnar en fram að því höfðu starfsmenn velferðarráðuneytisins annast það og hún farið yfir skrif þeirra. Hún hefur því leitt annasama stjórnáslunefnd í fjögur ár.

Ásbjörn Jónasson hefur ekki reynslu af stjórnáslustörfum.

Ásgeir Jónsson gegndi starfi gjaldheimtustjóra Suðurnesja frá desember 1987 til maí 1990. Umsækjandinn undirbjó kosningu fyrir nýtt nafn á sameinuðu sveitarfélagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna og var jafnframt formaður kjörstjórnar. Hann var varamaður í félagsmálaráði Reykjanesbæjar 1994-1998 og sat nánast alla fundi ráðsins. Í ágúst 1999 var umsækjandinn skipaður formaður í umsjónarneftnd fólksbifreiða á Suðurnesjum sem hann gegndi til ársins 2002. Hann gegndi stjórnáslustarfi að aðalstarfi í tvö og hálf ár og hefur setið í tveimur stjórnáslunefndum.

Ásgerður Ragnarsdóttir starfaði sem lögfræðingur á lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í rúmlega eitt og hálf ár að loknu embættisprófi 2004. Í því starfi og eftir að því lauk sat hún í ýmsum stjórnáslunefndum, svo sem ritari kæruneftndar útboðsmála frá 2005-2007 og ritari neftndar forsætisráðherra um viðurlög við afbrotum 2004-2006 og var skýrslu skilað 2006. Hún hefur frá maí 2013 verið neftndarmaður í kæruneftnd útboðsmála. Á þeim rúmlega fjórum árum sem hún hefur setið í neftndinni hefur hún tekið þátt í samningu meira en 140 ákvarðana og úrskurða. Hún var skipuð neftndarmaður í endurupptökunefnd í júní 2016 til maí 2017. Á þeim tíma leysti neftndin meðal annars úr beiðnum um endurupptöku hinna svoneftndu Guðmundar- og Geirfinnsmála en vinna við þá úrskurði var umfangsmikil. Hún hefur því gegnt stjórnáslustarfi að aðalstarfi í eitt og hálf ár og setið í nokkrum annasömum stjórnáslunefndum.

Ástráður Haraldsson sat í umferðarneftnd Reykjavíkur árin 1990-1994, gegndi formennsku rannsóknarneftndar sjóslysa 1991-1992, sat í kæruneftnd húsnaðismála 1999-2003 og í útvarpsréttarneftnd 1999-2004. Hann sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkur

1995-2003 og landskjörstjórn frá 2003. Hann hefur því ekki gegnt stjórnsýslustörfum að aðalstarfi en setið lengi í stjórnsýslunefndum, einkum kjörstjórnnum.

Bergþóra Ingólfssdóttir hefur setið í ýmsum stjórnsýslunefndum. Hún var varamaður í áfrýjunarnefnd kærumála háskólanema 2006-2008 og tók þátt í einu máli. Hún hefur átt sæti í úrskurðarnefnd um ólögmætan sjávarafli frá því í nóvember 2010 til maí 2014 en þá var hún skipuð varaformaður nefndarinnar. Nefndin fær að jafnaði eitt til fjögur mál á ári til meðferðar. Umsækjandinn var formaður úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála frá því í nóvember 2012 og til ársloka 2015. Á þeim tíma kvað nefndin upp 297 úrskurði. Hún hefur í tvígang verið kjörin til setu í hverfiskjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga og nýverið kjörin aðalmaður í yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborgardæmi suður. Hún hefur því ekki gegnt stjórnsýslustarfi að aðalstarfi en setið í annasamri stjórnsýslunefnd.

Bjarnveig Eiríksdóttir starfaði á þinglýsingadeild borgarfélagans í Reykjavík í þrjú mánuði 1984. Hún starfaði í átta ár hjá fjármálaráðuneytinu í ýmsum störfum sem fulltrúi og síðar deildarstjóri 1984-1995 en helstu störf voru úrskurðir um tollamál, óbeina skatta, virðisaukaskatt og að gera drög að stjórnvaldsreglum og frumvörpum. Þá sat hún einnig í ýmsum stjórnsýslunefndum á vegum ráðuneytisins. Árin 1989-1990 var hún fyrsti sendiráðsritari hjá fastanefnd Íslands í Genf. Árin 1996-2003 var hún lögmaður og staðgengill skrifstofustjóra á lagaskrifstofu ESA í Brussel eða í samtals sjö og hálf ár. Þá var hún varamaður í stjórn ESA á árunum 2007-2013 og tók sæti aðalmanns sem var vanhæfur við meðferð Icesave-málsins. Hún starfaði hjá umboðsmanni Alþingis í um eitt og hálf ár 2005-2007. Hún var formaður endurskoðendaráðs í hlutastarfi í fjögur ár 2009-2013. Hún hefur verið formaður málskotsnefndar LÍN frá árinu 2010 en nefndin hefur úrskurðað í um 307 málum á þeim tíma. Þá var hún nefndarmaður í yfirskattanefnd í tvö og hálf ár 2015-2017 og tók þátt í 648 málum. Þá var hún í hlutastarfi hjá ríkistollanefnd í níu mánuði árið 2014 í þremur málum. Hún hefur því gegnt stjórnsýslustarfi að aðalstarfi í rösklega 18 ár og setið í mörgum annasömum stjórnsýslunefndum.

Brynjólfur Hjartarson starfaði sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum í Keflavík 1999-2002. Hann hóf störf árið 2010 í samgöngu- og

sveitarstjórnarráðuneytinu, síðar innanríkisráðuneytinu og nú aftur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, þar sem hann ber ábyrgð á og úrskurðar í kærumálum á ýmsum sviðum. Þá sá hann um afgreiðslu álita á grundvelli sveitarstjórnarlaga, leyfisveitingar tengdum fasteignakaupum útlendinga og starfsmannamál undirstofnana hluta þess tíma. Hann hefur samið vel á fimmta hundrað úrskurða í starfi sínu á þessum tíma. Umsækjandinn hefur haft stjórnsýslustörf að aðalstarfi í u.þ.b. 11 ár.

Daði Kristjánsson starfaði hjá sýslumanninum á Ísafirði sem löglærður fulltrúi frá 1. janúar 2001 til 30. nóvember 2002. Hann starfaði sem löglærður fulltrúi á ákæru- og rannsóknarsviði lögreglustjórans í Reykjavík frá 1. desember 2002 til 31. desember 2006. Þá var hann aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar 2007 til 30. apríl 2008. Hann hefur starfað sem saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara frá 1. maí 2008, þar af skipaður frá 16. maí 2010. Þá starfaði hann sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis frá 1. febrúar 2012 til 31. janúar 2013 eða í eitt ár. Árið 2014 sat hann í valnefnd sem fjallaði um og lagði mat á umsóknir um embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum og embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum. Starfstími umsækjandans hjá sýslumanni, lögreglunni og ríkissaksóknara er tæplega 16 ár en hluti af þeim störfum hefur verið metinn sem lögmannsreynsla. Auk þess starfaði hann í eitt ár hjá umboðsmanni Alþingis.

Guðfinnur Stefánsson hefur ekki reynslu af stjórnsýslustörfum.

Guðmundína Ragnarsdóttir starfaði 1995-2000 hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Árin 2000-2001 starfaði hún hjá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi. Hún hefur þannig haft stjórnsýslustarf að aðalstarfi í um sjö ár.

Guðmundur Örn Guðmundsson hefur ekki reynslu af stjórnsýslustörfum.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir hefur ekki reynslu af stjórnsýslustörfum.

Hákon Þorsteinsson hefur ekki reynslu af stjórnsýslustörfum.

Helgi Sigurðsson var fulltrúi hjá yfirborgarfégetanum í Reykjavík um nokkurra mánaða skeið árið 1987. Hann sat í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki 2002-2008.

Hrannar Már Hafberg starfaði sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík 2008 í rúmlega hálfu ári og fólst starf hans að nokkru leyti í meðferð stjórnsýslumála. Hann starfaði sem lögfræðingur hjá Rannsóknarnefnd Alþingis um fall sparisjóðanna í sex mánuði 2012 en var formaður nefndarinnar frá 26. september 2012. Nefndin skilaði lokaskýrslu þann 10. apríl 2014. Hann var yfirlögfræðingur/sviðsstjóri lögfræðisviðs Fiskistofu og tilheyrði yfirstjórn 2015-2017. Frá því í ársbyrjun 2017 hefur hann gegnt ráðgjafarstörfum við stofnunina um lagaleg málefni og innra starf. Hann hefur því haft stjórnsýslustörf að aðalstarfi í um fjögur og hálfu ári.

Indriði Þorkelsson hefur ekki reynslu af stjórnsýslustörfum.

Ingiríður Lúðvíksdóttir starfaði sem lögfræðingur í utanríkisráðuneytinu frá því í apríl 2006 til október 2007. Starfið fólst í yfirferð þjóðréttarsamninga og umsjón með fullgildingu þeirra. Þá skrifaði hún tillögur til þingsályktunar og undirbjó birtingu samninga. Auk þess vann hún við undirbúning lagafrumvarpa og ritaði minnisblöð um ýmis efni. Þá var hún settur skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í átta mánuði 2005-2006. Hún var jafnframt varaformaður áfrýjunarnefndar neytendamála í níu ár, frá 2005 til 2014. Þar tók hún sæti í a.m.k. níu málum og gerði drög að úrskurði í a.m.k. sex málum. Hún hefur því haft stjórnsýslustörf að aðalstarfi í rúm tvö ár.

Jón Þór Ólason starfaði sem deildarsérfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá september 2000 til janúar 2006, fyrstu fjögur árin á dómsmála- og löggæsluskrifstofu en frá 2004 á lagaskrifstofu ráðuneytisins. Auk þess sat umsækjandinn í og stýrði vinnu starfshópa og nefnda á vegum ráðuneytisins, þ.m.t. samningu úrskurða, sinni ýmsu alþjóðasamstarfi og var fulltrúi Íslands í sérfræðinefndum, meðal annars á vettvangi Schengen-samstarfsins, Evrópuráðsins og ríkjanefndar gegn spillingu (GRECO). Hann hefur sinnt stjórnsýslustörfum að aðalstarfi í um fimm og hálfu ári.

Jónas Jóhannsson sat í nefnd á vegum dómsmálaráðherra um könnun á veitingu reynslulausna skv. 40.- 42. gr. almennra hegningarlaga á árunum 2003-2004. Þann 5. september 2017 var hann skipaður formaður gjafsóknarnefndar.

Magnús Guðlaugsson sat í landskjörstjórn 1990-1991 en hefur ekki aðra reynslu af stjórnsýslustörfum.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í rúmlega hálfu ári 2001. Þá starfaði hún í eitt ár hjá umboðsmanni Alþingis 2001-2002 og var jafnframt fengin um skeið til að sinna verkefnum fyrir umboðsmann haustið 2013. Í september 2003 hóf hún störf hjá Evrópuráðinu og starfaði þar til loka árs 2004, fyrst sem aðstoðarmaður í fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu og síðar sem lögfræðingur hjá Evrópuráðinu við störf tengd fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Frá byrjun árs 2014 hefur hún gegnt stöðu forstöðumanns og formanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Hún hefur því haft stjórnsýslustörf að aðalstarfi í ríflega fimm og hálfu ári.

Ólafur Freyr Frímannsson hefur ekki reynslu af stjórnsýslustörfum.

Pétur Dam Leifsson er að aðalstarfi dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Í tengslum við starf sitt hefur hann m.a. verið formaður Rannsóknarnámsnefndar Háskóla Íslands 2009-2010, 2013-2014 og frá 2016, formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá 2017 og í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands frá 2012. Hann starfaði eitt sumar sem lögfræðingur í afleysingum hjá lögfræði- og ákærusviði lögreglustjórans í Reykjavík. Þá hefur hann verið varamaður í nefnd um dómaraströf og tekið sæti í nokkrum málum. Hann hefur nú í tæp þrjú ár starfað sem nefndarmaður í kærunefnd útlendingamála, fyrst varamaður en aðalmaður frá ársbyrjun 2016 og var varaformaður fyrri helming árs 2016. Hefur hann unnið við á fimmta hundrað úrskurða. Hann hefur einungis haft stjórnsýslu að aðalstarfi í skamman tíma en hefur setið í annasamri stjórnsýslunefnd auk annars.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir starfaði sem yfirlögfræðingur umhverfisráðuneytisins á árunum 1995-1998. Hún starfaði hjá utanríkisráðuneytinu á árunum 1998-2013. Á árunum 1998-2004 starfaði hún á skrifstofu þjóðréttarfræðings og viðskiptaskrifstofu og vann að útgáfu samninga Íslands við erlend ríki. Frá árinu 2004-2009 starfaði hún í sendiráði Íslands í Brussel en frá 2009 stýrði hún umhverfis- og auðlindarmálum í ráðuneytinu auk þess sem hún sat í samninganefnd Íslands vegna aðildarviðræðna við ESB til 2013 sem formaður samningahóps um byggðamál. Þá hefur hún átt sæti í úrskurðarnefnd um ólögmetan sjávarafila frá árinu 2015. Hún hefur haft stjórnsýslustörf að aðalstarfi í 18 ár auk þess að sitja í stjórnsýslunefndum.

Sigurður Jónsson var fulltrúi sýslumannsins á Akureyri frá því um vorið 1983 til febrúar 1986 og sýslumannsins í Árnassýslu frá þeim tíma til 1987. Af störfum hans þar verður að telja að meirihluti teljist til dómstarfa. Hann var settur sýslumaður í Strandassýslu í einn og hálfan mánuð árið 1987. Þá var hann aðstoðarmaður dómsmálaráðherra frá því í september 1989 og fram í maí 1991 og sat í ýmsum nefndum á vegum Stjórnarráðsins í tengslum við það starf. Þá var hann formaður yfirúttektarnefndar Árnassýslu um nokkurra ára skeið. Má segja að hann hafi haft stjórnssýslustörf að aðalstarfi í röskegla tvö ár auk nefndarformennskunnar.

Sonja María Hreiðarsdóttir starfaði sem fulltrúi hjá sýslumanninum í Keflavík 1992-1993. Hún starfaði sem sérfræðingur á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 1. nóvember 2000 og fram í maí 2006. Hún var ritari áfrýjunarnefndar samkeppnismála 2009-2017 og hefur verið nefndarmaður í málsskotsnefnd LÍN frá 2010. Frá 1. nóvember 2016 hefur hún gegnt starfi lögmanns hjá embætti borgarlögmanns hjá Reykjavíkurborg en allmikill hluti þess starfs telst til stjórnssýslu. Hún hefur þannig haft stjórnssýslustörf að aðalstarfi í um átta og hálfu ári.

Sólveig Ingadóttir hefur ekki reynslu af stjórnssýslustörfum.

Stefán Erlendsson hefur starfað hjá Vegagerðinni síðan 1992. Fyrstu árin eða 1992-1997 var hann lögfræðingur og héraðsdómslögmaður sem annaðist alla almenna lögfræðilega ráðgjöf á öllum sviðum Vegagerðarinnar. Hann var 1997-2004 yfirmaður lögfræði- og mannauðsmála, bóka- og skjalasafns og útgáfu. Árin 2004-2013 var hann yfirmaður lögfræðimála og eftirlits, árin 2013-2016 forstöðumaður lögfræðideildar og frá því í júlí 2016 framkvæmdastjóri stoðsviðs. Hann hefur starfað í tæp 25 ár hjá Vegagerðinni en stór hluti starfa hans þar telst til stjórnssýslustarfa.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir vann sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík 1992-2000 eða í tæp átta ár að þremur mánuðum undanskildum. Á því þriggja mánaða tímabili 1996-1997 starfaði hún á einkamálaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Hún fór með stjórn lögreglurannsóknna og sinnti fleiri stjórnssýsluverkefnum auk vinnu við málflutningsstörf hjá lögreglustjóranum í Reykjavík í fimmtán mánuði og aftur síðar í átta mánuði. Í rúmlega tvö ár vann hún við fæðingarorlofsmál hjá Tryggingastofnun og í tæplega fjögur ár hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga. Þá sat hún um árabíl í úrskurðarnefnd skv.

lögum um tæknifrjövgun. Sem settur saksóknari og saksóknari síðustu fimm ár hefur hún samhliða vinnu við málflyttingsstörf sinnt ýmsum stjórnsýsluverkefnum, m.a. að leggja mat á rannsókn mála, afgreiða kærðar ákvarðanir lögreglustjóra o.fl. Á árunum 2010-2012 starfaði hún í rúmlega eitt ár samhliða lögmennsku í hlutastarfi fyrir úrskurðarnefnd skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hún sat í hverfiskjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar 1994, alþingiskosningar 1995 og sveitarstjórnarkosningar 1998. Hún hefur því haft stjórnsýslustarf að aðalstarfi í fast að 22 árum en hluti starfa hennar hjá lögreglu og ákærvaldi fólst í málflytningi. Að auki hefur hún setið í stjórnsýslunefndum.

Tómas Hrafn Sveinsson var í nóvember 2015 kjörinn formaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Frá því að umsækjandinn varð formaður hefur nefndin fjallað um 487 mál og kveðið upp 95 úrskurði þar sem hann hefur samið drög að forsendum. Þá var hann oddviti kjörstjórnar fyrir borgarstjórnarkosningar 2014, sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður fyrir forsetakosningar 2016 og 2017, var í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður fyrir alþingiskosningar 2016 og er í yfirkjörstjórn vegna komandi borgarstjórnarkosninga. Hann hefur því leitt annasamar stjórnsýslunefndir.

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur ekki reynslu af störfum á sviði stjórnsýslu.

Valborg Steingrimsdóttir starfaði í tvö ár hjá Orkustofnun á árunum 2008-2010, en í því starfi kom hún m.a. að leyfisveitingum á grundvelli raforkulaga og laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Þór Hauksson Reykdal starfaði hjá ríkisskattstjóra, Skattstofunni á Akureyri frá 2012-2016. Árið 2016 varð hann forstöðumaður yfir þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar sem hefur það verkefni að annast framkvæmd laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Hann hefur starfað í um fimm ár hjá stjórnsýslustofnunum.

Þórhildur Líndal var varamaður í kærufnd greiðsluaðlögunarmála frá 2013-2016 og tók þátt í afgreiðslu mála hjá nefndinni. Þá hefur hún frá því í mars 2016 setið sem aðalmaður í úrskurðarnefnd velferðarmála. Þar úrskurðar hún í málum um foreldra- og fæðingarorlof, um greiðslur til foreldra alvarlegra eða langveikra barna og málum tengdum greiðsluaðlögun. Þá hefur hún setið í hverfiskjörstjórn vegna

forsetakosninga 2016 og alþingiskosninga 2016-2017. Hún hefur því nokkra reynslu af starfi annasamra stjórnarsýslunefnda.

Þórir Örn Árnason starfaði sem deildarstjóri hjá skattstjóranum á Vesturlandi 1995-1996. Á árunum 1996-1997 starfaði umsækjandinn sem deildarstjóri í eftirlitsdeild skattstjórans á Reykjanesi. Umsækjandinn hefur því samanlagt sinnt stjórnarsýslustörfum að aðalstarfi í tvö ár.

5.4.1. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður*

Til grundvallar samanburði var lögð tímalengd aðalstarfs, það hversu góður undirbúningur undir dómarastarf viðkomandi starf væri, reynsla af starfi stjórnarsýslunefnda og eftir atvikum af formennsku í þeim og umfang starfs slíkra nefnda. Með vísan til framangreinds standa *Ragnheiður Elfa*, *Stefanía* og *Stefán* öðrum umsækjendum frammar á þessu sviði og verður ekki gert upp á milli þeirra. Næst þeim koma *Anna Mjöll*, *Bjarnveig*, *Brynjólfur*, *Hrannar* og *Nanna* jafnsett. Þá koma *Daði*, *Guðmundína*, *Jón Þór*, *Sonja María* og *Þór* en ekki verður gerður greinarmunur á þeim. Á eftir þeim koma *Ásgeir*, *Ingiríður* og *Þórir Örn* jöfn. Því næst koma *Arnaldur*, *Arnar Þór*, *Ásgerður*, *Pétur Dam* og *Tómas Hrafn* og verður ekki gert upp á milli þeirra. Á eftir þeim koma *Auður Björg*, *Bergþóra*, *Sigurður* og *Valborg* og eru þau jafnsett. Næst þeim koma jöfn *Ástráður*, *Helgi*, *Jónas* og *Þórhildur*. Næstur kemur *Magnús*. Aðrir umsækjendur hafa enga reynslu sem skiptir hér máli, það eru *Ásbjörn*, *Guðfinnur*, *Guðmundur Örn*, *Gyða Ragnheiður*, *Hákon*, *Indriði*, *Ólafur Freyr*, *Sólveig* og *Unnsteinn Örn*.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Anna Mjöll Karlsdóttir hefur haldið nokkra fyrirlestra við háskóla.

Arnaldur Hjartarson annaðist stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá nóvember 2009 en var ráðinn sem aðjúntkt við deildina frá 1. júlí 2013. Í upphafi árs 2014 tók hann við starfi sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands en því starfi gegndi hann fram á vor 2016 en í 50% starfshlutfalli frá 1. september 2015. Frá vori 2016 hefur hann gegnt starfi aðjúnkts við lagadeild Háskóla Íslands í 25% starfi. Á

Þessum tíma hefur hann kennt á mörgum mismunandi námskeiðum og málstofum, einkum á sviði fjármuna- og Evrópuréttar, og leiðbeint nemendum við skrif BA- og meistara-ritgerða. Auk þess sinnti hann stunda- og gestakennslu við Háskólann á Bifröst, Ohio Northern University og Endurmenntun Háskóla Íslands. Þá starfaði hann samhliða framhaldsnámi í Yale-háskóla sem aðstoðarmaður við rannsóknir (e. research assistant). Hann hefur því gegnt stöðu við háskóla að aðalstarfi í eitt ár og átta mánuði og í 50% starfi einn vetur. Hann hefur verið stundakennari, þ.m.t. í stöðu aðjúnkts, í átta ár og haft umsjón með námskeiðum.

Arnar Þór Jónsson var ráðinn sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík í október 2011 og hefur frá árinu 2014 starfað að aðalstarfi sem lektor í lögfræði við sama skóla. Sem lektor hefur hann haft umsjón með námskeiðum, kennt á mörgum námskeiðum, einkum á sviði réttarheimspeki og fjármunaréttar og leiðbeint við ritgerðir. Umsækjandinn hafði áður sinnt stundakennslu við Háskólann í Reykjavík frá 2005-2009 og við Háskóla Íslands 2003-2011. Þá hefur hann verið stunda- og gestakennari við Háskólann á Akureyri, Endurmenntun Háskóla Íslands og Lögregluskóla ríkisins. Hann hefur því gegnt stöðu við háskóla að aðalstarfi í rúm sex ár en hafði áður verið stundakennari í átta ár.

Auður Björg Jónsdóttir hefur kennt leigurétt sem stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá haustinu 2005 og kennir um fjöleignahús á haustönn 2017 við sömu deild.

Ásbjörn Jónasson hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt öðrum akademískum störfum en hann hélt fyrirlestur á námskeiði fyrir starfsmenn héraðsdómstólanna í mars 2014.

Ásgeir Jónsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt öðrum akademískum störfum en hann kenndi í tvígang námskeið í lögfræði við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Ásgerður Ragnarsdóttir hefur verið aðjúnkta við lagadeild Háskóla Íslands frá febrúar 2017 en þar á undan hafði hún sinnt stundakennslu á mörgum námskeiðum við deildina frá árinu 2009 og haft umsjón með námskeiði. Kennsluvið hennar hafa einkum verið réttarfar og mannréttindi. Hún leiðbeindi einnig við ritun BA-ritgerða við sama skóla frá 2006-2012 og 2017, hefur verið prófdómari við lagadeildir Háskóla

Íslands og Háskólans í Reykjavík og kennt á námskeiði um lagareglur vegna verklegra framkvæmda hins opinbera á vegum Lögmannafélags Íslands. Hún hefur því verið stundakennari, þ.m.t. í stöðu aðjúnkts, í átta ár og haft umsjón með námskeiði.

Ástráður Haraldsson var í hlutastarfi (að meðaltali 25-30%) dósentis við Háskólann á Bifröst 2002-2017. Hann kenndi og hafði umsjón með mörgum námskeiðum, einkum á sviði vinnuréttar, stjórnisýsluréttar auk fullnusturéttarfars. Árin 2002-2006 kenndi umsækjandinn á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda og var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004 auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla á þessu tímabili. Hann hefur því gegnt stöðu við háskóla í hlutastarfi í 15 ár en hafði áður verið stundakennari í tvö ár.

Bergþóra Ingólfssdóttir hefur verið stundakennari í vinnurétti og vinnumarkaðsrétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2012 og í alþjóðlegum vinnumarkaðsrétti við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og haft umsjón með þessum námskeiðum. Hún hefur jafnframt sinnt stundakennslu við Háskólann á Bifröst og hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Hún hefur verið prófdómari við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans á Bifröst og leiðbeint við ritun BA- og ML-ritgerða við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Hún hefur jafnframt skipulagt og kennt á margvíslegum námskeiðum fyrir starfsmenn, stjórnar- og trúnaðarmenn stéttarfélaganna. Hún hefur því verið stundakennari í meira en fimm ár og haft umsjón með námskeiðum.

Bjarnveig Eiríksdóttir hefur verið aðjúnkt, og áður stundakennari, í Evrópurétti við lagadeild Háskóla Íslands frá 2005 og verið prófdómari við deildina frá árinu 2003. Umfang kennslu hefur verið mismikið eftir árum. Hún hefur leiðbeint við ritun BA-ritgerða og einnar meistararitgerðar. Hún hefur jafnframt annast stundakennslu við Háskólann á Akureyri í Evrópurétti og þjóðarétti og á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og kennt á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda. Hún hefur því verið stundakennari, þ.m.t. í stöðu aðjúnkts, í 12 ár.

Brynjólfur Hjartarson hefur ekki kennt á háskólastigi en hefur tvisvar verið skipaður prófdómari með BA-ritgerðum við lagadeild Háskólans á Akureyri og einu sinni við lagadeild Háskóla Íslands.

Daði Kristjánsson var stundakennari við Háskóla Íslands frá 2012-2016 og kenndi þar hluta af refsirétti og sakamálaréttarfari. Frá hausti 2006 til ársloka 2011 kenndi hann sakamálaréttarfar við Lögregluskóla ríkisins. Hann hefur því verið stundakennari á háskólastigi í fimm ár og við Lögregluskólann í fimm til viðbótar.

Guðfinnur Stefánsson sinnti stundakennslu við Háskólann á Bifröst í sakamálaréttarfari árin 2014 og 2015 og var prófdómari við Háskólann á Bifröst í málflutningi árin 2009-2014. Hann hefur því verið stundakennari í tvö ár.

Guðmundína Ragnarsdóttir hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt annarri kennslu.

Guðmundur Örn Guðmundsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt annarri kennslu.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt annarri kennslu.

Hákon Þorsteinsson hefur starfað sem stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst frá árinu 2015, í fjármunarétti og inngangi að réttarfari. Hann var prófdómari við sömu lagadeild og lagadeild Háskólans í Reykjavík 2017. Hann hefur því verið stundakennari í tvö ár.

Helgi Sigurðsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1994-2011 en umfang kennslunnar var mismikið eftir árum. Kennsluvið hans var einkum féлага- og verðbréfamarkaðsréttur. Hann hefur verið leiðbeinandi við ritun meistararitgerða og sinnt stundakennslu hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Hann hefur því verið stundakennari í 17 ár.

Hrannar Már Hafberg hefur sinnt kennslu við lagadeild Háskólans á Akureyri frá árinu 2009 en árin 2009-2011 var hann aðjúnkt við deildina. Þá var hann stundakennari í réttarheimspeki við lagadeild Háskóla Íslands árin 2009-2010. Hann hefur jafnframt verið leiðbeinandi nemenda við ritun lokaritgerða í BA- og meistaranámi við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Hann hefur því verið stundakennari, þ.m.t. í stöðu aðjúnkts, í átta ár.

Indriði Þorkelsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt öðrum akademískum störfum en á árunum 1994-1999 annaðist hann og hafði umsjón með kennslu og prófum í kauparétti á námskeiðum sem haldin voru til undirbúnings löggildingu fyrir bifreiðasala.

Ingiríður Lúðvíksdóttir hefur ekki kennt á háskólastigi en hefur fengist við kennslu fyrir starfsmenn dómstólanna og fjallað um sáttamiðlun á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda.

Jón Þór Ólason hefur sinnt kennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá haustinu 2001, fyrst sem stundakennari frá september 2001 til september 2005, síðar aðjúnkt til desember 2007 og loks sem lektor í hálfu starfi frá janúar 2008. Kennslusvið hans er refsiréttur. Auk þess hefur hann verið prófdómari í lokaverkefnum við Lögregluskólann og Endurmenntun Háskóla Íslands. Hann hefur því gegnt stöðu við háskóla í 50% starfi í níu ár. Hann hefur að auki verið stundakennari, þ.m.t. í stöðu aðjúnkts, í sjö ár.

Jónas Jóhannsson sinnti stundakennslu í alþjóðlegum einkamálarétti við Háskólann í Reykjavík 2005-2006. Hann hefur flutt fyrirlestra við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Hann hefur því sinnt stundakennslu í um það bil eitt ár.

Magnús Guðlaugsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt öðrum akademískum störfum.

Nanna Magnadóttir hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt öðrum akademískum störfum.

Ólafur Freyr Frímannsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands og sinnti kennslu í réttarfari á árunum 2008-2014. Hann hefur því sinnt stundakennslu í sjö ár.

Pétur Dam Leifsson starfaði við Háskólann á Akureyri sem lektor frá 2005-2009, þar af í hlutastarfi frá 2007, og sem dósent frá 2009-2013. Hann starfaði sem lektor við Háskóla Íslands frá 2007-2008 og sem dósent frá 2009. Sem lektor og dósent hefur hann haft umsjón með námskeiðum, kennt á mörgum námskeiðum, einkum í þjóða- og Evrópurétti og leiðbeint í ritgerðum. Áður hafði hann verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í fimm ár og eftir það einnig við Háskólann á Bifröst í

sex ár. Hann hefur því gegnt stöðu við háskóla að aðalstarfi í rúm 12 ár og í stundakennslu í fimm ár.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir hefur frá árinu 2014 gegnt stöðu lektors við Háskólann á Akureyri. Sem lektor hefur hún haft umsjón með námskeiðum, kennt á mörgum námskeiðum, einkum þjóðarétt og Evrópurétt. Hún hafði áður annast stundakennslu við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands 2013-2014. Hún hefur því gegnt stöðu við háskóla að aðalstarfi í rúm þrjú ár en hafði áður sinnt stundakennslu í eitt ár. Þá hefur hún verið prófdómari við lagadeildir Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst.

Sigurður Jónsson hefur hvorki fengist við kennslu á háskólastigi né fengist við önnur akademísk störf.

Sonja María Hreiðarsdóttir hefur hvorki sinnt kennslu á háskólastigi né öðrum akademískum störfum. Hún hefur kennt á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda. Að auki hefur hún kennt á ýmsum námskeiðum hjá fyrirtækjum og félagasamtökum, þ.á m. um sáttamiðlun.

Sólveig Ingaðóttir hefur ekki fengist við kennslu á háskólastigi en fékkst við kennslu fyrir starfsmenn dómstólanna 2014.

Stefán Erlendsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt öðrum akademískum störfum.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt öðrum akademískum störfum.

Tómas Hrafn Sveinsson var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2009-2013 og aðjúnkt við sömu deild frá 2013. Kennslusvið hans er bótaréttur og hann hefur verið leiðbeinandi við ritun BA- og MA-ritgerða. Hann sinnti stundakennslu við Endurmenntun Háskóla Íslands 2014-2015. Hann hefur því verið stundakennari, þ.m.t. í stöðu aðjúnkts, í átta ár.

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né sinnt öðrum akademískum störfum.

Valborg Steingrímsdóttir var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2010-2011. Kennslusvið hennar var umhverfis- og auðlindaréttur. Hún hefur því verið stundakennari í tvö ár.

Þór Hauksson Reykdal var stundakennari við Háskólann á Akureyri 2012-2015 þar sem hann kenndi skattarétt. Hann hefur því verið stundakennari í þrjú ár.

Þórhildur Líndal hefur ekki fengist við kennslu á háskólastigi en kenndi á námskeiði fyrir starfsmenn dómstólanna 2014.

Þórir Örn Árnason var stundakennari í samninga- og skjalagerð við Háskólann í Reykjavík 2002-2003.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Við mat á umsækjendum er lagt til grundvallar að þeir sem hafa gegnt akademísku starfi að aðalstarfi hafi reynslu af öllum þáttum starfsins. Við mat á stundakennslu er horft til ábyrgðar á námskeiðum eða hluta þeirra, umfangs kennslu og tímalengdar.

Með vísan til framangreinds stendur *Pétur Dam* fremstur hvað þennan þátt hæfnismats varðar. Næstur honum stendur *Arnar Þór*. Þá koma *Ástráður* og *Jón Þór* og verður ekki gert upp á milli þeirra tveggja. Næst kemur *Ragnheiður Elfa* og því næst koma *Arnaldur*, *Ásgerður*, *Bergþóra*, *Bjarnveig*, *Helgi* og *Tómas Hrafn* en ekki þykir ástæða til að gera greinarmun á þeim. Því næst koma *Hrannar* og *Ólafur Freyr* og verður ekki greint á milli þeirra. Næst koma *Auður Björg* og *Daði jafnsett* en svo *Þór*. Loks koma *Ásgeir*, *Guðfinnur*, *Hákon*, *Jónas* og *Valborg*. Á eftir þeim koma *Sonja María* og *Ingiríður* jafnar. Aðrir umsækjendur, 16 talsins, standa framantöldum að baki í þessum þætti hæfnismats en þau eru *Anna Mjöll*, *Ásbjörn*, *Brynjólfrur*, *Guðmundína*, *Guðmundur Örn*, *Gyða Ragnheiður*, *Indriði*, *Magnús*, *Nanna*, *Sigurður*, *Sólveig*, *Stefán*, *Stefanía*, *Unnsteinn Örn*, *Þórhildur* og *Þórir Örn*.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Anna Mjöll Karlsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði.

Arnaldur Hjartarson gaf út bókina „Evrópskur bankaréttur – og áhrif hans á íslenskan rétt“ og er hún ritrýnd. Hann hefur skrifað hátt í tíu ritrýndar fræðigreinar og bókarkafla, sumt með öðrum, og hefur stundað rannsóknarstörf. Hann hefur

jafnframt gefið út óritýndar greinar og sinnt ritstjórástörfum, m.a. fyrir Fons Juris, og haldið um tíu fyrirlestra um lögfræðileg málefni við ýmis tilefni.

Arnar Þór Jónsson gaf út bókina „Lög og samfélag“ en bókin var ritýnd. Hann hefur jafnframt birt ríflega tíu ritýndar fræðigreinar, einkum á sviði réttarheimspeki. Hann hefur einnig gefið út óritýndar greinar og verið ritstjóri Tímarits Lögréttu frá árinu 2014. Hann hefur haldið fyrirlestra við ýmis tilefni.

Auður Björg Jónsdóttir hefur ritað tvær greinar í lögfræði og er önnur þeirra ritýnd. Þá hefur hún tvisvar sinnum flutt erindi á Þjóðarspeglinum.

Ásbjörn Jónasson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnaðar bækur né greinar í lögfræði.

Ásgeir Jónsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnaðar bækur né greinar í lögfræði.

Ásgerður Ragnarsdóttir hefur skrifað tvær ritýndar fræðigreinar ásamt meðhöfundum og einn kafla í alþjóðlegu tímariti í eigna- og umhverfisrétti. Hún hefur flutt nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni á opinberum vettvangi. Þá hefur hún setið í ritstjórn tímaritsins Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu frá árinu 2013, ritnefnd Afmælisrits Hæstaréttar frá lokum árs 2016 og ritýnnefnd vefrits Úlfljóts frá maí 2017.

Ástráður Haraldsson hefur ritað þrjár tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni sem birtust áður en ritýni var almennt tekin upp. Þá getur hann um ríflega tíu erindi og framsögur af sama toga.

Bergþóra Ingólfssdóttir hefur ritað eina ritýnda fræðigrein, hefur starfað að rannsóknaverkefni og flutt fjóra fræðilega fyrirlestra.

Bjarnveig Eiríksdóttir hefur ritað eina grein um lögfræðileg málefni ásamt meðhöfundum. Hún hefur skrifað blaðagreinar og haldið fjölmarga fyrirlestra og námskeið, einkum á sviði EES-réttar og sem formaður endurskoðendaráðs.

Brynjólfur Hjartarson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnaðar bækur né greinar í lögfræði.

Daði Kristjánsson hefur ritað eina ritýnda grein í norrænt lögfræðitímarit ásamt meðhöfundum.

Guðfinnur Stefánsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði.

Guðmundína Ragnarsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði.

Guðmundur Örn Guðmundsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði.

Hákon Þorsteinsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði.

Helgi Sigurðsson hefur ritað eina ritrýnda grein í lögfræðitímarit og tvær óritrýndar. Hann var ritstjóri Ármannsbókar.

Hrannar Már Hafberg hefur skrifað eina óritrýnda grein og hefur setið í ritrýnnefnd Lögfræðings frá árinu 2009. Að auki hefur hann flutt fyrirlestra tengda ýmsum lögfræðilegum álitamálum.

Indriði Þorkelsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði.

Ingiríður Lúðvíksdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði.

Jón Þór Ólason hefur birt sex óritrýndar fræðigreinar en ein birtist áður en ritrýni var almennt tekin upp. Hann hefur flutt fjölda fyrirlestra á ráðstefnum og málþingum.

Jónas Jóhannsson hefur skrifað tvær greinar í lögfræði, þar af er önnur ritrýnd og hin birtist áður en ritrýni var almennt tekin upp. Auk þess hefur hann ritað tvo pistla. Hann hefur haldið nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni.

Magnús Guðlaugsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnar bækur né greinar í lögfræði. Hann hefur flutt nokkuð marga fyrirlestra hjá félagasamtökum um einstök svið lögfræðinnar.

Nanna Magnadóttir hefur birt eina grein í lögfræðitímariti og haldið nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni hérlendis og erlendis. Á árunum 2009-2010 var hún meðritstjóri *Balticness*, tímarits Eystrasaltsráðsins.

Ólafur Freyr Frímannsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði en hann sat í stjórn Bókaútgáfunnar Codex 2007-2014.

Pétur Dam Leifsson gaf út ritið „Þjóðaréttur“ árið 2011 ásamt meðhöfundum og var það ritrynt. Umsækjandinn var aðalhöfundur stórs hluta bókarinnar. Hann hefur einnig ritað ríflega tuttugu ritryndar greinar og bókarkafli. Hann hefur jafnframt gefið út óritryndar greinar og haldið fyrirlestra við ýmis tilefni hérlendis og erlendis.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir hefur ritað fimm greinar um lögfræði og eru tvær ritryndar. Hún hefur einnig haft umsjón ásamt öðrum með útgáfu og þýðingu Genfarsamninganna á íslensku. Þá hefur hún flutt nokkur erindi um lögfræðileg álitafni.

Sigurður Jónsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði.

Sonja María Hreiðarsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði en hefur haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni m.a. hjá ýmsum fyrirtækjum og félagasamtökum.

Sólveig Ingadóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði.

Stefán Erlendsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði.

Tómas Hrafn Sveinsson hefur ritað tvær greinar um lögfræðileg málefni og var önnur þeirra ritrynd. Hann hefur haldið fræðilega fyrirlestra.

Unnsteinn Örn Elvarsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði.

Valborg Steingrímsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði. Þó flutti hún erindi á Háskólasetri Vestfjarða um nýtingu auðlinda vatnsbotnsins.

Þór Hauksson Reykdal tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefna bækur né greinar í lögfræði.

Þórhildur Líndal tilgreinir hvorki í umsókn sinni útgefnaðar bækur né greinar í lögfræði.

Þórir Örn Arnason er höfundur bókarinnar „Samningar og skjöl“.

5.5.2.1. *Útgefnaðar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður*

Eins og að framan greinir er við mat í þessum þætti fyrst og fremst horft til ritrýnds efnis og framlags til lögfræðinnar sem fræðigreinar, fjölda greina og bóka eða bókarkafla. Efni er að meginstefnu til metið einu sinni, jafnvel þótt það hafi verið gefið út eða kynnt á fleiri en einum vettvangi. Þá eru greinar byggðar á námsritgerðum ekki metnar sérstaklega nú, fremur en áður.

Með vísan til framangreinds stendur *Pétur Dam* framur öðrum umsækjendum í þessum þætti. Á eftir honum koma *Arnaldur* og *Arnar Þór* og verður ekki gert upp á milli þeirra. Þeir hafa ritað bækur og fjölda ritrýndra fræðigreina, að hluta ásamt öðrum, og með því lagt umtalsvert til íslenskrar lögfræði. Næst þeim koma *Ásgerður*, *Ástráður*, *Jón Þór* og *Ragnheiður Elfa* sem öll hafa birt greinar sem eru framlag til fræðanna. Svo koma *Helgi* og *Jónas* en þótt framlag þeirra sé að ýmsu leyti ólíkt er ekki hægt að gera greinarmun milli þeirra. Þá koma *Auður Björg*, *Bergþóra*, *Daði* og *Tómas Hrafn* sem hvert um sig hefur gefið út eina ritrýnda grein og *Þórir Örn*, sem gefið hefur út bók, og verður ekki gert upp á milli þeirra. Næst kemur *Nanna* með eina grein. Loks hafa *Bjarnveig* og *Valborg* hvor um sig gefið út grein ásamt meðhöfundum. Aðrir umsækjendur tilgreina ekki störf af þessum toga en þeir eru *Anna Mjöll*, *Ásbjörn*, *Ásgeir*, *Brynjólfur*, *Guðfinnur*, *Guðmundína*, *Guðmundur Örn*, *Gyða Ragnheiður*, *Hákon*, *Hrannar*, *Indriði*, *Ingiríður*, *Magnús*, *Ólafur Freyr*, *Sigurður*, *Sonja María*, *Sólveig*, *Stefán*, *Stefanía*, *Unnsteinn Örn*, *Þór* og *Þórhildur*.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Anna Mjöll Karlsdóttir var staðgengill yfirborgarfégeta og síðar sýslumanns í um það bil 13 ár og framkvæmdastjóri dómstólaráðs í rúm tvö ár. Þá hefur hún sinnt stjórnunarstörfum hjá Fjármálaeftirlitinu, fyrst í tvö ár sem aðstoðarframkvæmdastjóri eftirlitssviðs og staðgengill framkvæmdastjóra en síðan sem yfirlögfræðingur í fimm ár.

Arnaldur Hjartarson hefur starfað sem aðstoðarmaður við EFTA-dómstólinn síðan í september 2015 og hann áætlað að um 20% starfa hans þar teljist til stjórnunar. Hann hefur setið í stjórn Réttarhagfræðifélags Íslands frá desember 2016.

Arnar Þór Jónsson var einn af eigendum lögmannsstofunnar Réttar ehf. 2007-2012 og sinnti að verulegum hluta stjórnunarstörfum þar. Hann var settur skrifstofustjóri Hæstaréttar Íslands í tvo mánuði 2014. Hann hefur jafnframt gegnt formennsku í starfsmenntunarsjóði dómara í rúmt ár og sat í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga 1998-2004. Þá hefur hann sem fastur starfsmaður lagadeildar Háskólans í Reykjavík tekið þátt í stjórnun deildarinnar.

Auður Björg Jónsdóttir hefur verið formaður kærunefndar húsamála frá árinu 2013. Hún sat í stjórn ALM verðbréfa hf. frá árinu 2010 til loka árs 2014 og Félags kvenna í lögmennsku frá 2010-2013 en hún gegndi þar formennsku frá 2012.

Ásbjörn Jónasson hefur ekki sinnt stjórnunarstörfum.

Ásgeir Jónsson gegndi starfi gjaldheimtustjóra Suðurnesja í tvö og hálf ár og rak eigin lögfræðistofu í tæp 15 ár. Hann sat í stjórn Háskólabíós 1985-1987 og var formaður umsjónarnefndar fólksbifreiða á Suðurnesjum frá 1999-2002.

Ásgerður Ragnarsdóttir hefur verið meðeigandi á lögmannsstofunni LEX frá janúar 2012 og hefur átt sæti í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá 2009. Þá hefur hún gegnt starfi formanns í nokkrum málum hjá kærunefnd útboðsmála.

Ástráður Haraldsson hefur staðið að rekstri lögmannsstofu í 25 ár. Þá fylgdu störfum hans fyrir Alþýðusamband Íslands einnig stjórnunarverkefni. Umsækjandinn getur í umsókn um störf sem skiptastjóri í mjög stórum þrotabúum, t.d. Mikligarði hf., Nýsi hf., Sögu-Capital hf. og Landic Property hf. Í einhverjum tilvikum tóku skipti jafnvel mörg ár. Hann var formaður landskjörstjórnar 2009-2011 og yfirkjörstjórnar Reykjavíkur 2006.

Bergþóra Ingólfssdóttir sat í stjórn Félags kvenna í lögmennsku frá 2006-2007 og aftur 2010-2012. Hún hefur verið varaformaður í úrskurðarnefnd um ólögmetan sjávarafla frá 2014 og var formaður úrskurðarnefndar félagsþjónustu- og húsnæðismála frá 2012-2015. Loks hefur hún í tvígang verið kjörin til setu í hverfiskjörstjórn og var kjörin aðalmaður í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður vegna kosninga til Alþingis 2017.

Bjarnveig Eiríksdóttir hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá árinu 2007. Frá 1996-2003 var hún staðgengill skrifstofustjóra á lagaskrifstofu ESA í Brussel. Hún hefur verið formaður málskotsnefndar LÍN frá árinu 2010, var formaður endurskoðendaráðs 2009-2013 og varamaður í stjórn ESA 2007-2013. Þá sat hún í stjórn Félags kvenna í lögmennsku 2008-2009.

Brynjólfur Hjartarson hefur ekki reynslu af stjórnunarstörfum.

Daði Kristjánsson hefur verið í stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma frá október 2015 og formaður Ákærendafélags Íslands frá desember 2015 til nóvember 2017 en hann var varaformaður félagsins frá 2010-2015 og meðstjórnandi frá 2007-2009. Þá sat hann í stjórn Félags löglærðra fulltrúa ákærvalds frá október 2004-2007.

Guðfinnur Stefánsson var yfirmaður hraðsendingardeildar UPS á Íslandi hjá TVG Zimsen 2000-2003.

Guðmundína Ragnarsdóttir hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá upphafi árs 2011 en á árunum 2005 til 2010 starfaði hún sem framkvæmdastjóri Kollektá hf. Hún var varaformaður Golfklúbbsins Odds á Urriðavelli í rúm átta ár, en varaformaður aganefndar klúbbsins og var formaður kvennanefndar klúbbsins í næstum átta ár. Hún er jafnframt formaður aganefndar Golfsambands Íslands.

Guðmundur Örn Guðmundsson hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá febrúar 1995 og verið framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Opinn hugur ehf. frá árinu 2005 en lítil starfsemi er í félaginu.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir var varaformaður Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara árin 2013-2014 og formaður félagsins árin 2015-2016.

Hákon Þorsteinsson er formaður Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara.

Helgi Sigurðsson var um árabil framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings hf. og síðar Kaupþings banka hf. Hann stýrði þess á milli öðrum sviðum þessara fjármálafyrirtækja og loks lögfræðisviði Arion banka hf. Þar fór hann með stjórnun og mannaforráð. Hann rak lögmennsstofu ásamt öðrum 1995-1998 og frá 2011 sem einn af eigendum Lagastoðar ehf. Umsækjandinn hefur á tímabilinu 2000-2009 setið í stjórn 11 nafngreindra félaga, ýmist sem formaður stjórnar, stjórnarmaður eða varamaður í stjórn.

Hrannar Már Hafberg var formaður rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna 2012-2014. Um tíma starfaði á sjötta tug manna fyrir nefndina en formaður stýrði verkefnum hennar. Hann gegndi stöðu yfirlögfræðings hjá Fiskistofu 2015-2017. Hann var varaformaður Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara árin 2008-2011 en formaður þess árin 2011-2013. Þá átti hann sæti í stjórn Félags áhugamanna um heimspeki 2006-2009 og í stjórn Heimspekistofnunar Háskóla Íslands 1998-1999.

Indriði Þorkelsson var sjálfstætt starfandi lögmaður 1985-1999 og hefur nokkrum sinnum tekið að sér fundarstjórn á aðalfundum hlutafélaga og annarra félaga.

Ingríður Lúðvíksdóttir gegndi starfi skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur frá ágúst 2005 til mars 2006 og var varaformaður áfrýjunarnefndar neytendamála í níu ár, frá 2005 til 2014.

Jón Þór Ólason er skipaður varamaður í stjórn fiskræktarsjóðs. Hann hefur setið í stjórn rannsóknarstofu í refsirétti og afbrotafræði við Lagastofnun Háskóla Íslands frá 2007. Á meðan hann starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu gegndi hann formennsku í átta nefndum og einum starfshópi á vegum ráðuneytisins.

Jónas Jóhannsson var dómstjóri Héraðsdóms Vestfjarða í rúm sex ár frá 1992-1998. Auk þess var hann forseti Íslendingafélagsins í Belgíu árin 2010-2015.

Magnús Guðlaugsson hefur rekið eigin lögmannsstofu í um 30 ár.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í rúmt hálf tugi ára. Hún var aðstoðarforstöðumaður og síðar forstöðumaður skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó í sem næst þrjú ár. Þá stýrði hún svæðisáætlun UNIFEM í Serbíu í rúmlega eitt og hálf tugi ára. Hún var formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð. Þá hefur hún gegnt starfi forstöðumanns og formanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í tæp fjögur ár.

Ólafur Freyr Frímannsson sat í stjórn Bókaútgáfunnar Codex á árunum 2007-2014.

Pétur Dam Leifsson var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í afleysingum sumarið 2004. Hann hefur verið formaður rannsóknarnámsnefndar lagadeildar Háskóla Íslands í þrjú ár. Hann var formaður siðanefndar Háskólans á

Akureyri í þrjú ár og brautarstjóri laganáms þar árin 2005-2007. Þá hefur stjórnun verið fastur þáttur í starfi hans sem fastráðins háskólakennara. Hann var varaformaður kærunefndar útlendingamála í um eitt og hálf ár frá 2016-2017 og leysti jafnframt formann nefndarinnar af í nokkrar vikur árið 2016. Auk þess var hann í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi árin 2006-2007.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir var yfirlögfræðingur í umhverfissráðuneytinu 1995-1998, staðgengill sendiherra í Sendiráði Íslands í Brussel 2008-2009 og formaður samningahóps um byggðamál 2009-2013. Þá hefur hún verið í stjórn Alþjóðlegu tónlistarakademiunnar í Hörpu og formaður stjórnar bókaútgáfunnar Bjarts og Veraldar frá árinu 2013. Auk þess hefur hún setið í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar frá 2015. Þá hefur stjórnun verið fastur þáttur í starfi hennar sem fastráðins háskólakennara, þar að auki hefur hún verið brautastjóri framhaldsnáms í lögfræði við Háskólann á Akureyri frá árinu 2015.

Sigurður Jónsson var starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi 1988-1989 og hefur stofnað og staðið fyrir rekstri þriggja lögmannsstofa þar sem hann hefur haft mannaforráð. Hann var stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. árin 2001-2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi árin 2005-2010 og hefur verið stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá árinu 2009.

Sonja María Hreiðarsdóttir rak eigin lögmannsstofu frá 2007-2016. Hún sat í stjórn fræðslu- og símenntunarsjóðs Eflingar og ríkisins 2001-2006, í stjórn Ríkismenntar 2005-2006 og var stjórnarmaður í Bankasýslu ríkisins 2009-2011.

Sólveig Ingadóttir sat í stjórn félags löglærðra aðstoðarmanna dómara 2011-2015, fyrst sem varaformaður og síðar sem formaður. Nú er hún varaformaður félagsins.

Stefán Erlendsson hefur gegnt stjórnunarstörfum hjá Vegagerðinni frá árinu 1997. Frá 1997-2004 var hann forstöðumaður lögfræði- og starfsmannadeildar, frá 2004-2016 forstöðumaður lögfræðideildar og framkvæmdastjóri stoðsviðs 2016-2017.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir sat þrisvar í hverfiskjörstjórn 1994-1998, tvisvar við sveitarstjórnarkosningar og einu sinni við alþingiskosningar.

Tómas Hrafn Sveinsson hefur verið eigandi að tveimur lögmannsstofum, samtals í tæp þrjú ár. Hann hefur verið formaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá nóvember 2015 og hefur setið í yfirkjörstjórnnum í þrennum kosningum, þ.e. borgarstjórnarkosningum, forsetakosningum og alþingiskosningum.

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur rekið eigin lögmannsstofu frá september 2013. Hann rak jafnframt Fasteignasöluna Akur ehf. í um eitt ár frá 2016-2017.

Valborg Steingrimsdóttir sat í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga 2013-2017.

Þór Hauksson Reykdal hefur starfað sem forstöðumaður hjá Vinnumálastofnun frá árinu 2016.

Þórhildur LINDAL hefur þrisvar setið í hverfiskjörstjórn, við forsetakosningar 2016 og alþingiskosningar 2016 og 2017.

Þórir Örn Árnason starfaði sem deildarstjóri í eftirlitsdeild hjá skattstjóranum á Reykjanesi 1996-1997 og var sjálfstætt starfandi lögmaður 1999-2005. Hann var forstöðumaður lögfræðiinnheimtu og fullnustueigna Íslandsbanka 2005-2015 og 2015-2016 var hann sjálfstætt starfandi lögmaður og ráðgjafi. Hann hefur frá árinu 2016 rekið Myntu ehf., lögmannsstofu og innheimtufyrirtæki. Þá var hann varaformaður knattspyrnudeildar Fylkis 2004-2007 og varaformaður aðalstjórnar Fylkis 2010-2013.

5.6.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti er um að ræða samanburð á reynslu umsækjenda af viðfangsefnum af margvíslegum toga. Þar reynir á að veða saman tímalengd, vægi viðfangsefnanna og það að í mjög mörgum tilvikum eru þau unnin samhliða öðru starfi og einnig innan sama tímaramma.

Að því gættu er það mat dómnefndarinnar að *Helgi* standi framur öðrum umsækjendum í þessum þætti hæfnismats. Á eftir honum koma jöfn *Anna Mjöll*, *Nanna* og *Þórir Örn*. Næst koma *Arnar Þór*, *Ástráður*, *Guðmundína*, *Guðmundur Örn*, *Hrannar* og *Stefán* og er ekki gert upp á milli þeirra. Á eftir þeim kemur *Tómas Hrafn*. Þar á eftir koma *Auður Björg*, *Ásgeir*, *Bergþóra*, *Bjarnveig*, *Jónas*, *Magnús*, *Pétur Dam*, *Ragnheiður Elfa*, *Sigurður* og *Sonja María* og eru þau jafnsett. Í kjölfarið koma jöfn *Arnaldur*, *Ásgerður*, *Daði*, *Guðfinnur*, *Ingiríður*, *Jón Þór* og *Þór*. Aðrir umsækjendur hafa

litla eða enga stjórnunarreynslu en það eru *Ásbjörn, Brynjólfur, Gyða Ragnheiður, Hákon, Indriði, Ólafur Freyr, Sólveig, Stefanía, Unnsteinn Örn, Valborg* og *Þórhildur* og þykir ekki ástæða til að gera upp á milli þeirra.

5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Anna Mjöll Karlsdóttir sat í nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins árin 2014-2015 sem samdi frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Arnaldur Hjartarson var skipaður í þriggja manna sérfræðingahóp stjórnarskrárnefndar í apríl 2015. Hópnum var falið að semja tillögu að stjórnarskrárbreytingu varðandi meðferð valdheimilda ríkisins í samstarfi við aðrar þjóðir ásamt því að veita stjórnarskrárnefnd ráðgjöf á þessu sviði. Haustið 2014 sat umsækjandinn í nefnd sem ætlað var að endurskoða lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu og semja frumvarp til breytinga á þeim lögum. Árin 2008-2009 sat umsækjandinn í nefnd viðskiptaráðherra sem falið var að semja frumvarp til laga um ökutryggingar sem kæmi í stað XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987.

Arnar Þór Jónsson starfaði sem staðgengill regluvarðar hjá Íslandsbanka frá vormánuðum og fram á haust 2005. Hann sat í laganefnd BHM 1999-2000 og í jafnréttisnefnd BHM 2000-2002.

Auður Björg Jónsdóttir hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Ásbjörn Jónasson sat í nefnd á vegum dómstólaráðs á árinu 2013 sem samdi tillögum um siðareglur fyrir starfsmenn héraðsdómstóla.

Ásgeir Jónsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Ásgerður Ragnarsdóttir tók meðal annars þátt í undirbúningi að endurskoðun laga nr. 6/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð, sbr. lög nr. 101/2016, og var ritari refsiréttarnefndar á árunum 2006-2007. Þá var hún meðhöfundur að álitsgerð um réttinn til þess að fella ekki á sig sök sem fylgdi skýrslu nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum 2006.

Ástráður Haraldsson vann ásamt öðrum frumvarp til breytinga á vatnalögum nr. 15/1923. Hann tók einnig þátt í undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur ASÍ og ráðgjafi fjármálaráðherra 2009-2013. Hann var í samráðsnefnd Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar 1995-2000.

Bergþóra Ingólfssdóttir hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýttast dómaraefni.

Bjarnveig Eiríksdóttir var í nefnd um málefni endurskoðenda sem fór yfir lög og reglur sem gilda um endurskoðendur og skilaði skýrslu í janúar 2011. Þá sat hún í nefnd sem kannaði lögmati kaupa Magma á eignarhlutum í HS Orku. Nefndin skilaði skýrslu í september 2010. Þá situr hún einnig í sérfræðingahópi FreSsko sem vinnur sem verktaki fyrir framkvæmdastjórn ESB.

Brynjólfur Hjartarson var skipaður eftirlitsmaður innanríkisráðuneytisins með talnagetraunum Íslenskrar getspár frá apríl 2011 til febrúar 2017.

Daði Kristjánsson var í samráðshópi um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins sem skilaði ráðherra tillögu um aðgerðir 2016. Hann var í nefnd 2015 um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 62/2016 um breytingar á lögreglulögum. Hann var 2013 í starfshópi til að undirbúa tillögur til innanríkisráðherra um verklagsreglur sem varða m.a. réttarstöðu lögreglumanna og fangavarda, réttindi brotaþola o.fl. Umsækjandinn sat 2011 í vinnuhópi um gerð reglna um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála og var fulltrúi í starfshópi sem var skipaður til að semja frumvarp að lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Enn má telja að hann var fulltrúi í vinnuhópi ríkislögreglustjórans vegna umbóta og viðhalds á lögreglukerfinu LÖKE frá febrúar 2008 til ársloka 2011. Meðal félagsstarfa hans má nefna að hann var formaður Ákærendafélags Íslands frá desember 2015, varaformaður 2010-2015 og meðstjórnandi frá 2007-2009.

Guðfinnur Stefánsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýttast dómaraefni.

Guðmundína Ragnarsdóttir hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýttast dómaraefni.

Guðmundur Örn Guðmundsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir hefur á vegum dómstólaráðs unnið við leiðbeiningar fyrir dómkvadda matsmenn.

Hákon Þorsteinsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Helgi Sigurðsson starfaði í upphafi með nefnd sem samdi frumvarp til laga um verðbréfiðskipti, sbr. lög nr. 33/2003, og einnig með nefnd 2007-2008 sem samdi tillögur til breytinga á þeim lögum. Hann hefur starfað með fjórum nefndum sem átt hafa hlut að setningu eða breytingu á lögum um málefni á sviði fjármálastarfsemi og sat í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki 2002-2008.

Hrannar Már Hafberg hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Indriði Þorkelsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Ingiríður Lúðvíksdóttir hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Jón Þór Ólason gegndi áfram störfum fyrir dómsmálaráðuneytið, eftir starfslok, í ýmsum alþjóðlegum nefndum tengdum alþjóðlegri réttaraðstoð til ársins 2007, auk þess sem hann sat í happdrættisráði SÍBS til 2009.

Jónas Jóhannsson var fulltrúi Dómarafélags Íslands 2002-2012 á Haag-ráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt vegna framkvæmdar Haag-samningsins um einkaréttarleg áhrif af brotnámi barna til flutnings milli landa og stofnmeðlimur í The International Hague Network of Judges. Hann var og fulltrúi Dómarafélagsins í samnorrænni nefnd á sviði fjölskylduréttar árin 2003-2008.

Magnús Guðlaugsson getur ekki um tiltekin atriði sem varða þennan lið.

Nanna Magnadóttir hefur tekið þátt í vinnu við ýmiss konar reglur í störfum sínum, m.a. fyrir UNIFEM. Frá janúar 2005 til apríl 2006 starfaði hún á skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó sem aðstoðarforstöðumaður og lögfræðilegur ráðgjafi. Eftir það tók hún við starfi forstöðumanns og ráðgjafa svæðisáætlunar UNIFEM fyrir

Suðaustur-Evrópu í Serbíu í rúmlega eitt og hálf ár. Hún starfaði síðan aftur fyrir Evrópuráðið í Kósóvó í tæplega tvö ár og þá sem forstöðumaður skrifstofu þess. Í framangreindum störfum hennar reyndi m.a. á alþjóðlegar og evrópskar mannréttindareglur og Evrópurétt. Þá starfaði hún í fjögur ár frá 2009 sem aðalráðgjafi Eyrstrasaltsráðsins í Stokkhólmi.

Ólafur Freyr Frímannsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Pétur Dam Leifsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Sigurður Jónsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Sonja María Hreiðarsdóttir hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Sólveig Ingaðóttir hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Stefán Erlendsson sat í starfshópi innanríkisráðuneytisins um endurskoðun reglugerða á samgöngusviði 2013, var ritari nefndar sem samdi frumvarp til nýrra vegalaga 2007, var fulltrúi í nefnd um samningu frumvarps til girðingarlaga 2000 og fulltrúi í nefnd um búfé á vegasvæðum 1998.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir sat sem fulltrúi lögreglustjóra í samráðshópi á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins við samningu frumvarps að lögum nr. 20/2004 um breytingu á lögum um útlendinga. Þá fór hún fyrir starfshópi ríkissaksóknara sem samdi siðareglur fyrir ákærendur.

Tómas Hrafn Sveinsson vann að frumvarpi fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um tollamál 2017 og tók þátt í gerð umsagnar yfirkjörstjórnar Reykjavíkur um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Valborg Steingrímsdóttir starfaði sem lögfræðingur fyrir Stjórnlagaráð um tveggja mánaða skeið árið 2011.

Þór Hauksson Reykdal hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Þórhildur Líndal hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

Þórir Örn Árnason hefur ekki reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni.

5.7.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður*

Reynsla umsækjenda af öðrum störfum er eðli málsins samkvæmt bæði mismikil og afar mismunandi. Við mat verður m.a. að líta til þess hvort umsækjandi hafi unnið störf sem telja verður nytsamlegan undirbúning fyrir dómaraastörf en hafa ekki verið metin að verðleikum í öðrum þáttum mats hér að framan. Með öðrum orðum störf sem unnin eru til viðbótar aðalstarfi. Þar getur verið um að ræða reynslu af lagasetningu, úr alþjóðastarfi á stjórnsýslustigi eða annað.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að *Nanna* standi öðrum framar hvað þennan þátt matsins snertir. Næst henni koma *Daði*, *Helgi* og *Stefán* og verður ekki gert upp á milli þeirra. Því næst *Arnaldur*, *Ásgerður*, *Ástráður* og *Bjarnveig* jafnsett. Þá *Arnar Þór* og *Tómas Hrafn* og verður ekki greint á milli þeirra. Þeim næst standa *Anna Mjöll*, *Jón Þór*, *Jónas* og *Stefanía* og eru þau jafnsett. Þeim næst standa *Ásbjörn*, *Gyða Ragnheiður* og *Valborg* jafnsett og því næst *Brynjólfur*. Aðrir umsækjendur, *Auður Björg*, *Ásgeir*, *Bergþóra*, *Guðfinnur*, *Guðmundína*, *Guðmundur Örn*, *Hákon*, *Hrannar*, *Indriði*, *Ingiríður*, *Magnús*, *Ólafur Freyr*, *Pétur Dam*, *Ragnheiður Elfa*, *Sigurður*, *Sonja María*, *Sólveig*, *Unnsteinn Örn*, *Þór*, *Þórhildur* og *Þórir Örn* hafa ekki reynslu sem telst skipta máli hér.

5.8. *Almenn starfshæfni og andlegt atgerði*

Í 3. tölulíð 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá

kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Enn fremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu tvo meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Dómnefndin tók mið af umsögnum þeirra er umsækjendur höfðu tilnefnt sem meðmælendur. Helgi I. Jónsson, hæstaréttardómari, og Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, gáfu umsögn um Önnu Mjöll Karlsdóttur. Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn, og Þorgeir Örlygsson, forseti Hæstaréttar, gáfu umsögn um Arnald Hjartarson. Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari, og Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Arnar Þór Jónsson. Valtýr Sigurðsson, hrl., og Sigurður Helgi Guðjónsson, hrl., gáfu umsögn um Auði Björgu Jónsdóttur. Hólmfríður Grímsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Barbara Björnsdóttir, varadómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Ásbjörn Jónasson. Bjarni Þór Óskarsson, hrl., og Eiríkur Tómasson, fyrrverandi hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Ásgeir Jónsson. Karl Axelsson, hæstaréttardómari, og Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Ásgerði Ragnarsdóttur. Björn L. Bergsson, hrl., og Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari, gáfu umsögn um Ástráð Haraldsson. Björn L. Bergsson, hrl., og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, gáfu umsögn um Bergþóru Ingólfssdóttur. Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og Ólafur Ólafsson, formaður yfirskattanefndar, gáfu umsögn um Bjarnveigu Ingólfssdóttur. Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, og Ingilín Kristmannsdóttir, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, gáfu umsögn um Brynjólf Hjartarson. Sigríður J. Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari, og Sigríður Elsa Kjartansdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um

Daða Kristjánsson. Allan Vagn Magnússon, fyrrverandi dómstjóri við Héraðsdóm Vesturlands, og Ásgeir Magnússon, dómstjóri við Héraðsdóm Vesturlands, gáfu umsögn um Guðfinn Stefánsson. Hjalti Steinþórsson, hrl., og Þórdís Bjarnadóttir, hrl., gáfu umsögn um Guðmundínu Ragnarsdóttur. Björgvin Jónsson, hrl., og Jón Auðunn Jónsson, hrl., gáfu umsögn um Guðmund Örn Guðmundsson. Dögg Pálsdóttir, hrl., og Kolbrún Sævarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Gyðu Ragnheiði Bergsdóttur. Gunnar Aðalsteinsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness, og Þorgeir Ingi Njálsson, settur umboðsmaður Alþingis, gáfu umsögn um Hákon Þorsteinsson. Gizur Bergsteinsson, hrl., og Kristinn Bjarnason, hrl., gáfu umsókn um Helga Sigurðsson. Helgi I. Jónsson, hæstaréttardómari, og Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, gáfu umsögn um Hrannar Má Hafberg. Lárus L. Blöndal, hrl., og Edda Björk Andradóttir, hrl., gáfu umsögn um Indriða Þorkelsson. Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, og Eggert Óskarsson, fyrrverandi héraðsdómari og varadómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Ingiríði Lúðvíksdóttur. Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Hróbjartur Jónatansson, hrl., gáfu umsögn um Jón Þór Ólason. Gestur Jónsson, hrl., og Helgi I. Jónsson, hæstaréttardómari, gáfu umsögn um Jónas Jóhannsson. Lúðvík Örn Steinarsson, hrl., og Hjalti Steinþórsson, hrl., gáfu umsögn um Magnús Guðlaugsson. Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor og deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands, og Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Nönnu Magnadóttur. Gestur Jónsson, hrl., og Hörður Felix Harðarson, hrl., gáfu umsögn um Ólaf Frey Frímannsson. Barbara Björnsdóttir, varadómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, gáfu umsögn um Pétur Dam Leifsson. Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra, og dr. Lars Gunnar Lundsten, forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri, gáfu umsögn um Ragnheiði Elfu Þorsteinsdóttur. Ólafur Björnsson, hrl., og Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir, hdl., gáfu umsögn um Sigurð Jónsson. Björn Jóhannesson, hrl., og Kolbrún Sævarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Sonju Maríu Hreiðarsdóttur. Hjörtur Ottó Aðalsteinsson, dómstjóri við Héraðsdóm Suðurlands, og Ragnheiður Thorlacius, dómari við Héraðsdóm Suðurlands, gáfu

umsögn um Sólveigu Ingadóttur. Gunnar Gunnarsson, hrl., og Hreinn Haraldsson, forstjóri Vegagerðarinnar, gáfu umsögn um Stefán Erlendsson. Sigríður J. Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari, og Steinunn Guðbjartsdóttir, hrl., gáfu umsögn um Stefaníu Guðrúnu Sæmundsdóttur. Eiríkur Jónsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Kristbjörg Stephensen, fyrrverandi borgarlögmaður, gáfu umsögn um Tómas Hrafn Sveinsson. Jóhanna Sigurjónsdóttir, hdl., og Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari, gáfu umsögn um Unnstein Örn Elvarsson. Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, og Skúli Magnússon, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Valborgu Steingrímsdóttur. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, og Gunnar Karlsson, sviðstjóri einstaklingssviðs RSK, gáfu umsögn um Þór Hauksson Reykdal. Lára Sverrisdóttir, nefndarmaður í úrskurðarnefnd velferðarmála, og Arnfríður Einarsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Þórhildi Líndal. Hörður Felix Harðarson, hrl., og Tómas Sigurðsson, yfirlögfræðingur Íslandsbanka, gáfu umsögn um Þóri Örn Árnason.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem almennt eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum og athugunum nefndarinnar verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi. Í kafla 5.2.1. var metin reynsla af dómstörfum og gerður samánburður á milli umsækjenda. Í því fólst m.a. mat á starfsreynslu, kunnáttu og reynslu í stjórn þinghalda og samningu dóma. Þá hefur verið litið til samningar úrskurða umsækjenda með stjórnslureynslu sem og stefna, greinargerða og álitsgerða

umsækjenda úr hópi lögmanna, sbr. kafla 5.3.1. og 5.4.1. Koma þeir þættir því ekki aftur til skoðunar.

Við mat á kunnáttu/hæfni í réttarfari hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir en reynsla þeirra er aftur á móti mismikil á einstökum sviðum réttarfars. Dómnefnd telur að þegar metið er hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu skipti einkum máli reynsla af dóms- og málflutningsstörfum auk hugsanlegs framlags í formi kennslu, fræðiskrifa eða samningar lagafrumvarpa á sviði réttarfars. Nefndin telur einnig eðlilegt að horfa til reynslu umsækjenda af öðrum sviðum réttarfars. Í einhverjum tilvikum getur verið um að ræða aukastörf samhliða aðalstarfi en aðallega verður horft til reynslu viðkomandi þar sem unnin hafa verið störf þar sem reynir á þekkingu í réttarfari. Við mat á þessum þætti er horft til þess sem fjallað hefur verið um í köflum 5.2.-5.7. að kafla 5.6. undanskildum.

Við mat samkvæmt þessum kafla er tekið tillit til þess hversu mikla reynslu umsækjandi hefur af réttarfari svo og hvort reynsla umsækjandans er takmörkuð við eitt eða tvö svið eða er alhliða. Einnig er horft til þess ef umsækjandi hefur mjög mikla reynslu á ákveðnu sviði.

Að öllu þessu virtu standa *Ásgeir, Ástráður, Daði, Helgi, Indriði, Ingiríður, Jónas* og *Magnús* öðrum umsækjendum frammar í þessum þætti hæfnismatsins og er ekki ástæða til þess að gera upp á milli þeirra. Á eftir þeim koma jafnsett *Anna Mjöll, Arnaldur, Arnar Þór, Auður Björg, Ásbjörn, Ásgerður, Bergþóra, Guðfinnur, Guðmundína, Gyða Ragnheiður, Hákon, Hrannar, Jón Þór, Ólafur Freyr, Pétur Dam, Sigurður, Sonja María, Sólveig, Stefanía, Tómas Hrafn, Unnsteinn Örn, Valborg, Þórhildur* og *Þórir Örn*. Aðrir umsækjendur hafa litla eða smávægilega reynslu af réttarfari en það eru *Bjarnveig, Brynjólfur, Guðmundur Örn, Nanna, Ragnheiður Elfa, Stefán* og *Þór*.

6. Niðurstaða dómnefndar

Eins og ljóst er af framansögðu er markmiðið með störfum núverandi dómnefndar að komast að niðurstöðu um hverjir af 39 umsækjendum séu hæfastir til þess að gegna þeim átta héraðsdómaraembættum sem veita á. Að framan hefur verið

fjallað sérstaklega um þau sjónarmið, sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglna nr. 620/2010, sem settar eru samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998. Sjónarmiðin hafa samkvæmt eðli máls og orðalagi laganna og reglnanna mismunandi vægi innbyrðis, þótt þau séu öll mikilvæg og ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu án tillits til hinna. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 15/1998, reglna nr. 620/2010 og meginreglum stjórnarsýsluréttar ber að reisa niðurstöður mats á heildstæðu mati samkvæmt málefnalegum sjónarmiðum.

Umtalsverður hluti starfs dómnefndar fólst í allitarlegum viðtölum við alla umsækjendur. Ákvæði laga nr. 15/1998, reglna nr. 620/2010, meginreglur stjórnarsýsluréttar og hefðbundið vinnulag dómnefndar a.m.k. frá 2010 krefjast þess að matsþættir sem tilteknir eru í reglum nr. 620/2010 séu greindir af eins mikilli nákvæmni og unnt er. Þrátt fyrir þetta hlýtur matið einnig að byggjast á lögfræðilegri þekkingu nefndarmanna, reynslu þeirra af dómstörfum við dómstóla, í lögmennsku og stjórnarsýslu og dómgreind þeirra. Nefndarmönnum er ljós skylda þeirra til þess að vinna samkvæmt reglunum til þess að allir umsækjendur njóti fullrar sanngirni. Þótt þættir séu metnir samviskusamlega, breytir það því ekki að slíkt mat verður ekki unnið af vélrænni nákvæmni og þýðingarlaust að láta sem svo sé.

Í samræmi við grundvöllinn sem lagður er í lögum nr. 15/1998, reglum nr. 620/2010 og fyrri störf dómnefndar samkvæmt lögnum skiptir mestu máli að umsækjendur hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnarsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig skiptir máli hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi vegur að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar.

Nefndarmenn hafa kynnt sér ítarlega umsóknir, ferilskrár og innsend gögn umsækjenda og er álitid mjög byggt á því sem þar kemur fram. Nefndarmenn telja að

heildstætt mat byggt á málefnalegum sjónarmiðum hljóti að taka mið af því sem um er getið í umsögnum þeirra sem umsækjendur tilgreindu. Ekki er síður mikilvægt og hafði töluvert vægi við matið það sem fram kom í viðtölum við umsækjendur og lýsti viðmóti þeirra, faglegri þekkingu, viðhorfi til lögfræði- og dómstarfa og einlægni í afstöðu til viðfangsefna nú og áður.

Niðurstöðu dómnefndar verður hagað þannig að fyrst verður tekin afstaða til þess hvaða umsækjendur eru taldir hæfastir til þess að vera skipaðir í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, þá hver umsækjenda er talinn hæfastur til þess að verða skipaður í embætti með starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana. Loks verður tekin afstaða til þess hver umsækjenda er talinn hæfastur til þess að verða skipaður í embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólaráðs og jafnframt vera dómstjóri í Héraðsdómi Vestfjarða.

Þeir átta umsækjendur sem dómnefnd metur hæfasta eru í stafrófsröð: Arnar Þór Jónsson, Ásgerður Ragnarsdóttir, Ástráður Haraldsson, Bergþóra Ingólfssdóttir, Daði Kristjánsson, Helgi Sigurðsson, Ingiríður Lúðvíksdóttir og Pétur Dam Leifsson.

Öll hafa þau nema Daði og Bergþóra verið áður metin af dómnefnd, sbr. ummæli í þriðja kafla bls. 10.

Arnar Þór Jónsson lauk meistaraprófi í lögfræði frá enskum háskóla að loknu embættisprófi. Hann á að baki fjölbreyttan feril sem lögmaður, fræðimaður og háskólakennari, auk dómstarfa sem settur héraðsdómari og aðstoðarmaður í Hæstarétti.

Ásgerður Ragnarsdóttir lauk meistaraprófi í lögfræði frá enskum háskóla að loknu embættisprófi. Hún hefur starfað sem lögmaður í veigamiklum dómsmálum, setið í annasömum stjórnisýslunefndum, starfað sem aðstoðarmaður í Hæstarétti og sinnt fræðistörfum og kennslu.

Ástráður Haraldsson á að baki meira en tuttugu og fimm ára farsælan lögmannsferil. Hann sinnti háskólakennslu í föstu hlutastarfi í meira en fimmtán ár.

Bergþóra Ingólfsdóttir á að baki fjölbreyttan lögmannsferil, hefur gegnt formennsku í annasamri stjórnáslunefnd auk þess að sinna kennslustörfum. Þá hefur hún alloft tekið sæti í Félagsdómi.

Daði Kristjánsson lauk prófi frá Lögregluskólanum að loknu embættisprófi í lögfræði. Hann hefur fyrst og fremst sinnt störfum saksóknara, auk þeirra stjórnáslustarfa sem fylgja því starfi. Á saksóknaraferli sínum hefur hann flutt fjölmörg veigamikil sakamál í Hæstarétti.

Helgi Sigurðsson lauk meistaraprófi í lögfræði frá enskum háskóla að loknu embættisprófi. Hann á að baki langan og fjölbreyttan lögmannsferil, verulega stjórnunarreynslu, auk nokkurra kennslu- og fræðistarfa.

Ingiríður Lúðvíksdóttir lauk meistaraprófi í lögfræði frá bandarískum háskóla að loknu embættisprófi. Auk stjórnáslustarfa á fyrstu árunum eftir nám hefur hún átt farsælan dómaraferil. Hún hefur verið settur héraðsdómari nánast óslitið frá 2008.

Pétur Dam Leifsson lauk tveimur meistaraprófum í þjóðarétti að loknu embættisprófi. Hann er mikilvirkur fræðimaður sem hefur getið sér gott orð á því sviði. Umsækjandinn hefur verið háskólakennari að aðalstarfi en að auki starfað í annasamri stjórnáslunefnd og verið settur dómari í röklega eitt ár.

Nefndin var einróma í niðurstöðu sinni um hæfni þeirra umsækjenda um embætti sex dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, sem tilnefndir eru. Um embætti dómara annars vegar með starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur sem sinnir störfum við alla héraðsdómstólana og hins vegar embætti dómara með starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða sem sinnir störfum við alla héraðsdómstólana, eftir ákvörðun dómstólaráðs og er jafnframt dómstjóri í Héraðsdómi Vestfjarða, voru álitamál innan nefndarinnar um hvort gera skyldi upp á milli hæfni þeirra tveggja sem tilnefnd eru og fleiri umsækjenda. Í heildarmati sínu taldi nefndin þó tilgreinda umsækjendur hæfasta til að gegna þeim embættum sem um ræðir og er niðurstaða nefndarinnar í samræmi við það.

Afgreiðsla umsagnar hefur dregist nokkuð, einkum vegna fjölda umsækjenda.


Ályktarorð:

Þeir umsækjendur sem dómnefnd metur hæfasta til þess að verða skipaðir í embætti við Héraðsdóm Reykjavíkur eru í stafrófsröð: Arnar Þór Jónsson, Ásgerður Ragnarsdóttir, Ástráður Haraldsson, Daði Kristjánsson, Helgi Sigurðsson og Ingiríður Lúðvíksdóttir.

Sá umsækjandi sem metinn er hæfastur til þess að verða skipaður í embætti með starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana er Pétur Dam Leifsson.

Sá umsækjandi sem metinn er hæfastur til þess að verða skipaður í eitt embætti dómara sem hafa mun starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólaráðs og jafnframt vera dómstjóri í Héraðsdómi Vestfjarða er Bergþóra Ingólfssdóttir.

Reykjavík 21. desember 2017




Jakob R. Möller




Guðrún Björk Bjarnadóttir



Kristín Benediktsdóttir



Ragnheiður Harðardóttir



Ragnhildur Helgadóttir